Sauðár - Sauðárkrókshreppur
Skarðshreppur

Sáttabók

1899-1937

VBK

## 1. mál.

Þar eð tómthúsmaður Friðrik Árnason hér á staðnum er uppvís að því að hafa vísvitandi þann 17. þ. m. á sjó tvískorið í sundur línuás á fiskilóð minni, afskorið tauma og öngla og hirt þann fisk eða dregið undir sig, sem hann þannig gat náð í, — þá leyfi ég mér hérmeð, — þar sem nefndur Friðrik Árnason ekki vill fúsviljuglega bæta mér skaða þann, sem hann hefur gjört mér með þessum yfirgangi sínum, að snúa mér til hinnar háttvirtu sáttanefndar í Sauðárssáttaumdæmi, að hún mætti þóknast að kalla mig ásamt Friðrik Árnasyni fyrir til sáttatilraunar, ef ske kynni að hann þá vildi sættast á málið.

Krafa mín er: að Friðrik Árna-

sar greidi mér 10 krónur í skadabætur fyrir tjón þad, sem hann med tiltæki sínu hefur valdid mér og ad auki kostnad þann, sem leidir af fyrirkallinu og forlíkunartilrauninni. Og ennfremur, komist ekki sátt á málid, vísa eg því til landslaga og réttar og krefst þess, ad hann borgi allan þar afleidandi kostnad.

Saudárkrók 20. júlí 1899
Jón Ó. Stefánsson

Mál þetta var fyrir tekid í Saudarsáttanefndarinnar sáttanefnd hinn 25. júlí 1899, og eptir nokkrar sáttatilraunir komst á svolátandi sátt:



Kærandinn fellur frá skadabótakröfunni sinni, sakir nýrra og betri upplýsinga um málid, en kærdi og kærandi jafna med sér málskostnadinum þannig, ad kærdi greidir 1. 16 a, en kærandi afganginn.

Saudárkrók 25. júlí 1899.

Árni Björnsson   Jón Ó. Stefánsson
W. G. Melsted   Fridrik Arnason

Guðmundur Gíslason (fyr bóndi í Axlarhaga nú tómthúsmaður hér á Sauðárkrók, er skuldugur verzlun minni hér á staðnum um 134,67 – eitt hundrað þrjátíu og fjórar krónur sextíu og sjö aura. Þessi skuld er mest frá fyrra ári og í ár eru aðeins innborgaðir 0.16 aurar í verzlunarreikning hans hér. Hefi eg nú margítrekað við nefndan Guðmund Gíslason, að hann borgaði skuld þessa sem fyrst og tilkynnt honum að eg myndi lögsækja hann ef hann yrði ekki búinn að borga skuldina fyrir 1. þ. m., en hann hefur síðan hvorki borgað einn eyri í skuldinni né heldur fundið mig til að semja um borgun á henni. Neyðist eg því til að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar og ~~bið~~ beiðast þess, að hún sem fyrst kalli Guðmund tómthúsmann Gíslason hér á Sauðárkrók (fyr í Axlarhaga) ásamt mér fyrir sig til þess að reyna að fá hann til að fá hann til að sættast á að borga skuld sína að upphæð eins og áður framtekið 134 kr. 67 aur. ásamt 6% vöxtum frá síðasta nýjári að telja og til gjalddaga, og að greiða þann kostnað sem sáttaumleitun þessi hefur í för með sér.

Komist sátt ekki á ~~í málinu~~ bið eg þess að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkrók 1. oktbr. 1900
L. Popp.



Mál þetta var fyrirtekið í sáttanefndinni í þinghúsi Sauðárhrepps, hinn 8. okt. 1900. Báðir málsaðilar sjálfir mættir. Í stað 2^ars^ sáttasemjara, sem birti forföll sín, tók 1. sáttasemjari Sigurð héraðslækni Pálsson sér til aðstoðar í sáttastarfinu.

Eptir ýmsar sáttatilraunir komst á svo löguð sátt í máli þessu:

Kærði lofar að vinna af sér skuld sína við kærandann (134.67 aura.) á þann hátt, að hann lofar og skuldbindur sig til að verða kaupamaður við ~~sjóróðra~~ landvinnu, með sjóróðra, með sæmilegum kjörum, hjá kærandanum, hið næsta sumar (1901). Kaup skal kærði hafa 60 kr. um hvern mánuð og vinnutímann, með þessu kaupi, eru 4 mánuðir eða frá 1. júlí 1901 til 1. nóv. 1901. Fæði og annað er til útbúnings viðvinnunnar lítur, leggi kærði sér til. Kærandinn lofar, að veita kærða 50 krónu lán í ~~vidd~~ nauðsynjaúttekt, nú í haust, ofan á uppá framanritaðu vinnuloforð, en það sem eptir er þá af hinu umsamda kaupi (240 kr), að frádregnum nýnefndum 50 kr. og hinni upprunalegu skuld, lofar kærandinn að greiða í útttekt eptir ~~fyrir~~ 1. sept. 1901.

Málskostnað tekur kærandinn að sér að greiða.

Í sáttanefndinni 8. okt. 1900.

L. Popp          Guðmundur Gíslason

Árni Björnsson
Sig. Pálsson

Þareð herra Sigurður Jakobsson á Kálfardal hefur þrátt fyrir ítrekaðar áminningar mínar um að borga mér skuld þá, er hann skuldar mér, sem er að upphæð 2 Kr. – tvær krónur – ekki hefur gjört, og hefur þó kannast við að hann hafi samkvæmt gefnu loforði átt að vera búinn að borga fyrir lok ágústmánaðar síðastliðinn, – þá neyðist ég hérmeð til að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárkróks-sáttaumdæmi og biðja hana að kalla nefndan Sigurð ásamt mér sem fyrst fyrir sig til að reyna að fá hann til að sættast á að borga skuld þessa; ásamt þeim kostnaði, sem sáttaumleitun þessi hefur í för með sér.

Komist sætt ekki á óska ég að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkróki 1. nóv. 1900
Sigurður Sigurðsson.

Eptir löglega birtingu var mál þetta fyrirtekið í sáttanefndinni hinn 9. nóv. 1900



í þinghúsi hreppsins. Mættir voru báðir málsaðilar sjálfir. Í stað 2ars sáttasemjara, sem boðað hafði forföll sín, tók 1. sáttasemjari sér til aðstoðar í sáttastarfinu Jón Guðmundsson, sýslunefndarmann á Sauðárkróki.

Eptir nokkrar sáttatilraunir, komst á svolöguð sætt í máli þessu:

Kærandinn gefur eptir 1 – eina krónu – af hinni upphaflegu kröfu sinni. Kærði lofar að hafa greitt innan 8 daga hér frá til kærandans 1 krónu í innskript, sem er afgangur hinnar upphaflegu skuldar, og 1 kr. í peningum, sem er framlagður málskostnaður og sem greiðast má með 1 kr. 25 aur. í innskript, ef kærða reynist peningagreiðslan ómöguleg. = Ennfremur greiði kærði það sem eptir stendur af málskostnaði 0.83 aura, innan sama tíma, með 0.42 aurum í innskript til hvors undirritaðra sáttasemjara við einhverja verzlananna hér.

Í sáttanefndinni 9. nóv. 1900.

Árni Björnsson
Jón Guðmundsson

Sigurður Sigurðsson
Sigurður Jakobsson
#.

Með brjefi mínu, dagsettu þ. 1. desember síðastliðinn, hefi jeg áminnt og skorað á Jóhann skósmið Jóhannesson hjer á Sauðárkrók, að borga mjer skuld þá, er hann er í við verzlun mína að fullu fyrir 1ta janúar síðastliðinn. Þrátt fyrir þessa áskorun mína, skuldaði hann á nýjári 176 kr. 32 aura. Skrifaði jeg þá 2. janúar tjeðum skósmið og skoraði á hann, að borga skuldina að fullu fyrir 14. þ. m. og aðvaraði hann um að jeg mundi lögsækja hann, ef hann ekki fullnægði þessari áskorun minni. En þrátt fyrir þessa áskorun, hefur hann á þessu tímabili þó aðeins borgað 40 krónur af skuldinni, og lítur því út fyrir, að hann skeyti lítið um að sýna skilsemi við skuldalúkningu þessa. Neyðist jeg því til að snúa mjer til hinnar heiðruðu sáttanefndar og beiðast þess að hún sem fyrst kalli skósmið Jóhann Jóhannesson á Sauðárkrók, ásamt mjer fyrir sig, til þess að reyna að fá hann til að sættast á að borga tjeða skuld sem fyrst til mín, sem er að



að upphæð 136 krónur 32 aurar, með 6% vöxtum frá í dag, og að greiða honum kostnað, sem að sáttaumleitun þessi hefur í för með sjer.

Komist sátt ekki á, bið jeg þess að málinu verði vísað til dóms og laga.

Virðingarfyllst
Sauðárkrók 14. jan. 1901
L. Popp

Málið var fyrirtekið í sáttanefndinni, eptir löglega birtingu þess, í þinghúsi kauptúnsins, hinn 19. janúar 1901. Báðir málsaðilar sjálfir mættir. Í stað 2ars sáttanefndarmanns tók 1 sáttasemjari Jón Guðmundsson, sýslunefndarmanns sjer til aðstoðar í sáttastarfinu.

Eptir langar sáttatilraunir, komst svolöguð sátta á í máli þessu:

Kærði lofar að hafa greitt alla hina umræddu skuld 136 kr. 32 aura, ásamt 6% vöxtum frá 14. þ. m., í peningum, vörum og innskript frá þeim, er kærandi kann gilt að taka, fyrir 14. maí næstkomandi. Aptur lofar kærandinn að slá af skuldinni ½ renturn þeim, sem af

~~skuldinni~~ henni hafa verið reiknaðar til 1. þ. m. — Að því er málskostnað snertir, greiðir kærði 1 kr. 17 a., en kærandinn 1.16.

Sauðársáttanumdæmi:
Sauðárkrók 19. jan. 1901.

S. Þ. [illegible] Jóhann Jóhannesson

Árni Björnsson.

Guðm. [illegible]

---

Vorið 1898 lánaði ég Guðmundi Gíslasyni þá á Axlarhaga, nú á Sauðárkrók, vefjarskeið og tók hann hana á Frostastöðum, hjá Gísla hreppstjóra Þorlákssyni. Skeiðina fékk hann lánaða með því skilyrði, að skila henni jafngóðri aptur til mín, eða á sama stað og hann tók hana, en þetta hefir



hann ekki gjört enn, og er ófáanlegur til að gjöra mér nokkur skil á nefndri skeið, hvorki að skila henni sjálfri, né borga mér verðið. Skeið þessi var nýleg, og hafði 60 tennur á kvartili, og mun hæfilegt verð á henni 6 kr.

Þar sem ég er nú orðinn úrkula vonar um, að hann gjöri mér nokkur skil á borgun á vefjarskeiðinni, vil ég biðja hina háttvirtu sáttanefnd í Sauðárkrepps sáttaumdæmi, að kalla velnefndan Guðmund Gíslason fyrir sig, og einnig mig, svo fljótt sem hægt er, til þess að reyna að fá hann til að skila mér vefjarskeið þessari, eða borga mér hana með 6 kr., einnig að hann borgi allan þann kostnað, sem leiða kann af sáttatilraun þessari og mér hæfilega þóknun fyrir ómök mín, þessu viðvíkjandi. Komist sátt ekki á, vísa ég máli þessu til landslaga og réttar.

Glæsibæ 11. febr. 1901
Bjarni Oddsson

Eptir að kæran hafði birt verið á löglegan hátt, var mál þetta fyrir tekið í sáttanefndinni hinn 16. febrúar

Báðir málsaðilar voru mættir; 1. sáttasemjari tók sér til aðstoðar í sáttastarfinu Björn Jónsson, hreppstjóra á Veðramóti, í stað 2ars sáttasemjara sem eigi gat mætt.

Eptir nokkrar tilraunir komst á svolátandi sátt í málinu:

Kærði lofar að hafa útvegað og afhent kæranda vefjarskeið, af sömu sort, sem skeið sú var, er kært er fyrir, fyrir 10. marz næstkomandi. En bregðist þetta fyrir einhver óvænt atvik, lofar kærði að hafa greitt kæranda 6 kr. sem andvirði vefjarskeiðarinnar fyrir hinn 1. maí næstkomandi. Kærði greiði málskostnað allan, en hinsvegar fellur kærandi frá kröfum sínum um borgun fyrir ómök sín.

Sauðársáttanefnd.
Sauðárkrók 16. febr. 1901

Árni Björnsson  Bjarni Oddsson

Björn Jónsson  Guðmundsson,
Gíslason



Svo er ástatt, að Þorgeir L. Baldvinsson frá Ísafirði, sem nú er fluttur hingað í Sauðárkrók, í hús fyrverandi eiganda Hallgríms Þorsteinssonar, skuldar verzlun minni fyrir feitmeti Kr. 162,57 + 0.75 a, alls = 163, 32 aurar, sem hann lofaði að borga í peningum á síðastliðnum vetri, en sem engin efnding hefir orðið á.

Þar að nefndur Þorgeir sýnir engin skil á borgun til mín, finn eg mig neyddan til að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárkróks- og Fagranes-sáttaumdæmi, og beiðast þess, að hún kalli nefndan Þorgeir Baldvinsson, ásamt mig, fyrir sig, til þess að fá hann góðfúslega til að borga mér nefnda skuld, með vöxtum 6% frá gjalddaga.

Komist ekki sátt á, bið eg um að máli þessu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkróki 11. júlí 1901.
L. Kr. Gíslason.

Eptir löglega birtingu, var mál þetta fyrirtekið í sáttanefndinni hinn 19. júlí 1901. Fyrsti sáttasemjari tók sér til aðstoðar

herra sýslunefndarmann Jón Guðmundsson í stað ~~Pétur~~ Lárus sáttasemjara, sem var forfallaður. – Kærandi var mættur, en kærði ekki. – Þar eð það upplýstist fyrir nefndinni, að kærði muni hafa lögleg forföll frá að mæta, afvirði á sjó, – þá óskar kærandinn, að nefndin eigi taki málið fyrir að sinni, og gefi sér aptur í hönd kæruskjalið.

Þar eð kærandinn eigi óskar málinu vísað til dóms og laga, – og þar eð hvorki kærði sjálfur né neinn fyrir hans hönd er mættur á sáttafundinum, svo að öll sáttaumleitun er ómögulég, – þá sér nefndin ekkert á móti því að verða við beiðni kærandans, og afhenda honum aptur málið og kæruskjalið. –

Sauðársáttanefndinni 19. júlí 1901.

Árni Björnsson   Guðmundsson

Kr. Gíslason



Svo er ástatt, að Þorgeir Baldvinsson frá Ísafirði, sem nú er fluttur hingað á Sauðárkrók, í hús fyrverandi eiganda Hallgríms organista, skuldar verzlun minni Kr. 159.47., sem hann fyrir löngu átti að hafa borgað, en ekki hefur efnt, þrátt fyrir ítrekaðir minnar; þess skal getið að nefndur Þorgeir hefur sent mér ábyrgðarbréf frá herra Þorgils Hjálmarssyni í Stafni, hvar hann lofar að borga Kr. 160 – fyrir síðastliðin maímánaðarlok til mín, er engin efnd hefur á orðið, heldur, samkvæmt bréfi, dagsettu 12. f. m. hefur Þorgils neitað að borga mér, vegna Þorgeirs, umrædda skuld. Vegna óskilsemi nefnds Þorgeirs við mig, finn eg mig neyddan til að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárkróks og Fagranes-sáttaumdæmi, og beiðast þess að hún kalli nefndan Þorgeir Baldvinsson á Sauðárkrók, ásamt

mér fyrir sig, til þess að reyna að
fá hann til að sættast á að borga
skuld sína, sem er Kr. 159.47 aurar
með 5% vöxtum frá gjalddaga, og
greiði kostnað þann, sem þessi sátta-
umleitun hefur í för með sér.
Komist ekki sátt á, býð eg þess
að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkróki 6. ág. 1901

Kr. Gíslason.

---

Mál þetta var fyrirtekið í sátta-
nefndinni, hinn 12. ágúst 1901. kl. 4 e. m.
í þinghúsi hreppsins. Fyrsti sáttasemj-
ari tók sér til aðstoðar í sáttastarfinu
sýslunefndarmann Jón Guðmundsson,
í stoð 2ars sáttasemjara, sem var for-
fallaður. Kærandi var sjálfur mætt-
ur, en í stað kærða mætti, með skrif-
legri fullmagt, Guðjón Gíslason
frá Ísafirði.
Eptir nokkrar sáttatilraunir



komst á svo löguð sætt:
Helming skuldarinnar, sem frá því er
stefna var útgefin er lækkuð um 6 kr. 28 a.,
lofar og skuldbindur hinn kærði sig til
að hafa borgað fyrir 15. október næstkom-
andi, en hinn annan helming lofar
hann að hafa borgað fyrir 1. januar 1902,
þannig að skuldin sé þá öll greidd,
ásamt vöxtum, svo sem til er tekið í
kæruskjalinu, og sem reiknast að vera
6 kr. 97 aurar. - Hinn kærði tekur og að
sér að borga sáttanefndinni hið lög-
skylda, 1 kr. 33 aura, í málskostnað.

Sauðársáttanefndin

Sauðárkróki 12. ágúst 1901

Árni Björnsson — Guðjón Gíslason

J. Guðmundsson — Kr. Gíslason

Samkvæmt höfuðbók minni er skuld hr. Gísla Árnasonar á Sauðárkróki, við verzlun mína í dag að upphæð 14 krónur 85 aurar, sem hann fráttfyrir ítrekaðar áminningar frá minni hendi, hefir til þessa dags tregðast við að ~~(borga)~~ greiða mér. Ég beiðist því þess, að hin heiðraða sáttanefnd kveðji Gísla Árnason, ásamt mér, á fund, til þess að reyna að fá hann til þess að borga mér að fullu ofangreinda skuld, sem og kostnað þann allan, sem sáttaumleitun þessi hefur í för með sér.

Komist sátt eigi á, bið ég þess, að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkróki, dag 25. sept. 1901.

Eptir löglega birtingu var mál þetta fyrir tekið í sáttanefndinni, í dag. Báðir



málspartar voru sjálfir mættir. Í stað 2^ars sáttasemjara, sem boðað hafði forföll sín, tók 1^ti sáttasemjarinn sér til aðstoðar í sáttastarfinu, héraðslækni Sigurð Pálsson.

Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar og er því málinu hérmeð vísað til landslaga og réttar.

Sauðársáttaumdæmi 2. okt. 1901.

Árni Björnsson.

Sig. Pálsson

---

Með því að út hefur borist hér um Sauðarkrók frá seinasta dansi, sem haldinn var í Goodtemplarahúsinu, 26. þ. m., ýmsar meiðandi sagnir um mig og fleiri bæjarbúa, svo sem Árnann Sigurðsson og þær dömurnar Guðrúnu Stefánsdóttur og Ólöfu Þorvaldsdóttur, þá finn ég mig knúðan til þess að snúa mér til hinnar háttvirtu sáttanefndar í Sauðárkrók, að kalla fyrir sig ásamt mér herra Eggert Jónsson hér í staðnum, sem í áheyrn systur minnar, Elínborgar Jónsdóttur, hefur haft þau

orð um mig, að ég og viðstaddur hofum haft hið mesta „svínarí“ í frammi, sem hann hafi heyrt getið um hér á Sauðárkrók, - til þess ef mögulegt væri að koma sáttum á, þannig að herra Eggert taki hin ófrægilegu meiðyrði opinberlega aptur, og biðji fyrirgefningar á þeim, og hann greiði mér sanngjarna þóknun fyrir fyrirhöfn mína og tilraun, sem virðist hafa verið gjörð með ákvörðun þessum að að spilla fyrir atvinnu minni og áliti.

En komist má ekki von engar sættir á, óska ég málinu vísað til dóms og laga, með þeim kröfum:

1. að hin ófrægilegu meiðyrði verði dæmd dauð og ómerk,

2. að herra Eggert Jónsson verði dæmdur að greiða mér hæfilegar skaðabætur fyrir tilraun til, að spilla áliti mínu og atvinnu, með allt að 150 krónum.

og 3. að hann, Eggert, verði dæmdur til þess, að greiða allan kostnað, sem leiðir



af máli þessu, jafnt fyrirhöfn mína sem annað.

Sauðárkrók 30/12 1901.

Jóhannes Norðfjörð

Mál þetta var fyrirtekið í sáttanefndinni, eptir löglega birtingu, hinn 4. jan. 1902. Báðir málsaðilar sjálfir mættir. Í stað 2. sáttasemjara, sem var forfallaður, tók 1ti sáttasemjari sér til aðstoðar Pétur gestgjafa Pétursson.

Eptir langar sáttatilraunir, sættust málspartarnir uppá svolátandi yfirlýsingu, er kærði gaf fyrir nefndinni:

„Jafnvel þó ég eigi viðurkenni, að hafa viðhaft þau orð, sem mér eru eignuð í kærunni, þá vil ég af fúsum vilja gefa þá yfirlýsingu, að ég eigi hafi viljað ærumeiða kærandann, né fólk það sem hann tilnefnir í kærunni, í samtali því er til er vitnað í nefndri kæru, og eru því öll slík ærumeiðandi orð, sem eptir mér kunna að vera höfð dauð og ómerk“.

Málskostnaðurinn er eptirgefinn

Sauðársáttanefndinni 4. jan. 1902.

Árni Björnsson  Jóh. Norðfjörð

Pétur Pétursson  Eggert Jónsson

Einsog mörgum er kunnugt hefur Eyjólfur Gíslason hér til heimilis á Sauðárkrók verið tæp 2 ár í reikningi við verzlan mína, og fengið úttekt fyrir heimili sitt til 29. marz síðastl., og skuldar þá samkvæmt reikningi Kr. 288,79 a. Í marzmánuði síðastl. réðist nefndur Eyjólfur fyrir kaupamann til mín, fyrir umsamið kaup, en svo nokkru síðar heyrði eg sagt, að nefndur Eyjólfur hafi fengið það innfall, að svíkja mig um borgun á greindri skuld, með því upp úr þurru, án þess að eg heimtaði hana af honum að ganga til sýslumanns og gefa bú sitt upp sem þrotabú, vitandi það, að hann þá ætti ekkert til upp í hana. Þar af leiðandi ætli sér að svíkjast um kaupavinnu, sem eg áður hefi umgetið. Einsog allir geta séð eru aðferðir þessar miður sæmilegar, svo ósæmilegar, að eg get ekki gengið fram hjá slíkum svikum án frekara. Þessvegna neyðist eg hérmeð til, að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárkróksprestakalli, og krefjast



þess að hún kalli mig, ásamt nefndum Eyjólfi Gíslasyni fyrir sig til að reyna að fá hann góðmótl. til að semja um að borga nefnda skuld og uppfylla loforð sín, ennfremur að borga af málinu leiðandi kostnað.

Komist ekki sátt á, óska eg að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkrók 28. april 1902.

Kr. Gíslason.

Hið ofanritaða mál var fyrirtekið í sáttanefndinni, hinn 3. maí 1902. Báðir málspartar voru mættir, en í stað annars sáttasemjara hafði 1.ti sáttasemjari tekið sér til aðstoðar póstafgreiðslumann Kr. Blöndal.

Eptir langar sáttatilraunir komst á svolögð sátt:

Kærði lofar að tryggja líf sitt í „Stars" lífsábyrgðarfélagi, eptir Tabel 1, uppá 1000 krónur og að selja kæranda lífsábyrgðarskjal sitt sem veð fyrir skuldinni við verzlan hans; en kærandinn skuldbindur sig til að annast iðgjaldagreiðslu fyrir hinn kærða, móti því að hann, hinn kærði, greiði inn í verzlunarreikning sinn hjá kærandanum 20 krónur, í vörum, með vinnu eður á annan hátt, sem kærandi kann að taka gildan árlega fyrir 1. oktober, í 10 næstkomandi ár, og gengur kærði inn á, að 6% vextir

árlega leggist við verzlunarskuldina,
en honum, hinum kærða, tilfellur að sjálf-
sögðu allur bonus af polisunni, sem leggst við lífsábyrgðarupphæðina. Uppá
þessa skilmála er fullt sátt á komin
í máli þessu, og kærði frí og frjáls
af öllum frekari kröfum og kærum
kærandans, að því er ~~efans~~ hina í kæruefni greinda
verzlunarskuld og vinnuloforð snertir.

Sauðársáttanefndinni 3. maí 1902

Kr. Gíslason   Eyjólfur Gíslason

Arni Björnsson.   Kristján Kristjánsson

---

Sauðárkrók 3. maí 1902. —
Síðastliðinn vetur réðist ég hjá herra
kaupmanni Chr. Popp á Sauðárkrók
til þess að vera hjá honum frá 1. maí
til 18. sept. þ.á, eða 20 vikur, með
því að hafa um hverja viku, 20 kr
-fullgildar krónur; svo kem ég á



réttum degi, 1. maí til hans, en þá
neitar hann að taka mig; því ég eigi
vil þola þetta bótalaust, leyfi ég
mér að mælast til að hin heiðraða
sáttanefnd Sauðárkróks kalli
mig fyrir sig ásamt herra kaupmanni
Chr. Popp til þess að koma sátt á þannig
að hann standi við orð sín. Komist
eigi sátt á, óska ég málinu vísað til
dóms og laga. Virðingarfyllst

Sigurjón Kristjánsson.

Eptir löglega birtingu var mál þetta
fyrirtekið í sáttanefndinni, hinn 9. maí 1902.
Mættir voru kærandinn sjálfur, en í stað
kærða, verzlunarstjóri Ólafur Jensson, með skrif-
legt umboð til að biðja um frest í málinu, þar
eð kærði væri forfallaður frá að mæta í dag.
Til að aðstoða sig í sáttastarfinu í stað
2ars sáttasemjara hafði 1. sáttasemjari kosið
hra póstafgreiðslumann Kr. Blöndal, og var
hann mættur.

Eptir ósk kærða og með samþykki
kærandans er ~~málinu~~ sáttafundinum
frestað þar til næsta mánudag, hinn 12 maí,
kl. 12 á hádegi.

Mánudaginn, hinn 12. maí 1902, var sátta-
fundinum framhaldið og voru báðir máls-

aðilar mættir, sjálfir og sömuleiðis sáttasemjararnir. —

Eptir nokkrar sáttatilraunir komst á svolöguð sátt:

Kærandinn lofar og skuldbindur sig til að verða í þjónustu kærða, kaupmanni Chr. Popp, á flutningsbátnum, Stormfuglinum (og í annari vinnu) frá 20 maí þ.á. til 4. okt. þ. á. Í kaupi lofar kærði að greiða kærandanum 80 krónur um hvern mánuðinn, eður í allt 4½ × 80 kr = 360 krónur, sem greiðist í innskript við verzlun L. Popps hér á staðnum, þó þannig, að kærði lofar að greiða í peningum þá upphæð, er kærandinn kann að eiga til góða 4 okt. þ. á. hjá honum. Málskostnaðinn greiddi kærandinn.

Sauðársáttanefndinni 12. maí 1902.

Sigurjón Kristjánsson  Chr. Popp  Kristján Blöndal  Árni Björnsson



Jón Jónsson, sem býr á Daðastöðum á Reykjaströnd, er síðastliðið ár bjó í Torfhól í Óslandshlíð, hefir, á þessu vori flutt frá Torfhól, án þess að borga allt það álag, á húsi jarðarinnar, sem úttektarmenn Hofshrepps gjörðu honum að greiða; 2 kúgildisám, er jörð þessari bar að fylgja, og hann hefir haft sem ábúandi á Torfhól, hefur hann heldur ekki skilað, Landsskuld og leigur fyrir síðastliðið ár af Torfhól hefir hann heldur ekki greitt, sem eru 2 sauðir veturgamlir og 7 ℔ smjör. Þar eg undirritaður er eptir umboði, dags. 31. f. m., gefnu út af umboðsmanni nefndar jarðar, Torfhóls, réttur innheimtumaður að áðurgreindum jarðarskuldum, þá vil eg snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárhreppssáttanefndinni, og biðja hana að kalla vel nefndan Jón Jónsson á Daðastöðum fyrir sig, svo fljótt sem hægt er, og einnig mig undirritaðan, til þess að fá hann til að borga áðurgreind óborguð jarðargjöld, sem er vantandi álag 12,50

2 kúgildisær, 2 landskuldarsauðir veturgamlir, og leigur 7 ℔ smjör.
Fáist hann ekki til þess að borga jarðargjöld þessi og kúgildi með því sem ákveðið er, að hann þá borgi það með peningum, eptir gangverði; sem er: 2 sauðir veturgamlir hver á 9/50 = 19.00

| | | |
|---|---|---|
| Vantandi 2 kúgildisær, hver á 15/00 | = | 30.00 |
| — " leigur 7 ℔ smjör á 7/60 | — | 4.20 |
| — " álag | — | 12.50 |
| | Kr. | 65.70 |

og hann einnig borgi allan þann kostnað sem sáttamúlitum þessi kann að hafa í för með sér.
Komist sátt eigi á, ~~sátta~~ krefst ég að málinu verði vísað til lands laga og réttar.
Hafsteinsstöðum 12. júní 1902
Jón Jónsson.

Skjöl þetta var, eptir löglega birtingu, fyrirtekið í sáttanefnd Sauðár sáttaumdæmis, hinn 18. þ. m. Báðir málspartar sjálfir mættir, sömuleiðis 1. sáttasemjari, sem í stað 2ars sáttasemjara, er boðað hafði forföll sín, tók sér til aðstoðar tra Ólaf Briem, snikkara á Sauðárkrók.
Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar og er því máli þessu vísað hér með til dóms og laga.
Sauðárkróki sáttaumdæmi 18. júní 1902
Árni Björnsson.
Ólafur Briem
Jón Jónsson stefnandi
Jón Jónsson stefndi



Með bréfi dags. 28. jan. næstl. bað herra kaupm. C. Knudsen á Sauðárkrók mig að senda mann með reiðingshest fyrir sig norður á Oddeyri til þess að sækja þangað púður og högl til Consuls J. V. Havsteins, og lofar hann því, að greiða mér sanngjarna borgun fyrir ferðina. Af því að ég hafði áður haft skipti við mann þenna þá vildi ég verða við þessari bón hans, og lét því mann fara norður með reiðingshest og sækja 100 ℔ af höglum og 20 ℔ af púðri, og kostaði ég ferðina að öllu leyti og lét flytja þetta alla leið til hans út á Sauðárkrók.
Þar sem ég tók ferð þessa að mér fyrir sanngjarna borgun, þá leiddi þar af, að eptir því sem ferðin gekk ógreiðar, varð hún dýrari en fyrir ferðina setti ég upp 20-tuttugu krónur. og var það hin lægsta borgun, því að ferðin gekk illa. Maðurinn, sem fór norður, fékk vont færð og veður hart, og var því 10 daga á ferðinni frá því hann fór héðan frá Silfrast. og þar til hann kom hingað að Silfrast. frá Sauðárkr., og varð ég auðvitað að kosta manninn og hestinn allan þann tíma, en kostnaðurinn hefði verið minni, ef tíð og færð hefði verið betri. Samt veit ég til þess, að kaupmenn á Sauðárkr. hafa borgað meir en 20 kr. fyrir slíka ferð norður á Akureyri og heim aptur.
Nú hefir optn. Knudsen neitað að borga mér meir en 12 kr. fyrir þessa ferð, og segist

að jeg hafi sjálfur þurft að senda norður, og
hafi því haft beint gagn af sömu ferðinni
þessu neita jeg sem ósönnu, að jeg sjálfur
hafi þurft að senda norður á Oddeyri á
þeim tíma, en einsog áður er sagt var kom-
in versta tíð og það, því jeg lét annann
fara norður eptir umgetnum skotfærum
fyrir hra C. Knudsen, en að láta þá ferð drag-
ast vildi jeg ekki, þar sem Knudsen hefði
komið það illa. Jeg lét því annan mann
fara með kælt bréf fyrir mig og aðra og
verða sendimanni Knuds. samferða, svo
að ferðin gengi betur, og álít jeg að jeg
hafi eigi haft meiri not af sendimanni
Knuds. en hs sendimaður af mínum manni
svo að hann gat alls ekki reiknað mér það til
inntektar.

Einsog allir vita lánar engi maður hest
til brúkunar á vetrardegi því liggjandi
kostar hann sjálfr en minnst fyrir 2 kr. í dag
og engi maður vinnur hjá öðrum þótt að
vetrarlagi sé fyrir minni þóknun en fæði
fatasliti og minni og getr þetta ekki verið minna
á dag en 1 krónu, þar sem náttúrgreiði
er venjul. borgaður með þeirri upphæð, og
er þó meiri borgun goldið fyrir nátur-
gisting hesta manni á veitingarhúsi.

Af því jeg hefi nú sýnt fram á það hér
að framan, að krafa mín á hendur hra C.



Knudsen sé alls eigi of há, heldur miðað
er við sanngjarna borgun, en hann á hin
bóginn er ófáanl. til þess að greiða meira
en 12 – tólf – kr. fyrir þessa áðurtöldu ferð
norður á Oddeyri og út á Sauðárkrók á
síðastl. vetri, þá er jeg neyddur til að
biðja hina heiðruðu sáttanefnd í Sauðár-
sáttaumdæmi að kalla okkur herra
kaupm. C. Knudsen og mig undirritaðan
fyrir sig til þess að fá hann til að borga
mér 20 krónur fyrir þessa umræddu
ferð, nfl. að greiða mér 8 kr. í viðbót
við þær 12 kr., sem hann hefir greitt mér.
einnig að hann greiði allan þann kostnað
sem sáttaumleitan þessi kann að hafa
í för með sér, en jeg álít að ekki geti orðið
minni en 7 – sjö – krónur, sömul. 6% af
skuldinni frá stefnudegi. Komist sætt
ekki á, krefst jeg þess, að máli þessu sé
vísað til lands laga og réttar.

Silfrastöðum 27. sept. 1902

Stringr. Jónsson.

Eptir löglega birtingu var mál þetta fyrir
tekið í sáttanefndinni 16. okt. 1902. Kærði
var mættur sjálfur, en í stað kæranda mætti
Jón hreppstjóri Jónsson á Hafsteinsstöðum, með
skriflegu fullmakt, er kærði tók gilda;
Fyrsti sáttasemjari tók sér til aðstoðar í

sáttasturfinn herra Jóhannes Stefáns-
son.

Eptir nokkrar sáttatilraunir komst á svo lögmæt sætt:

Kærði borgar þar 8 kr., sem kærandi fer fram á í kærunni og að auki til málskostnaðar 1.83 aura. Er á þenna hátt á komin full sætt á milli málsaðilanna.

Sauðársáttanefndinni
Sauðárkrók 16. okt. 1902
C. Knudsen Jón Jónsson
Árni Björnsson Jóhannes Stefánsson

---

Herra Jón Jónsson á Daðastöðum skuldar Grána félagsverzluninni á Sauðárkrók 82 kr. 75 — áttatíu og tvær krónur, sjötíu og fimm aura. En þrátt fyrir margítrekaðar áminningar hefur hann enn ekki fengist til þess



að borga þessa skuld. Og þar sem ég undirritaður er eptir umboði, dags. 15. þ. m., réttur innheimtumaður á skuld þessari, þá finn ég mig neyddan til að snúa mér til hinnar háttvirtu sáttanefndar í Sauðárkrókssáttaumdæmi og biðja hana að kalla velnefndan Jón Jónsson á Daðastöðum fyrir sig ásamt mér til þess að reyna að fá hann til þess að borga umrædda skuld 82 kr. 75 a., ásamt 6% í vöxtu frá stefnudegi og allan þann kostnað, sem af sáttaumleitun þessari kann að leiða með 6 krónum. Komist sátt ekki á, krefst ég að málinu sé vísað til lands laga og réttar.

p.t. Sauðárkrók 16. okt. 1902
Jón Jónsson
(frá Hafsteinsstöðum)

Mál þetta var, eptir löglega birtingu fyrirtekið í sáttanefndinni hinn 22. okt. 1902. Báðir málsaðilar mættir. Í stað annars sáttasemjara, sem var forfallaður, tók 1. sáttasemjari sér til aðstoðar séra Hallgrím Thorlacius í Glaumbæ.

Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar, og er því málinu vísað til lands laga og réttar.

Sauðársáttanefnd. Sauðárkrók 22. okt. 1902
Árni Björnsson. Hallgrímur Thorlacius.

Þareð ég, sem kvaðst reikningi frá versl-
unar kaupmanns V. Claessens á Sauðárkróki
átti til góða á næstliðnu nýjári 34 kr. 07 aura
en af búðarsveini hans fékk ég seint í jan-
úarmánuði útskrifað úr reikning mínum
28 krónur af greindri inneign. Af því
að sá maður, sem nefnda innskript fékk
hefði óskað að fá eitthvað af inneign sinni
í peningum, þá leyfði nefndur kaupmaður
sér, án minnar vitundar, að færa nefndar
28 kr. reikning mínum til inn aptur
í gærdag, þann 18. þ.m. átti ég tal við
nefndan kaupmann út af þessu, og fór
þess á leit við hann, að ég fengi svo sem
10 kr. í peningum út í reikning minn
og ég þar með sleppti öllu umtali um þennan
innskriptar-vígslu. Út af þessu þykktist
kaupmaðurinn svo mikið, að við urðum
að fella samtalið.

Þegar nú sagt er að ofan er greint gengur
að nota eign mína við nefnda verzlun
þá bið ég hér með hina heiðruðu sátta-
nefnd í Sauðárkróks sáttaumdæmi, að
kalla hr. Kaupm. V. Claessen á Sauðárkrók ásamt
mér fyrir sig, og fá hann til að sættast uppá
að borga ofangreindar 34,07 a í peningum með
5% vöxtum frá í dag ásamt kostnað þann, sem
sáttaumleitun þessi hefir í för með sér.
Komist sátt ekki á vísa ég málinu þessu til dóms og
laga. Eyhildarholti 19. marz 1903
Sigurjón Markússon.



Mál þetta var fyrirtekið, eptir löglega birtingu, í
sáttanefnd Sauðársáttaumdæmis, þann 26. marz 1903.
Báðir málsaðilar voru sjálfir mættir. Í forföllum 2^ars
sáttasemjara fjallaði 1^ti sáttasemjari einn um málið.
Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar, og er
því máli þessu hérmeð vísað til dóms og laga.

Sauðársáttaumdæmi 26. marz 1903.

Árni Björnsson.

---

Haustið 1902 gjörði ég undirritaður svofeldan
samning við Eggert söðlasmið Kristjánsson á Sauðár-
krók, að ég ynni hjá honum á verkstæði hans, að
skósmíði frá 1. nóv. 1902 til 20. april 1903, gegn því
að hann veitti mér fæði, þjónustu og skó; eptir þess-
um samningi vann ég og hjá Eggert frá nefndum
tíma, og til 15. jan., eptir sem mig minnir. Þá veikt-
ist ég, svo ég ekki gat unnið á verkstæðinu um tíma
eða til miðs febrúar, að ég byrjaði aptur vinnuna
en var þó talsvert lasinn, og gat lítils matar
neytt nema mjólkur og kaffis. Þó kom það fyrir
að skór, sem ég smíðaði urðu of litlir hjá mér, þó ég
áttir ekki þeim, sem, átti að hafa þá; þetta varð
efni til sundurþykkis milli okkar Eggerts
svo að hann vísaði mér úr þjónustu sinni,
en þurði þó ekki aðrar ástæður til en þær, að ég
borðaði ekki öðruvísi en ég gjörði, og hann áliti
mig því ekki færan til vinnunnar. Þegar
svona var komið, sá ég mér ekki annan kost
en víkja úr vinnunni, þar sem ég var búinn
að áminna það, hvort ég ætti ekki að fá neitt
að vinna, en því var neitað. Síðan hefur
Eggert sent mér reikning, og tilkynnir mér
þar, að ég skuldi honum Kr. 22,58 a og krefst
hann þess að ég borgi honum skuldina fyrir
5. þ.m. (marz). Á reikningum er frá árinu

1902, en það ár vann ég hjá Eggert 14 vikur að skósmíði í fyrra vetur, og var þá um samið kaup 2 kr. um vikuna, eða 28 kr. yfir tímann. Svo vann ég einn hjá Eggert nfl. sumar tímavinnu fyrir talsverðri upphæð, sem reikningur minn ber með sér, hvað mikið er, og sem ég er fús á að leggja fram. Þar að auki eru smávillur í reikning Eggerts, mér til útgjaftar, sem nemur 4 kr. 40 aurum. Nú hefi ég farið þess á leit við Eggert, að hann borgi mér mismuninn á reikningum okkar, sem nemur kr. 29,23, en því þverneitar hann. Hefi ég því ekki önnur úrræði en að leita til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárkróks sáttaumdæmi, og beiðast þess að hún kalli optnefndan Eggert Kristjánsson fyrir sig, ásamt mér, til þess að fá hann til að sættast uppá það, að borga mér kröfu mína sem og kostnað þann, sem af sáttaumleitun þessari kann að leiða.

Komist sátt eigi á vísa ég málinu til landslaga og réttar.

Sauðárkrók 20. marz 1903

Halldór Gíslason.

Mál þetta var fyrir tekið fyrir í sáttanefndinni, eptir löglega birtingu, hinn 27. marz 1903. Báðir málspartar voru sjálfir mættir. Í stað 2ars sáttasemjara, sem var forfallaður, tók 1r sáttasemjari sér til aðstoðar í sáttastarfinu herra Snorra Jóhannsson á Sauðárkróki. Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar, og er því málinu hérmeð vísað til dóms og laga.

Sauðársáttaumdæmi 27. marz 1903

Árni Björnsson.

Snorri Jóhannesson



Vorið 1904, þegar ég fór úr húsum Teobalds Árnason, þá gaf ég honum reikning yfir viðskipti okkar á meðan ég dvaldi þar og átti ég hjá honum 40,37 aura, og hafði hann ekkert á móti að borga mér hann en sú borgun er ókomin enn. Nú síðan hann var alráðinn í að flytja af landi burt, hefi ég einu sinni nefnt við hann að borga mér, en þá snerist hann vondur við og sagði það vera kvittir reikningar og ég ætti ekkert hjá sér. Jeg hefi því ekki annan ráðen að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárkrepps og biðja hana að kalla mig ásamt herra Teobald Árnasyni fyrir sig, og fá hann til að borga mér þessa fyrnefndu skuld. En komist ekki sátt á, bið ég að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkróki 10. mai 1905

Bjarni Magnússon

Laugardag. hinn 13. mai 1905, var mál þetta fyrir tekið í sáttanefndinni

og eftir að báðir málsaðilar höfðu framlagt viðskiptareikninga sína, og sáttanefndin, en 1 sátta-semjari hafði kallað hr. oddvita Jónas Sveinsson til setis í ásamt sér, í forföllum 2ars sátta-semjara, skoðaði þá nákvæmlega, — komst á svolögnd sátt í málinu:

Skuldakrafa kæranda lækkar ofan í 10 kr. 55 a, og greiðir kærði upphæð þessa þegar á fundinum, með ávísun ~~til~~ á

| | |
|---|---|
| Sigfúsi Hanssyni á Syðri Brekkum | kr. a. 5,55 |
| og Guðmundi Björnssyni í Gautsdal | 5,00, |

og tekur kærandi þessa ~~til~~ borgun gilda til lúkningar kröfu sinni á hendur kærða, — og skilja þeir að fullu sáttir að svo loknu máli.

Sauðárkrók 13. maí 1905.

Ólafur Th. Arnason

Björn Magnússon

Árni Björnsson Jónas Sveinsson



Þar eð eigandi og ábúandi Sjávarborgar, herra bifræðingur Flóvent Jóhannsson hefur í sumar tekið í beitiland Sjávarborgar og Borgargerðis 20 kýr úr Sauðárkrók og nokkur hross Sauðárkróksmanna yfir sumarið, einnig um 200 markaðshross í þrjá daga og svo nálægt 900 hross í nærfelt heila viku og þannig eyðilagt hérumbil 2/3 parta beitilands jarðanna og besta kúahagann og beitilandið sem mest er votlent var sundursparkað og troðið, svo hvorki kýr okkar eða hross hafa komið á þær stöðvar síðan, er markaðshrossin voru pössuð á, og þar af leiddi að þetta litla beitiland sem afgangs er og jörðunum tilheyrir er svo uppétið af kúakindum og hrossum og okkar eigin skepnum, að Borgargerðis

engi fyrir ofan vatnaskurðinn
ekki varð varið fyrir ágangi af
sökum hrossum úr Krákunum, mest,
og einnig hrossum herra Flóvents
er strax og þau sleppa af túni
hans eru komin í engi hér.
Nú hefi ég farið fram á við nefnd-
an herra Flóvent, að hann
borgi ábúanda Borgargerðis og mér,
sem að nafninu er eigandi þess,
eptir tveggja valinkunnra manna
mati, er sýslumaður okkar út-
nefnir, hæfilega borgun af þeim
mikla hagatollum, er hann
hefur fengið, en hann vill eng-
in álitleg boð bjóða. Neyðist
ég því til að biðja hina heiðruðu
sáttanefnd í Sauðárhreppi að
kalla okkur, herra Flóvent og
mig fyrir sig, það fyrsta skeð,



getur, til sáttatilraunar, en
komist eigi sátt á að vísa máli-
inu til landslaga og réttar.

Borgargerði 9. sept. 1905.
Pétur Sigurðsson.

Mál þetta var fyrir tekið í sáttanefndinni
eptir löglega birtingu, hinn 15. september (1905). Báð-
ir málsaðilar sjálfir mættir. Til samstarfa
með sér í sáttatilrauninni tók fyrsti
sáttasemjari herra Verzlunarstjóra Kristján
Blöndal á Sauðárkrók.
Það er samkomulag málsaðila,
að sátta fundinum sé frestað um
óákveðinn tíma, og lofa þeir báðir
að mæta aptur á sáttafundi í þing-
húsi Sauðárhrepps, þegar fyrsti
sáttasemjari kallar þá, án nýrra
stefnu, þó sé ei frestunin ekki lengur en 1 mánuð.
Fundinum frestað.
Árni Björnsson. Kristján Blöndal

Mál þetta var aptur fyrirtekið á framhaldssáttafundi, sem haldinn var í þinghúsi hreppsins þriðjudaginn, hinn 3. okt. 1905. Mættir voru á fundinum málsaðilar báðir sjálfur, og sáttasemjararnir. Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar og er því málinu hérmeð vísað til dóms og laga.

Sauðársáttaumdæmi 3. okt. 1905.
Sauðárkróki

Árni Björnsson   Kristján Blöndal



Ár 1905, hinn 29. nóvember var settur sáttafundur í barnaskólanum á Sauðárkróki.

Í fyrsta sinni eptir löglega útnefningu sem annar sáttasemjari var á fundinum mættur herra Jón Guðmundsson á Sauðárkróki, og undirskrifar hann svolátandi embættiseið:

Ég Jón Guðmundsson, sem er valinn og nefndur til forlíksmanns í Sauðársáttaumdæmi, heiti því og sver, að ég af fremsta megni skal kappkosta að framfylgja einstegri forlíkun millum hlutaðeigenda, í öllum þeim málum, er koma fyrir umgetna nefnd, og að ég skal til þess stuðla af ýtrustu kröptum með alvöru alúð og hreinskilni, einsog ég eptir samvizku minni hefi bezt vit á. Svo vil ég að guð hjálpi mér og hans heilaga orð.

J. Guðmundsson

Að því búnu var fyrirtekið

Sáttamálið: Stefán Björnsson á Skíðastöðum gegn Chr. Popp, á Sauðárkróki.

Var þá fyrst upplesin kæran, sem er svohljóðandi:

Laugardaginn, 7. okt. s. l. var ég undir-
ritaður Stefán Björnsson í Skarðárstöðum
staddur í sölubúð L. Popps verzlunar á
Sauðárkróki; varð okkur verzlunarstjóra
Christian Popp á Sauðárkróki þá sundurorða
út úr nokkrum atriðum í verzlunar reikn-
ingi mínum við téða verzlun. Í því orða-
kasti viðhafði nefndur verzlunarstjóri ýms
meiðyrði og móðgunaryrði í minn garð.
er ég álít að séu hegningarverð að lögum, og
sem ég því alls ekki get þolað umtals eða
bótalaust. Eitt af því, er nefndur Christian
Popp bar upp á mig í áheyrn og viðurvist
margra mér lítt þekktra manna þar í búðinni
var það, að ég hefði stolið vaðstígvélunum, er
ég þá var í. Það er auðsætt hverjum manni
að slíkur áburður sem þetta er með öllu ó-
þolandi fyrir hvern heiðvirðan mann, en
ekki síst fyrir ungan mann, sem er fyrst
er að koma opinberlega fram á verksvið
lífsins, og sem þarf að komast áfram. Þau
geta auk heldur gjörbreytt afstöðu hans gagn-
vart þjóðfélaginu og hverjum einstökum
meðlim þess, er slíkt spyr, í hið versta horf.



Það er engin ástæða til að ætla, að sá maður, sem
lítið annað hefur við að styðjast en mannorð sitt
og handafla, geti eða vilji þola slíkar árásir
á mannorð sitt af nokkrum manni, einkum
þegar þar við bætist að (~~slíkt~~) hann getur búist
við að slíkt hafi mikil og ill áhrif á atvinnu
hans, og jafnvel svipt hann miklum hluta
hennar. Ekkert er eðlilegra en að ein milt
þetta eigi sér stað með mig, út af þessum
aburði verzlunarstjórans. Ég hefi talsverðum
opinberum störfum að gegna hér í sveitinni, er
að meiri eða minni leyti snerta fjármál sveitar-
innar í ýmsum greinum, þar sem ég er bæði
deildarstjóri Kaupfélagsdeildarinnar, fulltrúi
og deildarstjóri Ræktunarfélagsdeildar Skefil-
staðahrepps, formaður og gjaldkeri Garðræktar-
félagsins, og gjaldkeri málfunda-félagsins
í Skefilstaðahreppi. Þar að auki hefi ég tals-
verðar útréttingar í peningasökum fyrir
privatmenn, og hefi því opt umráð yfir
miklum peningum sem aðrir eiga. Ég
hefi leitt þetta fram til þess að sýna að áður-
umgetnar meiðingar hljóta að hafa þau áhrif á
sveitunga mína og meðbræður í félaginu, að
þeir svipti mig atvinnu minni og það sem
mér þykir mestu máli skipta, eyðileggi það

traust, sem sveitungar mínir bera til mín, og sömuleiðis álit annara manna út í frá, en slíks mátti vænta, ef slík ummæli um sölu meiðyrði Christians Popps væru látin óátalin.

Útaf þessu leyfi ég mér hérmeð að leita til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárhreppi og beiðast þess að hún mætti þóknast að kalla herra verzlunarstjóra Christian Popp á Sauðárkróki, ásamt mér, fyrir sig hið fyrsta, til þess að fá hann til að sættast á þetta mál á þann hátt að hann fyrst: greiði mér samkvæmt 217 gr. hegningarlaganna 400 krónur - fjögur hundruð krónur - fyrir ofangreind meiðyrði, sem og fyrir Tors. og Credit-Spilde, 2^ad^ biðji mig fyrirgefningar í Norðurlandi, eða öðru opinberu blaði á téðum meiðyrðunum, 3^o^ greiði allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin ómök mín. Komist sátt eigi á óska ég að málinu verði vísað til dóms og laga.

Skíðastöðum 23. nóv. 1905.

Stefán Björnsson



Báðir málsaðilar voru mættir sjálfir á fundinum. -

Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar og er því málinu hérmeð vísað til dóms og laga.

Sauðársáttanefnd, Sauðárkrók 29. nóv. 1905.

Árni Björnsson. Gudmundsson

---

Ár 1905, hinn 20. desember, var sáttafundur settur og haldinn af 1. sáttasemjara, ásamt herra verzlunarstjóra Kristjáni Blöndal, á Sauðárkróki.

Var þá fyrir tekið málið:

Magnús Benediktsson
gegn
Benedikt Sölvasyni.

Var upplesin svohljóðandi kæra:

„Árið 1902, borgaði þáverandi oddviti Sauðárhrepps Benedikt Sölvason á Ingveldarstöðum úr hreppsreikningi til kaupmanns Jóhannesar Stefánssonar á Sauðárkróki 88 kr. 51 eyrir - áttatíu og átta krónur, fimmtíu og einn eyri - sem nefndur kaupmaður taldi til skuldar hjá mér fyrir hönd verzlunar sinnar, án þess að hafa verið undir mig útborgun

þess að þvingið leyfi hennar frá minni hálfu. Eg get ekki verið þeirrar skoðunar að oddvitinn hefi vald til þess, uppá eigið umdæmi að borga privatskuldir manna og setja þá í skuldir við sveitarsjóðinn án þess að þeim gefist kostur á að rannsaka skuldarupphæðina, eða geti sagt til að hún sé rétt tilfærð. Reikning fyrir áðurnefnda upphæð fékk eg aldrei frá herra kaupmanni Jóhannesi Stefánssyni og get eg því ekki sagt um enn sem komið er, hvort eg hafi nokkurntíma skuldað honum upphæð þá, er oddviti hefur borgað fyrir mína hönd; en hvort sem skuldarupphæð þessi er rétt eða ekki, þá er eitt víst, að oddvita brast alla heimild til að borga herra kaupmanni Jóhannesi skuldina án minnar leyfis eða beiðni. Eg get því ekki þolað áðurnefndum oddvita gjörræði þetta og neyðist til að snúa mér til



hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðársáttaumdæmi, og biðja hana að kalla fyrrverandi oddvita Sauðárhrepps, Benedikt bónda Sölvason á Ingveldarstöðum, ásamt mér, sem allra fyrst fyrir sig og reyna til að fá hann til að sætt sig á að borga úr sínum vasa áðurnefndar 88 kr. 51 eyri, og allan þann kostnað er leiði hann af sátta umleitun þessari. Komist sætt eigi á, bið eg að málinu verði vísað til landslaga og réttar.

Virðingarfyllst

Sauðárkrók 8. des. 1904

Magnús Benediktsson.

Báðir málsaðilar voru sjálfir mættir. Eptir allítarlegar sáttatilraunir komst á svo lögud sætt:

„Kærandinn kveður sig fúsan til sátta uppá þau skilyrði, að skuldarupphæð sú, er myndaðist við það að Sauðárhreppur, hinn 12. april 1902, hans vegna borgaði inn í viðskipta–

reikning kæranda við kaupmann Jóhannes Stefánsson, lækki um helming, eða í tölum 44 Kr. 25 aura, og lofar kærandinn þá að hinn leyfinn, að gefa fullnægjandi tryggingu fyrir allri skuld sinni við sveitarsjóðinn og ganga inn á samninga viðvíkjandi borgun á henni við nú starfandi hreppsnefnd.

Þessum skilyrðum tjáir kærði sig fúsan að ganga að, og lofar að annast um að áðurnefndar 44 krónur 25 aurar gangi til lækkunar hinni nú standandi skuld kærandans við sveitarsjóð Sandárhrepps á löglegan hátt.

Með þessari sátt er lokið ágreiningi milli þessarra málsaðila um mál það er kæran um hljóðar og hljóðar, enda haldið báðir gjörða sátt.

Sandársáttanefndin: d. u. s.

Magnús Benediktsson
B. Sölvason
Árni Björnsson
Kristján Arndal



Ár 1906, hinn 10. febrúar, var sáttafundur settur og haldinn a. st. —

Var þá fyrirtekið málið:

Jón Jónsson (eptir umboði)
gegn
Kristni Erlindssyni.

Upplesin var svolátandi kæra:

Herra Kristinn Erlindsson á Ingveldarstöðum skuldar dbrm. hreppstjóra Jóhanni P. Péturssyni á Brúnastöðum 20 Krónur - skrifa tuttugu krónur - Þessa skuld hefur hann átt hjá velnefndum Kristni í nokkur ár, og þrátt fyrir margítrekaðar áminningar, hefur hann enn ekki fengist til að borga honum tjeða skuld. Nú hefur velnefndur dannebrogsmaður, með umboði dagsettu 10. þ. m. falið mér undirrituðum á hendur að ganga eptir umræddri skuld, og þar sem velnefndur Kristinn hefur ekki viljað borga skuld þessa, þrátt fyrir alvarlegar aðvaranir mínar, þá verð jeg að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sandárhreppssáttaumdæmi

og biðja hann að kalla velnefndan Krist-
inn + og mig undirritaðan fyrir
sig svo fljótt sem hægt er, til þess
að fá hann til að borga áður taldar
20 krónur, sem og 6% vöxtu af
skuldinni frá stefnudegi til borg-
unardags og allan þann kostnað, sem
stefnubirting þessi og sáttaumleitun
kann að hafa í för með sér, og mér
5 krónur fyrir mína þjófhöfn.
Komist sátt eigi á krefst ég að
málinu verði vísað til lands-
laga og réttar.

Hafsteinsstöðum 29. janúar 1906

Jón Jónsson

Kærandi var sjálfur mættur. Hinn
kærði mætti eigi og tilkynnti engi forföll.
Eptir kröfu kærandans er þar máli þessu
hér með vísað til dóms og laga

Sandársáttaumdæmi 10. febr. 1906

Árni Björnsson  J. Guðmundsson
Jón Jónsson



Ár 1906, hinn 13. febrúar, var settur og haldinn sátta-
fundur í þinghúsi hreppsins:
Var þá fyrirtekið málið

Sigfús Eyjólfsson
gegn
Gunnari Jónssyni.

Svohljóðandi kæra upplesin:
Þann 24. janúar síðastliðinn tók herra Gunn-
ar Jónsson, bóndi á Fagranesi, hest minn
út úr húsi hér á staðnum, og ferðaðist á hon-
um án míns leyfis út að Fagranesi.
Í tilefni af ofan rituðu vil ég leita hinnar
heiðruðu sáttanefndar í Sandárhreppi og
beiðast þess að hún kalli sem fyrst
nefndan Gunnar Jónsson, bónda í Fagranesi
á fund með fyrir sig, og reyna til að fá
hann góðmótlega. Það settast á að greiða
mér 8 krónur fyrir ofan ritaðar orsakir
og borga málskostnað. Komist sátt ekki
á æska ég að máli þessu verði vísað til
lands laga og réttar.

Sandárkróki 5 febr. 1906

Sigfús Eyjólfsson
(handsalað)

Báðir málsaðilar voru mættir, auk sátta-
semjaranna.
Eptir nokkrar sáttatilraunir komst
á svolagað sátt:
Kærandinn gefur svolátandi yfir-
lýsingu, sem birta má hér á staðnum:
„Eg Sigfús Eyjólfsson á Sauðárkróki lýsi því hér með yfir að
„eg apturtek aðdróttanir mínar ~~til~~ að
„Gunnari bónda Jónssyni á Fagranesi
„um óleyfilega töku á hesti mínum
„hinn 24. f. m., og að hér er um einberan
„misskilning að ræða, og bið eg hlutaðeigandi
„velvirðingar á þessu atriði“.
Hinsvegar gengur kærði inná að greiða
kærandanum 5 krónu þóknun fyrir
notkun á hestinum og til hluttöku í
málskostnaði, með tilliti til þess, að kær-
andi er fátækur maður aldraður. Greiðist
þessi upphæð sem fyrst þannig:
1. Til kærandans 4.17
2 Til 1. sáttasemjara 0.43
3 — 2 — — 0 40
Þetta má greiðast í innskript. —
Til staðfestu undirritast nöfn hlutaðeiganda.
Sauðársáttaumdæmi 13. febr. 1906.
Sigfús Eyjólfsson (handsalað) Gunnar Jónsson
Árni Björnsson Guðmundsson



Ár 1907, þriðjudaginn hinn 29. jan. var sátta-
fundur settur og haldinn í þinghúsi hreppsins,
og var þar fyrir tekið:
Málið
Hálfdán Kristjánsson
gegn
Guðmundi Jóni Guðmundssyni:
Var fyrst upplesin svolátandi kæra:
„Herra Guðmundur Jón Guðmundsson
„á Sauðárkróki óð uppá mig með særandi
„meiðyrðum hinn 22. þ. m. í viðurvist
„margra votta í sölubúð Jóhannesar kaupm.
„Norðfjörðs hér á staðnum. Kallaði hann
„mig hrossaræ, lygara, svikara, ómerkan
„mann frá barndómi, og bar það enn á
„mig að eg hefði framið fleirkvæni með
„mörgum fleiri ósæmilegum orðum í
„minn garð. Þar eð eg á engan hátt
„get fundið mig í, að liggja undir þess-
„svívirðandi sakargiftum, leyfi eg mér
„að skora á hina heiðruðu sáttanefnd
„í Sauðárhrepps sáttaumdæmi að hún kalli
„nefndan Guðmund Jón Guðmundsson
„ásamt mér fyrir sig til sáttaumleitana.
„Krefst eg þess að herra Guðmundur Jón Guð-
„mundsson biðji mig fyrirgefningar og
„apturkalli opinberlega ærumeiðandi aðdrótt-
„anir við mig, greiði 100 krónur eða fyrir

og borgi málskostnað allan.
Kærinist sættist ekki á, krefst ég þess að málinu verði vísað til dóms og laga. —

Sandárkróki 24/1 1907

Hálfdan Kristjánsson

Báðir málsaðilar voru mættir, auk sjálfra sáttasemjaranna.
Eptir nokkrar sáttatilraunir komst á svo löguð sátt:
Um leið og kærði tekur að öllu aptur meiðyrðin, og gengur inn á að greiða málskostnað og 5 kr. sekt til Sandárhrepps, gefur hann eptirfylgjandi yfirlýsingu, er kærandanum sé heimilt að nota eptir vild sinni:
Ég, Guðmundur Jón Guðmundsson lýsi hérmeð yfir, að ég ~~vil~~ af heilum hug apturkalla öll þau særandi meiðyrði, sem ég í bræði minni og ölæði, hefi að ósekju haft um og við herra Hálfdán Kristjánsson á Sandárkróki og bið hann innilega að fyrirgefa mér þetta mitt vanhugsaða áhlaup; lofa ég jafnhliða að greiða 5 krónu sekt til fátækra í Sandárhreppi, og sömuleiðis málskostnað.
Á þenna hátt komst full sætt á í máli



þessu, og skal ~~[illegible]~~ undirskript kærða undir sáttagjörð þessa jafnhliða skoðast sem undirskript (sér staklega undir þá yfirlýsingu hans, sem felst inni í sáttagjörðinni hér að framan.

Sandársáttaumdæmi 29. januar 1907.

Árni Björnsson Guðmundsson
Geiri Jón Guðmundsson
Hálfdán Kristjánsson

Ár 1907, hinn 30. Sept., var sáttafundur settur og haldinn af hinum reglulegu sáttanefndarmönnum, í þinghúsi hreppsins á Sauðárkróki.

Var þá fyrir tekið málið

Jóhannes Norðfjörð

gegn

Kristni Erlindssyni.

Var upplesin svohljóðandi kæra:

Sumarið 1906 bað Kristinn bóndi Erlindsson á Ingveldarstöðum á Reykjaströnd hér í sýslu mig undirritaðan Jóhannes Norðfjörð á Sauðárkróki að selja fyrir sig eignar og ábýlisjörð sína, áðurnefnda hálfa Ingveldarstaði, og gaf mér þar til hljóðandi umboð dagsett 15. Sept. 1906, og framtekin voru sölulaun, er ég skyldi hafa, tækist mér að selja téðan jarðarpart. Eptir að mér var afhent umboð fyrir sölunni, fór ég að reyna



að selja áðurnefndan jarðarpart og komst þá í samninga við Skarphéðinn Símonsson í Litladal í Blöndudalshlíð hér í sýslu um að hann keypti jarðarpartinn við því verði, er eigandi hans setti, og þar við voru ómakslaun mín miðuð, nefnilega 2% af söluverðinu, en engir skriflegir samningar voru gjörðir á milli okkar Skarphéðins. Þegar nú að Kristinn sá að salan mundi takast, kemur hann til mín og heimtar umboð sitt aptur, og skorar á mig, að segja af mér söluréttinum, þar hann vildi gjöra söluna sjálfur, en segir að hann skuli borga mér 50 krónur – fimmtíu – fyrir það ómak sem ég sé búinn að hafa við að selja áðurtéða eign hans, selur síðan jörðina sjálfur, án þess þó að apturkalla söluumboð mitt löglega eða með nægum fyrirvara.

Nú hefi ég farið þess á leit við nefndan

Kristinn, að hann borgaði mér þessar 50 - fimmtíu - krónur, er hann bauð fram, eða að umboð mitt standi óhaggað og ég fengi full sölulaun. Nú vill beiðandi Kristinn hvorugt af hendi láta, svo að ég er til neyddur að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar Sauðárkrókssáttaumdæmis, og biðja hana að kalla áðurnefndan Kristinn Erlindsson frá Ingveldarstöðum fyrir sig, og mig líka til þess að fá hann til að borga mér eða þá að umboð mitt standi óhaggað og ég fái full sölulaun eins og hann hafði ákveðið. Ennig að hann borgi allan þann kostnað sem sáttatilraun þessi kann að hafa í för með sér og mér full ómakslaun.

Komist sátt ekki á, krefst ég að málinu verði vísað til landslaga og réttar.

Sauðárkróki 26. sept. 1907

Jóh. Norðfjörð



Báðir málspartar voru sjálfir mættir. Eptir nokkrar sáttatilraunir komst á svo löguð sátt. Kærði lofar og skuldbindur sig til að greiða kæranda 20 - tuttugu krónur - í peningum, vörum, vinnu eða öðru sem kærandi kann gilt að taka, helminginn 10 - tíu krónur - fyrir næsta nýjár og hinn helminginn fyrir 1. júlí 1908, - og sé þar með fullnægt kröfum kærandans ~~að~~ um ómakslaun fyrir sölu jarðarpartsins, er málið er risið út af, enda skili hann kærða tafarlaust umboðsskjali því, er kærði á sínum tíma gaf honum til að selja jarðarpartinn gildir. - Málskostnað borgar hvor um sig til helminga.

Sauðársáttaumdæmi 30. sept. 1907.

Árni Björnsson Jóh. Norðfjörð

Kristinn Erlendsson

Guðmundsson

Ár 1908, hinn 20. okt. var sáttafundur settur og haldinn af 1. sáttasemjara síra Árna Björnssyni, og herra Kaupmanni Sigurgeir Daníelssyni, en 1. sáttasemjari hafði kvatt sér til aðstoðar, í forföllum 2ars sáttasemjara, sem samtímis hafði embættisverki að gegna sem hreppstjóri. Sáttafundurinn var haldinn í Goodtemplarahúsinu á Sauðárkrók. Báðir málsaðilar voru mættir.

Var þá fyrirtekið málið:

Ólafur Reykdal

gegn

Jóhannesi Norðfjörð.

Var upplesin svohljóðandi kæra:

Með bréfi dags. 2. nóv. 1906 keypti eg undirritaður hið svokallaða Lundsens hús á Sauðárkrók af hr. Oddi bónda Einarssyni frá Tyrfingsstöðum í því ásigkomulagi og með öllu tilheyrandi eins og hann varð eigandi að því á uppboði á Sauðár-



krók 28. sept. 1906. Eitt meðal annars, er húsinu þessu fylgdi var vandaður lopthitunarofn er stóð í suðvesturstofu í íbúðarhúsi Lundsens sál. er eg hefi heyrt að hafi kostað Kr.: 140,00 - eitt hundrað og fjörutíu krónur. Í okt. síðastliðinn vor tók eg á móti áðurnefndu íbúðarhúsi ásamt skúrum, er herra Kaupm. Jóhannes Norðfjörð hafði haft til leigu, frá þeim tíma er fyrirfaðir Oddur varð eigandi að þeim og til þess tíma er eg tók á móti húsunum eptir hans leigutíma. Við móttöku húsins vantaði þenna áðurnefnda ofn í suðvesturstofuna. Eg spurði þá fráfarandi Jóhannes Norðfjörð eptir ofninum og sagðist hann ekki hafa leigt ofn af mér með húsinu. Vegna þess, eins og að ofan er tekið fram, þá átti þessi ofn samkvæmt kaupsamningi mínum að vera á þessum stað, sem hann upprunalega stóð, en með því eg veit til þess, að hann var burttekinn af völdum Jóhannesar Norðfjörðs, og í annan stað lá skemmdur jafnvel ónýtur uppi á lopti í húsinu

þá krafðist eg þess við móttöku hússins af
honum í beggja manna viðurvist, að hann
skilaði ofninum jafngóðum og hann hafði
tekið við honum. Norðfjörð svaraði mér
engu nema illyrðum; — Eins og kunnugt er
seldi eg á síðastliðnum vetri Árna Skó-
smið Pálssyni á Sauðárkrók umrædd
hús með öllu tilheyrandi, eins og eg hafði
frekast orðið eigandi að þeim. Strax við
móttöku hans á húsinu heimtar hann af
mér áðurnefndan ofn óskemmdan á
sinn stað, og þá umleið skoðuðum við ná-
kvæmt ofninn, sem lá þá uppi á norðurlopti
hússins í mörgum pörtum, allur ryðgaður
og að áliti okkar beggja alveg ónýtur. Við-
takandi benti mér þá á kaupsamning okkar
og sýndi mér fram á, að hann gæti ekki beð-
ið þannig skaðabótalaust, að fá ekki fullt
endurgjald fyrir skemmdir á umræddum ofni.
Sagðist hann vilja fá sér borgaðar að minnsta
kosti Kr: 120,00 - eitt hundrað og tuttugu krónur
þarfyrir í skaðabætur. Vegna þess að eg er ekk-
ert valdur að skemmdum þessum og finnst
mér að krafa þessi sé sanngjörn, krefst



eg þess að velnefndur Jóhannes Norðfjörð greiði
mér skemmdir þessar að fullu svo ekki sé
hægt uppá að klaga af kaupanda Árna
Pálssyni. Ennfremur get ég ekki annað
en krafist, að velnefndur Jóhannes Norð-
fjörð greiði mér að minnsta kosti 25 kr.
- tuttugu og fimm krónur - fyrir leyfis-
lausa notkun á norðurlopti í sama
húsi frá 14. maí 1907 til 14. maí 1908.
Til þess að fá bæði þessi málefni til lykta
leidd, neyðist ég hérmeð til að snúa mér
til hinnar heiðruðu sáttanefndar í
Sauðárkróks umdæmi, og beiðist þess að
hún kalli mig ásamt herra Jóhannesi Norð-
fjörð fyrir sig til þess að reyna að fá hann
góðmótlega til að greiða mér Kr. 120,00 fyrir
[illegible] og skemmdir á margnefndum ofni
og Kr. 25,00 í húsaleigu eftir norðurloptið í áð-
urnefndu húsi, ásamt kostnaði þeim, er málaleit-
un þessi hefur í för með sér. Komist ekki sátt
á, vísa ég máli þessu til dóms og laga

Sauðárkrók 13. okt. 1908

Ólafur Reykdal.

Allar sáttatilraunir í máli þessu reyndust árangurslausar, og er því þessvegna hérmeð vísað til dóms og laga.

Sandársáttanefndin
Sandárkróki 20. okt. 1908.

Árni Björnsson
Sigurgeir Daníelsson

---

Ár 1910 hinn 10. januar var sáttafundur settur og haldinn á Sandárkróki að viðstöddum báðum hinum löglegu sáttasemjurum, - og voru málsaðilar mættir sjálfir.

Var fyrst tekið málið:
Gunnar Sigurðsson
gegn
Árna Pálssyni. -



Upplesin var svohljóðandi kæra:
"Á síðastliðnum oktobermánuði „1909 sendi Guðmundur Ólafsson „bóndi í Ási í Hegranesi mér með „Árna Pálssyni, skósmið á Sandárkróki „50 Krónur, sem hann biður Árna að „afhenda mér, þegar hann kæmi ofan„um; en þegar hingað kom bíður „Árni Pálsson mig undirritaðan „um þessa peninga einn mánaðar„tíma eða til nóvembermánaðar „loka síðastliðinn, en sökum þess „að ég vissi að maðurinn lá á „peningum, fyrir efni að hann sagði „til að vinna út í vetur, eins líka „áleit ég áðurnefndan mann í alla „staði áreiðanlegan, þá leyfði ég „honum að hafa peninga þessa „yfir þetta umgetna tímabil, en nú „hefi ég talað við Árna tvisvar sinn„um um borgun á skuld þessari „og umfremur skrifað honum tvisvar

„sinnum, og hann ekkert að gert, og
„brýnt það fyrir honum hvað ég líði
„mikið tjón fyrir vanskil hans á
„skuld þessari; skal ég því hérmeð
„leyna mér til hinnar heiðruðu sátta-
„nefndar Sauðárkrókssáttaumdæmis
„og biðja hana að kalla velnefndan
„Árna Pálsson og mig undirritaðan
„fyrir svo fljótt sem unt er, og reyna
„til þess að hann þar borgi mér þessar
„50 krónur, er ég lánaði honum yfir
„þetta tímabil; Sömuleiðis er það
„krafa mín að hann borgi mér 6%
„rentur af kr. 50,00, samkvæmt því
„sem ég sjálfur þarf að borga af skuld-
„um mínum við hver áramót; enn-
„fremur að hann borgi allan máls-
„kostnað, er af máli þessu gæti risið. Kom-
„ist sátt ekki á, krefst ég þess að málinu
„verði vísað til landslaga.

Sauðárkróki 6. jan. 1909

Gunnar Sigurðsson



Fram kom fyrir sáttanefndina reikn-
ingur frá kærða yfir ýmislegt, er hann
kvaðst heimta að gengu til lúkningar
þeim 50 krónum, er málið er út af risið,
og upplýstist jafnhliða, að viðskipta-
milli málspartanna eru eigi glögglega
uppgerð. Kærandinn hefur ekkert á
móti, að umræddar 50 krónur takist
réttvíslega til greina í uppgjörð slíks
viðskiptareiknings, - sem eigi er hægt
að gera upp hér fyrir sáttanefndinni
sakir vantandi undirlaga frá kærand-
ans hendi.

Eptir nokkurt samtal fram og aptur
um sakir þessar, komst á svolátandi
sátt í málinu.

Kærandi og kærði sættust til fulls á það,
að þeir skyldu sjálfir gjöra upp alla
sína viðskiptareikninga, og þar inn í
teknar hinar umdeildu 50 krónur, sem
allra fyrst, - og skal sá málspartanna, sem
þá kemur til að skulda hinum, greiða
skuld þá ~~fyrir~~ ásamt 6% vöxtum af
henni fyrir 1. apríl næstkomandi. Hvað
málskostnað snertir borna máls-

partar sér saman um, að skipta honum í tvo jafna parta sín á milli, þannig að hvor um sig borgi 1,16 aura.

Var sáttin þessi næst upplesin og af hlutaðeigendum samþykkt.

Fundinum síðan slitið.

Árni Pálsson  Árni Björnsson

Gunnar S. Sigurðsson  Guðmundsson

Ár 1910, hinn 28. des. var settur og haldinn sáttafundur á Sauðárkróki í húsi 2ars sáttasemjara, og voru málsaðilar báðir mættir.

Var fyrir tekið málið

Jón Pálmason, vegna Chr. Havsteen

gegn

Flóvent Jóhannessyni.

Upplesin var svohljóðandi kæra:



Þar eð herra Flóvent Jóhannesson á Sauðárkróki í Skagafjarðarsýslu hefur enn eigi, þrátt fyrir mínar mörgu tilraunir, viðurkennt skuld þá sem hann er í við herra Direktör Chr. Havsteen Kaupmannahöfn, sem er að upphæð Kr. 242,51. - tvö hundruð fjörutíu og tvær, 51 eyrir, þá leyfi eg mér hérmeð að leita hinnar heiðruðu sáttanefndar í Sauðárkrókshreppi og beiðast þess að hún kalli áðurnefndan Flóvent Jóhannesson, ásamt mér fyrir sig og reyni til að fá hann til að skuldbinda sig með sátt til greiðslu nefndrar upphæðar Kr. 242,51, og greiða kostnað þann, sem sáttaumleitun þessi hefur í för með sér. Komist sátt eigi á, bið eg þess, að málinu verði vísað til landslaga og dóms.

Sauðárkróki 23. des. 1910

Jón S. Pálmason.

Allar sáttatilraunir í máli þessu reyndust árangurslausar, og er því hérmeð vísað til dóms og laga.

Sandársáttanefndin
Sandárkrók 28. des. 1910
Árni Björnsson
Guðmundsson

Ár 1911, hinn 21. febrúar, var settur sáttafundur í barnaskólanum á Sandárkróki, og voru málsaðilar báðir mættir.

Var fyrir tekið málið
Bjarni Magnússon
gegn
Jóni S. Pálmasyni

Var upplesin svohljóðandi kæra:

Þar eð ég hefi eigi þrátt fyrir margítrekuð tilmæli mín fengið greitt frá herra Jóni S. Pálmasyni factor Grånufjelagsins á Sandárkrók fyrir skemmdir á skrúfklúp er ég lánaði honum síðastliðið sumar við bygg-



ingu á vörugarði þeim, er þar var byggður síðastliðið sumar. Þar eð ég sem járnsmiður hefi liðið tilfinnanlegan skaða við að geta ekki notað áhald þetta nú í vetur hlýt ég að gjöra kröfu mína hærri en aðgerð á skrúfklúpunni nemur. Eftir gefnum upplýsingum kostar aðgerð á skrúfklúpunni sem næst 9 krónum og vinnutap mitt tel reikna ég 2 kr. fyrir hvern mánuð frá því ég lánaði skrúfklúppuna til Jóns factors Pálmasonar og þar til hann hefur að fullu greitt fyrir skemmdir á honum. Leyfi ég mér því að leita hinnar heiðruðu sáttanefndar, og beiðast þess að hún kalli sem fyrst nefndan Jón factor Pálmason á sáttafund mér fyrir sig og reyni til þess að fá hann til að greiða mér góðmótlega: fyrst kr. 9,00 fyrir skemmdir á nefndum klúpi, 2° skaðabætur er nemi 2 kr. fyrir hvern mánuð frá því að ég lánaði honum skrúfklúpinn og þar til ég hefi fengið aðgerð á honum aftur, 3° ….. þess áskil ég mér, að fá að fullu greitt alla fyrirhöfn mína við rekstur þessa máls. Komist sætt ekki, bið ég þess, að máli þessu verði vísað til dóms og laga.

Sandárkrók 16. febr. 1911
Bjarni Magnússon

Allar sáttatilraunir í máli þessu reyndust árangurslausar, og er því hérmeð vísað til dóms og laga.

Sauðársáttanefndinni 21. febr. 1911.

Árni Björnsson  J. Guðmundsson

---

Ár 1911, hinn 22. september, var settur sáttafundur í barnaskólanum á Sauðárkróki, og þar fyrir tekið málið:

Kristmundur Guðmundsson, Hrauni

gegn

Jóni factor Pálmasyni á Sauðárkróki.

Var upplesin svohljóðandi kæra:

Haustið 1908 var ég ráðinn fiskitökumaður á Selnesi fyrir Gránufélagsverzlunina á Sauðárkróki og var svo um samið milli mín og verzlunarstjórans að ég skyldi hafa í kaup hvort sem ég heldur vildi 10 krónur á viku eða 3 kr. fyrir hvert skippund af fiski



þeim, er ég tók á móti. Ég hafði starf þetta á hendi í 5 vikur frá 1. okt. og tók á móti 18 skippundum af fiski. Þegar ég fékk viðskiptareikning minn frá verzluninni, voru mér færðar til inntekta aðeins 36 krónur fyrir fisktökuna og mér fært til skuldar við téða verzlun 12 krónur, sem verzlunin hefur síðan reiknað vexti af og mér með hótuð innheimta téðrar skuldar með lögsókn. Neyddist ég því til að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar, og beiðast þess að hún sem fyrst kalli ~~fyrir~~ herra Jón Pálmason verzlunarstjóra Gránufélagsins á Sauðárkróki ásamt mér fyrir sig til þess að reyna til að fá hann til að sættast á að borga mér hið áður umsamda fiskitökukaup, sem er 3 kr. fyrir hvert skippund af fiski þeim, er ég tók á móti. Ennfremur að endurborga mér vexti þá, er tilfærðir hafa verið af áðurnefndri verzlunarskuld ~~minni~~ – og

greiða kostnað þann, sem þessi sáttaumleitun hefur í för með sér. Komist sátt eigi á, óska ég þess að málinu verði vísað til dóms og laga.

p. t. Hvammi 10. sept. 1911

Kristmundur Guðmundsson

---

Í forföllum 2ars sáttasemjara Jóns hreppstjóra Guðmundssonar, tók 1. sáttasemjari herra kaupmaður Sigurgeir Daníelsson sér til samvinnu við sáttastarfið.

Kærandi er sjálfur mættur á sáttafundinum, en hinn kærði mætir ekki (þrátt fyrir það að hinn tilkvaddi sáttasemjari [illegible]) og gjörði boðum það á fundinn, [illegible] ~~[illegible]~~ og lætur ei heldur neinn annan mæta fyrir sig. ~~[illegible]~~

Þar eð annan málsaðila þannig vantar á sáttafundinn, verða engar sáttatilraunir þar gjörðar. En eftir beiðni kröfu kærandans er ~~vísað~~ málinu hér með vísað til dóms og laga.

D. u. s.

Árni Björnsson   Sigurgeir Daníelsson



Ár 1912, hinn 25. januar, var settur og haldinn sáttafundur í barnaskólahúsinu á Sauðárkróki og þar fyrir tekið málið

Sæmundur Sigfússon

gegn

Gunnari Sigurðssyni

Var upplesin svohljóðandi kæra:

„Í marzmánuði 1909 keypti ég
„að herra Gunnari Sigurðssyni á Sauðárkróki
„húseign hans hér á staðnum ásamt úti-
„húsum fyrir 4000,00 kr. samkvæmt samn-
„ingi, dagsettum í marzmánuði 1909.
„Í þeim samningi er skýrt tekið fram
„að fari svo, að ég ekki geti staðið í skil-
„um með greiðslu fyrir húseignina, eins
„og á er kveðið í samningnum, beri
„mér að greiða til seljanda sanngjarna
„leigu fyrir húseignina yfir þann tíma
„sem ég hafi hana undir hendi, ef
„atvikin semur svo um, að kaupin
„gangi til baka.
„Síðastliðið vor, þegar ég sýktist lang-
„vinn veikindi, sá mér ekki fært, þá
„um tíma, að halda áfram greiðslu

tók Gunnar Sigurdsson húsid í sína
umsjón, án míns leyfis og samþykkis.
Eg vildi þá strax ad vid kæmum okkur
saman um, ad nefndur Gunnar Sigurds-
son annadhvort keypti af mér húsid,
eda fengi þad á leigu, en hann vildi
ekkert um þad tala, og engan samn-
ing gjöra í því efni. Eg gat þá ekki
sökum afleidinga af veikindum
mínum, átt í neinu málastappi,
og hélt jafnframt ad hann mundi,
þegar frá lidi, gjöra vid mig sann-
gjarnan samning, en þad hefur al-
gerlega brugdist. Eg hefi sídan margoft
reynt ad fá samkomulag um þessi
húsakaup. en allt árangurslaust,
og lítur helst út fyrir, ad hann vilji
hafa bædi húsid, og þad sem eg var
búinn ad borga uppí hús verdid.
Alls átti eg ad greida til Gunnars Sig-
urdssonar sjálfs 1900,00 kr. og hefi eg fylli-
lega stadid í skilum med þá borgun. Eg
hefi nú þegar greitt honum kr 1547,60
og þess utan hefi eg borgad í rentum
afborganir og brunabótagjald kr. 236,01



samanber þó reikninga, sem verda til sýnis
á sáttafundinum. Þær skuldir, er mér
bar, samkvæmt samningnum ad greida,
vegna Gunnars Sigurdssonar, hefi eg ekki
enn þá tekid formlega ad mér, ekki haft
nafnabytti, enda er ekki kominn tími
til þess, því eg þarf ekki ad byrja vid
greidslu á húsverdinu fyr en í septem-
ber 1912.
Jeg kýs því ad snúa mér til hinnar
heidrudu sáttanefndar, og beidast þess
ad hún kalli nefndan Gunnar Sigurds-
son á Saudárkróki, ásamt mér, fyrir
sig og reyni ad fá hann til þess, annad-
hvort ad skila mér húseigninni aptur
og borga mér sanngjarna leigu fyrir
þann tíma, sem hann hefur búid í húsinu
eda þá ad hann greidi mér til baka
þad, sem eg hefi greitt honum af and-
virdi hússins, ad frádreginni sanngjarnri
leigu fyrir þau tvö ár, sem eg bjó í hús-
inu. Komist sætt eigi á, bid eg ad
máli þessu verdi vísad til dóms og laga.

p.t. Saudárkróki 18. jan. 1912

Sæmundur Sigfússon.

Mættir voru á sáttafundinum málsaðilar báðir, og hvíldi reglulegur sáttasemjari.

Eptir langar sáttaumleitanir, komst á svolátandi sætt.

Kærandi, Sæmundur Sigfússon segir sig að öllu frá kaupum á húseigninni, er um ræðir í kærunni, en ~~Gun~~ kærði lofar og skuldbindur sig til að greiða ~~Sæm~~ kæranda Kr. 225,00 – tvö hundruð tuttugu og fimm krónur – svo sem uppbót þess er hann, kærandinn, sé búinn að greiða til kærða upp í húsverðið fram yfir sanngjarna húsaleigu þann tvö ár, er hann (: kærandi) bjó í húsinu.

Skal kærði, Gunnar Sigurðsson, greiða upphæð þessa Kr. 225,00 þannig:

Kr. 115,00 – í peningum, fyrir októberlok þetta ár (1912) og 110,00 – í peningum fyrir októberlok 1913. = Listi yfir útistandandi ~~skuld~~ skuldir kæranda ~~hjá~~ ýmsum, er hann hafði afhent kærða sem borgun upp í húsið, og sem sýnir, að hann (: kærði) ekki, að eigin sögn, hefur náð inn nokkrum hluta nefndra áðursagðra skulda, afhendist nú aptur kæranda, sem hans óátalin eign, – er hann hefur rétt til að innheimta, ~~sjálfur~~ að því leyti sem ógreitt er, samt skal það að einhver, sem kærði neitar að hafi borgað sér, eigi að síður hafi honum borgað, – ber honum að endurborga það til kærða.

Af hlutum í geymslu hjá kærða á kærandinn nú: eitt matborð, eitt þvottaborð, ~~og~~ ein ~~dúsk~~ vigt, og eina kaurútta, einn spegill, einn þvottaballi, – og skilast hlutir þessir að sjálfsögðu í því ástandi sem þeir nú fyrir finnast.

Með sætt þessari er viðskiptum fram að þessum tíma milli kæranda og kærða að fullu lokið og reikningar sléttir, – svo að eigi skal ágreiningur framar milli þeirra út af þeim ~~húsa~~.

Sandárkróki ~~sátta~~ sáttafundinum 25. jan. 1912.

Gunnar S. Sigurðss.

Sæmundur Sigfússon

Árni Björnsson

Guðmundsson

Ár 1912, hinn 5. marz var settur og haldinn sáttafundur í barnaskól-anum á Sauðárkróki og þar fyrir tekið málið:

Gísli Jónsson, fyrir hönd formanns stjórnar hins skagfirska Kaupfélags
gegn
Ísleifi Gíslasyni.

Var upplesin svolátandi kæra:

Ár 1908 hafði Sauðárkróksdeild tals-verð viðskifti við Kaupfélag Skagfirðinga og var þá deildarstjóri deildarinnar Hinrik sál. Árnason á Sauðárkrók. Frá áminstu ári er deildin í skuld við Kaupfélag Skagfirðinga sem nú er orðin með vöxtum kr. 285.34 - tvö hundruð áttatíu og fimm krónur 34 aurar - en þess átti viðskifti áttu að vera klár fyrir árslok 1908.

Til þess að fá áréttingu málsþessa leyfi ég mér samkvæmt umboði formanns Kaupfélags Skagfirðinga Árnórs Árnasonar, Hvammi, dagsettu 27. p.m. að fara þess á leit við hina



heiðruðu sáttanefnd Sauðárkrókshrepps, að hún kalli mig fyrir sig ásamt Ísleifi Gísla-syni kaupmanni á Sauðárkróki, sem er einn af ábyrgðarmönnum deildarinnar fyrir á-minnst ár, samkvæmt meðfylgjandi á-byrgðarskjali, til þess að reyna til að fá hann til að borga áminsta skuld.

Komist eigi sátt á, bið ég þess, að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkróki 28. febr. 1912
Gísli Jónsson

Mættir voru á sáttafundinum málsaðilar báðir, og hinir reglu-legu sáttasemjarar. Þar eð sátta-semjararnir eru báðir riðnir við mál þetta, buðust þeir báðir til að víkja sæti úr nefndinni, - en báðir málspartar, kærandinn og hinn kærði tjáðu sig fyllilega ánægða með að þeir fjölluðu um málið.

Allar sáttatilraunir í máli þessu reyndust árangurslausar og er því hérmeð vísað til dóms og laga.

Sauðársáttanefndin 5. marz 1912

Árni Björnsson  Guðmundsson

Ár 1912 hinn 8. maí var settur og haldinn sáttafundur á Sauðárkróki, og þar fyrir tekið málið:

Valdemar Thorarensen vegna Gránufjelagsins á Sauðárkróki

gegn

Kristjáni Hansen, yngra Sandá.

Svohljóðandi kæra var framlögð:

Með umboði frá árinu 1910 staðfestu í dag hefir verzlunarstjóri Gránufjelagsins á Sauðárkróki falið mjer innheimtu á skuld að upphæð Kr. 17,73 hjá Kristjáni Hansen á Sanda, hinum yngri. Jeg hefi árangurslaust leitast við að fá skuld þessa greidda, og sje jeg mig nú knúðan til að biðja sáttanefnd Sauðárkrókssáttaumdæmis að hlutast til um, að nefndur Kristján Hansen verði kallaður til sátta með mjer, ef verða mætti að sætt gæti komist á þannig að Kristján Hansen greiði mjer áðurtalda upphæð Kr 17,73 auk vaxta 5% frá því í dag og kostnaðar við þessa sáttaumleitun.



Verði ekki af sætt mun jeg krefjast úrskurðar sáttanefndar, en sýni það sig að skilyrðin fyrir úrskurðinum ekki liggi fyrir, mun jeg krefjast þess, að málinu verði vísað til aðgjörða dómstólanna.

p.t. Sauðárkrók 8. maí Maí 1912.

Valdemar Thorarensen.

Á sáttafundinum voru báðir málsaðilar sjálfur mættir, og hinir reglulegu sáttasemjarar sáttaumdæmisins. — Í máli þessu gjörðist svofeld sætt, með fullu samþykki beggja málsparta:

Kærandinn gefur eptir af hinni upphaflegu skuldakröfu Kr. 3,41, og allan kostnað við sáttaumleitan þessa, og gerir sig ánægðan með, að kærði greiði Kr. 14,32 fyrir næsta nýjár, og sje hann (hinn kærði) laus við allar frekari kröfur út af umræddu skuldamáli. Hinsvegar lofar kærði og skuldbindur sig til, að að hafa fyrir næstkomandi nýjár greidd nefnda upphæð Kr: 14,32 - fjórtán krónur, & 32 aura til Gránufjelagsverzlunar á Sauðárkróki. — Sætt

þessa undirskrifa málspartarnir til fullrar staðfestu.

Sauðárkrókssáttanefndinni 9. maí 1912

H. Kr. Hansen  Vald. Thorarensen.

Árni Björnsson  Guðmundsson

Ár 1912, hinn 8. ágúst var settur og haldinn sáttafundur á Sauðárkróki og þar fyrir tekið málið:

Kaupfélagsstjóri Gísli Jónsson pr. pr. Kaupfélag Skagfirðinga

gegn

Stefáni Björnssyni á Sjávarborg.

Var upplesin svolátandi kæra:

Í dag er enn þá óborgað af skuld Skarðsdeildar frá fyrra ári Kr. 755,27, sem þá verandi deildarstjóri deildarinnar herra Stefán Björnsson bóndi á Sjávarborg lofaði í maímánuði að sjá um greiðslu á, eigi síðar en í sumarkauptíð þessa árs. Þar ed eg álít sumarkauptíð vera um garð gengna og engin eyrir af umræddri skuld hefur innborgast á þeim tíma



þá krefst eg nú að fara þess á leit við hina heiðruðu sáttanefnd Sauðárkrókssáttanumdæmis að hún kalli herra Stefán bónda Björnsson á Sjávarborg fyrir sig ásamt mér til þess að fá hann til að borga umrædda skuldarupphæð, ásamt vöxtum frá síðustu áramótum til borgunardags, svo allan kostnað sem af máli þessu kann að leiða. Komist eigi sátt á, bið eg þess að málinu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkrók 30. júlí 1912

pr. pr. Kaupfél. Skagfirðinga
Gísli Jónsson

Á sáttafundinum voru mættir báðir málsaðilar, en í stað 2^{ars} sáttasemjara, sem var fjarstaddur, kvaddi 1. sáttasemjari Kaupmann Sigurgeir Daníelsson til að taka sæti í sáttanefndinni.

Eftir nokkrar sáttatilraunir komst á svolöguð sátt í máli þessu:

Kærði lofar að annast um að hin fyrirstefnda skuld Kr. 755,27. með vöxtum frá síðustu áramótum til borgunardags, verði greidd fyrir hinn 20. október næstkomandi

Þessari sátt til staðfestu
undirrita hlutaðeigendur

Sauðársáttaumdæmi 8. ág. 1912

Stefán J. Björnsson

Árni Björnsson  Gísli Jónsson

Sigurgeir Daníelsson

Ár 1912, hinn 9. ágúst, var settur og haldinn sáttafundur ~~[illegible]~~ á Sauðárkrók og þar fyrir tekið málið:

Flóvent Jóhannesson
og
J. Fr. Michelsen.

Kæruefnið er í því fólgið, - að Flóvent ber það á kærða, að hann hafi hinn 28 f. m. ráðið sig sem fylgdarmann frá Litladal til Brimastuða og þaðan til Sauðárkrók. Hafi svo verið á kveðið að kærandinn biði í Litladal unz kærði kæmi þangað; kvaðst hann og þar beðið hafa til kl. 4½ e. m., en er sér hafi



tekist að leiðast biðin hafi hann farið að Ökrum, í þeim vændum að hitta Michelsens þar. En er fundum þeirra hafi þar síðla dags saman borið, hafi kærði farið að sér með hrakyrðum, og ekki viljað framar þiggja fylgd sína. — Fyrir gabb þetta og afleiðandi vinnutjón heimtar kærandi að kærði greiði sér Kr. 6.00 og málskostnað; en ella, komist sætt ei á, óskar kærandi málinu vísað til dóms og laga.

Mál þetta var fyrir tekið á sáttafundi í dag. Báðir sáttasemjarar ~~voru~~ og kærandinn voru mættir á sáttafundinum en kærði mætti ekki og boðaði engi forföll sín né lét neinn mæta í sinn stað.

Eftir kröfu kæranda ~~er~~ vísast málinu hér með til dóms og laga.

Sauðársáttaumdæmi 9. ág. 1912

Árni Björnsson  [illegible]

Ár 1912, hinn 13. sept., var settur og haldinn sáttafundur á Sauðárkróki og þar fyrir tekið málið:

Birna Björnsdóttir
gegn
Magnúsi Halldórssyni

Var upplesin svolátandi kæra:

„Hinn 4. september vorum við Magnús Halldórsson hér á staðnum ásamt fleiru fólki við heyvinnu fram á Víkurengi, og hafði nefndur Magnús þá ýms meiðyrði og móðgunaryrði við mig, er að minni hyggju eru hegningarverð að lögum. Með því að ég nú vil koma ábyrgð fram hendur honum út af þessu, leiðist ég þess, að hin heiðraða sáttanefnd kveðji Magnús Halldórsson til heimilis hér á staðnum ásamt mér á fund, til þess að reyna að koma á sáttum milli okkar í tilefni af þessu, en takist það ekki óska ég að málinu verði vísað til aðgerða dómstólanna."

Sauðárkróki 5. sept. 1912
Birna Björnsdóttir.



Á sáttafundinum voru mættir málsaðilar báðir, og sáttasemjararnir.

Eptir nokkrar sáttaumleitanir komst á svolátandi sátt:

Kærði lofar og skuldbindur sig til að hafa fyrir 15. október næstkomandi aptur tekið opinberlega í blaðinu Norðurlandi á Akureyri, hin um stefndu meiðyrði, með svo orðaðri yfirlýsingu og fyrirgefningarbón:

„Eg undirritaður viðurkenni, að ég
„hinn 4. sept. þ.á. í óvarkárni við ~~ar~~
„hafði meiðandi orð um Birnu Björns-
„dóttur á Sauðárkróki, er ég hérmeð
„lýsi dauð og ómerk, um leið og ég
„bið hlutaðeigandann velvirðingar
„á þeim sem oftöluðum."

Kærði skuldbindur sig og til að greiða hinum af málinu leidda kostnað, sem er að upphæð Kr. 2,33.

Til staðfestu undirrita málsaðilarnir eigin handar nöfn sín.

d. u. s. –

Árni Björnsson
[illegible]

Magnús Halldórsson
Birna Björnsdóttir

Ár 1912, hinn 14. okt. 1912 var settur og haldinn sáttafundur á Sauðárkróki, og þar fyrir tekið málið

J. Fr. Michelsen
gegn
Kristjáni Gíslasyni.

Var fram lögð og upplesin svolátandi kæra:

Síðastliðið sumar samdi ég svo um við hra kaupmann Kristján Gíslason hér á staðnum, að hann legði vatnsleiðslu inn í hús mitt svonefndan gamla skóla, og átti ég að greiða honum fyrir verk þetta ásamt efni Kr. 170.00 Vatnsleiðslu þessari var lokið 22. okt. 1911. og greiddi ég þá umsamda upphæð Kr. 170,00 til kaupm. Kr. Gíslasonar. Rétt eptir nýjár 1912 þraut strax vatnið í þessari vatnsleiðslu líkl. vegna þess að rörin hafa verið grafin of stutt niður, og vatnið því frosið í þeim. Snemma í vor kom svo vatnið í rörin litlum tíma en hvarf svo aptur jafn skyndilega og það kom. Síðan hefur ekkert vatn verið að hafa úr þessari vatnsleiðslu. Eg hlýt að líta svo á, að herra kaupmaður Kristján Gíslason hafi átt að ganga frá verki þessu svo vel, að ég hefði full not af vatnsleiðslunni, og hefi ég þráopt áminnt hann um að koma henni í lag aptur, en hann hefur eigi viljað neitt við það eiga, og nú í haust þverlega neitað að gjöra við vatnsleiðsluna.

Það liggur í augum uppi, að herr. kaupmaður Kr. Gíslason átti að vinna verk þetta svo af hendi að það kæmi að fullum notum, og ekki hefði ég greitt honum 170 Kr. hefði ég búist við að verkið væri svona illa af hendi leyst og það er dýrt spaug að greiða svo ~~hátt~~ stóra upphæð fyrir rúmlega 4 mánaða afnot af þessari vatnsleiðslu. Þar sem allar mínar tilraunir hafa til einkis orðið í þessu efni, þá hlýt ég hérmeð að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar og beiðast þess að hún kalli herra kaupmann Kr. Gíslason ásamt mér fyrir sig og reyni að fá hann til þess með góðu, að koma framannefndu húsi mínu í gott og varanlegt vatnssamband, eða að öðrum kosti greiði hann mér til baka þær 170 Kr. sem ég hefi greitt honum fyrir áðurnefnda vatnsleiðslu sem var svo illa af hendi leyst að ég hafði ekki not ~~af~~ nema rúma 4 mánuði; jafnframt greiði hann ~~af~~ allan af máli þessu leiðandi kostnað. Komist sætt eigi á, óska ég að máli þessu verði vísað til dóms og laga.

Sauðárkróki 8. okt 1912

J. Fr. Michelsen.

Báðir málsaðilar voru sjálfir mættir og hinir reglulegu sáttasemjarar.

Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar, og vísast því máli þessu hérmeð til dóms og laga.

Árni Björnsson  Guðmundsson

Ár 1912, hinn 31. des. ~~1911~~ var settur og haldinn sáttafundur á Sauðárkróki og þar fyrir tekið:

Halfdán Kristjánsson
gegn
Runólfi Jónssyni

Var framlögð og upplesin þessi kæra:
Þegar eg undirritaður var á ferð til kirkju minnar hér á staðnum á jóladaginn 1912, áð herra tómthúsmaður Runólfur Jónsson á Sauðárkróki upp á mig saklausan í margra manna viðurvist með óheyrilegum skömmum og sagði eg væri guðníðingur og spottari eins og djöfullinn og verri en djöflarnir í helvíti.
Með því að eg ætla að koma fram ábyrgð á hendur greindum Runólfi Jónssyni fyrir téð ummæli, þá leyfi eg mér hérmeð að biðja hina heiðruðu sáttanefnd Sauðárkrókshrepps að kalla mig ásamt nefndum Runólfi Jónssyni fyrir sig á sáttafund, til þess að leita sátta með okkur, og fá hann til þess að greiða sekt eptir ákvæðum 217. 18. og 19. greina hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869. fyrir þessi ummæli sín og apturkalla þau, svo og greiða allan kostnað af sáttaumleitan þessari.
Komist sátt ekki á, þá óska eg að máli þessu verði vísað til aðgerða dómstólanna.

Sauðárkróki 27/12 1912
Halfdán Kristjánsson

Báðir málsaðilar mættir og sáttanefndarmennirnir. —
Sátt komst að í málinu svolöguð:
Hinn kærði lýsir yfir fyrir sáttanefndinni, að hann apturtekur öll móðgunaryrði, sem hann kann að hafa talað gegn kærandanum, og að hann aldrei framvegis skuli að fyrra bragði ráðast að honum með neinum móðgunaryrðum. Í annan stað lýsir kærandinn því yfir, að hann vill eigi

í neinu hafa móðgað hinn kærða, svo sem honum finnst. —
Lýsa þeir því báðir yfir, að þeir fyrirgefa af hjarta hvorir öðrum, það sem þeim finnst hvorum um sig, að þeir hafi á móti hinum brotið.

Kærði tekur að sér að borga áfallinn málskostnað Kr. 1,50 —
Til staðfestu sáttinni rita málsaðilar nöfn sín hér undir

Hálfdán Kristjánsson

Runólfur Jónsson
Árni Björnsson Guðmundsson



Ár 1913, hinn 12. sept., var settur og haldinn sáttafundur í Sandárkróki og þar fyrir tekið málið:

Guðmundur Stefánsson
gegn
Jóni Pálmasyni:

Var framlögð og upplesin kæra þess efnis, að kærði hefði hinn 17. ág. 1913. þ. á. með yfirferð sinni framleitt nokkrar skemmdir á engjum og girðingum jarðar sinnar (þ: kæranda) og krefst kærandi 30 kr. skaðabætur fyrir, en kveður kærða hafa neitað nokkrum að bæta.

Málsaðilar voru sjálfir mættir og sáttasemjarar báðir.
Komst á svolögð sætt:
Kærði greiðir Kr. 5,00 - fyrir umkærðar skemmdir, - og falla niður allar frekari kröfur af hendi kæranda í máli þessu, - en málskostnað allan áfallinn ber kærandinn.
Til staðfestu rita málsaðilar nöfn sín undir.

Guðm. Guðmundsson    d. u. s. Jón Pálmason
Árni Björnsson    Guðmundsson

Ár 1913 hinn 8. nóv. var settur og haldinn sáttafundur á Sauðárkrók og þar fyrir tekið málið:

Jón Jónsson
gegn
Theodóri Friðrikssyni

Var framlögð og upplesin kæra ~~þessi efnis~~ sú er hjer fer á eptir:
„Með leigusamningi dags. 27. maí 1911 leigði jeg
„undirritaður Theodóri Friðrikssyni þurrabúðar-
„manni á Sauðárkrók tvö herbergi á loptinu í
„norðurendanum á hinu svo kallaða Melstedshúsi
„húsi á Sauðárkrók og kjallara, sem er undir
„norðurenda hússins. Leigan eptir húspláss
„þetta var umsamin 51 kr. Húsaleiga þessi
„átti að vera að fullu greidd fyrir 14. maí 1912.
„En þrátt fyrir það hefur nefndur Theodór ekki
„enn borgað nema 29 kr. af húsaleigu þessari
„og öll þau loforð sem hann hefur veitt mjer
„með greiðslu á þeim 22 kr. er óborgaðar eru af
„umræddri húsaleigu, hafa aldrei verið efnd
„við mig. Jeg vil því snúa mjer til hinnar
„háttvirtu sáttanefndar í Sauðárkrókssætta umdæmi
„og biðja hana að kalla velnefndan Theodór Friðriksson
„þurrabúðarmann á Sauðárkrók og mig undirritaðan



„fyrir sig svo fljótt sem hægt er til þess að fá
„hann til að borga hina óborguðu húsaleigu
„22 kr. sem og 6% af henni frá í dag og þar til
„að skuldinni er að fullu lokið. Einnig að hann
„borgi allan þann kostnað sem sátta tilraun
„þessi kann að hafa í för með sjer og þar með
„taldar 5 kr. fyrir mína fyrirhöfn.
„Komist ekki sátt á krefst jeg að málinu
„sje vísað til landslaga og rjettar.

Hafsteinsstöðum 31. okt. 1913
Jón Jónsson

Báðir málsaðilar voru mættir svo og sáttanefndarmennirnir.

Eptir nokkrar sáttatilraunir komst á svofeld sátt milli málsaðila: Kærði Theodór Friðriksson lofar að greiða Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum 12 kr af hinni óborguðu húsaleigu 22 kr., fyrir næstu sumarmál, en kærandi Jón Jónsson gefur kærða upp þær 10 kr., sem eptir standa af húsaleigunni svo og þær 6% sem kærandi krefst að kærði greiði af skuldinni og 5 kr. þær, sem kærandi fer fram á í kærunni að kærði borgi sjer fyrir fyrirhöfn sína, en

Kærði greiði þó 50 aur. + 50 aur samt 1 kr. sem kær

andi hefur þegar orðið að greiða 1. sáttasemjara og stefnuvottunum. En verði sátt þessi rofin er skuldin öll með öllum þeim kröfum sem kærandi fer fram á í kjæruskjalinu fallin í gjalddaga.
Vjer staðfestum þessa sátt málsaðilar nöfn sín undir

p. u. s.
Teódór Fridriksson.
Jón Jónsson
Björn Stefánsson
Gudmundsson

Opinvitaðri sátt er í dag fullnægt
Á Sauðárkrók 20 april 1914
Jón Jónsson

Ár 1913 þriðjudaginn 9. desember var sáttafundur Sauðárkrókssáttaumdæmis settur og haldinn á Sauðárkrók af sáttanefndarmönnum síra Birni Stefánssyni og Jóni hreppstjóra Guðmundssyni. Fyrir var tekið:

Málið: Jón Pálmason
gegn
Eggert Kristjánssyni

Málsaðiljar mættu sjálfir. Kærandi lagði fram nr 1 sáttakæru dags. 4. des. þ. á. og nr 2 Reikning dags. s. d. Kæran hljóðar svo: „Þareð herra Eggert Kristjánsson „söðlasmiður á Sauðárkrók hefir enn eigi þrátt „fyrir marg ítrekaðar áminningar minar „borgað skuld sína við Grímsfjelagsverzl„un hjer á staðnum, sem er að upphæð 161 kr. „27 aur. eitt hundrað sextíu og ein króna tutt„ugu og sjö aurar, þá leyfi jeg mjer hjermeð „að beiða hinnar heiðruðu sáttanefndar í „Sauðárkrókssáttaumdæmi og beiðast þess „að hún kalli áðurnefndan Eggert Krist„jánsson ásamt mjer fyrir sig og reyni að „fá hann til að greiða mjer ofannefnda „skuld ásamt 6 % vöxtum frá stefnudegi „og allan kostnað þann er sáttaumleitun „þessi hefir í för með sjer.
„ Komist sátt eigi á, bið jeg þess að mál„inu verði vísað til landslaga og dóms.

Sauðárkrók 4. des. 1913
Jón Pálmason

Kærði viðurkennir skuldina rjetta.
Sátt komst á þannig að ~~stefndi~~ kærði Eggert Kristjánsson lofar Grímsfjelagsverzlun fyrir 16. þ. m. til lúkningar skuldinni 4 uppsettum hnökkum ásamt tilheyrandi ístaðsólum, hnakkólum og töskuhengjum og skal hver hnakkur með þessu tilheyrandi kosta kr. 36,00 og verður það samtals að

upphæð kr. 144,00. Egilsstöðvar skuldar
innar lofar kærði að borga í peningum
fyrir sama tíma. Málskostnað þann sem
leitt hefur af kærunni lofar, einnig kærði að borga.

Til staðfestu þessu rita málsaðilar
nöfn sín undir.

Jón Þ. Pálmason u. s. E. Kristjánsson

Björn Stefánsson Guðmundsson

Daginn fyrir prestskosninguna þá sem
fram fór hér á Sauðárkróki hinn 28. f.m.
hafði Stefán Sigurðsson verslunarmaður
í Stefánsbæ hér á Sauðárkróki í nokkurra
manna áheyrn um mig sem var einn
umsækjandi um Reynistaðarklausturs presta-
kall, þau ummæli að eg eitt sinn sem
settur prestur í Garðaprestakalli á Álftanesi
hefði á sunnudegi, er fólk kom til kirkju
spurt það, hvert það væri að fara, og sagt við
það að það fengi enga messu þann dag, þar
sem það ekki hefði sótt kirkju næsta
sunnud. á undan. Ummæli þessi tel eg



þóttlega meiðandi fyrir mig, sem
prest, og leyfi mér því að fara þess á leit
við háttvirtu sáttanefnd í Sauðár-
krókssáttaumdæmi, að hún kalli nefndan
Stefán Sigurðsson fyrir sig ásamt mér
til að reyna til að fá hann til að sættast
á þessi ummæli og greiða kostnað þann
sem af þessari sáttaumleitan leiðir.

Verði sættum ekki komið á óska eg
málinu vísað til aðgerða dómstólanna og
um og þegar það að kemur setja fram
réttarkröfur mínar.

Sauðárkróki 2. febr. 1914

Björn Stefánsson.

Þannig orðuð kæra var upplesin og skráð hér þ. hinn
7. febr. 1914 á sáttafundi í Sauðárkrókssáttaumdæmi þar sem málsaðilar voru kærandinn og kærði
ásamt með sáttanefndarmanninum Jóni hreppstj.
Guðm. og öðrum tilnefndum manni Jóni Þ. Björns-
syni, er kemur í þessu tilfelli í stað sáttanefndar-
manns þess sem hér er kærandi.

Kærði játar að óhróðursaga sú sem kæran
ber með sér sé af sér sögð, þó ekki af sér til

hinn. Ennfremur játar hann það að hann ekki að athuguðu máli geti álitið að hún sé annað en ástæðulaus ósannindi, og krefst kærandans um slíka játning er þar með fullnægt. Ennfremur vill kærði ganga að þeim sáttaskilyrðum sem kærandinn gjörir að hann auglýsi þessa játningu sína skriflega með uppfestri auglýsingu, þar sem hann einnig biðji að sjálfsögðu fyrirgefningar á sök þessari. Ennfremur að hann borgi þann áfallna kostnað við sáttaumleitanina.

Sauðárkróki 7. febr. 1914

Björn Stefánsson  Stefán Sigurðsson

Jón Þ. Björnsson  Guðmundsson

Ár 1914 mánudaginn 23. febrúar var sáttafundur Sauðárkróks sáttaumdæmis settur og haldinn á Sauðárkrók af 1. sáttasemjara síra Birni Stefánssyni er tók með sjer sem annan sáttasemjara í forföllum Jóns hreppstj. Guðmundssonar, Brynleif kennara Tobíasson. Fyrir var tekið

Málið: Jón Pálmi Jónsson
gegn
Eggert Kristjánssyni

Málsaðiljar mættu sjálfir. Kærandi lagði fram sáttakæru dags. 19. þ.m. og var hún upplesin í byrjun sáttafundar og var svohljóðandi:

„Að kveldi hins 17. þ.m. var jeg staddur í goodtemplarahúsinu hjer á Sauðárkrók þar var einnig staddur áðurnefndur Eggert Kristjánsson s. st. og án þess að jeg gæfi til efni til rjeðst hann sjer að mjer með ónot og ókurteisi í margra manna viðurvist og þar á ofan kallaði hann mig „svín". Með því að jeg ætla mjer að koma fram ábyrgð á greindum áðurnefnd fyrir þetta ummæli, þá leyfi jeg mjer hjermeð að biðja hina heiðruðu sáttanefnd í Sauðárkróks-sáttaumdæmi, að kalla mig ásamt fyrnefndum E. Kr. fyrir sig á sáttafund, til þess að leita sátta með okkur og fá hann til að greiða 100 kr. (hundrað krónur) í sekt fyrir þessi ummæli sín og aptur kalla þau með fyrirgefningarbón sinni og greiða allan kostnað er leiða kann af sáttaumleitun þessari.

Komist sátt ekki á, óska jeg að máli þessu verði vísað til aðgerða dómstólanna."

Sauðárkrók 19. febr. 1914
Jón Pálmi

~~Sátta var leitað en árangurslaust.~~ Kærandi lýsti sig fúsan til sátta að taka aptur kröfu

sínu um 100 kr. sekt og biðja ~~a~~ Korða afsök-
unar ef hann hefði talað til hans móðgun-
arorðum, og ef Korði vildi taka aftur móðg-
unaryrði sín í hans garð. Korði hjelt því
hinsvegar fram að kærandi hefði gefið full-
komið tilefni til móðgunar og vildi ekki
~~taka~~ biðja afsökunar á orðum sínum nema kær-
andi beiddi líka afsökunar á að hafa móðgað sig.

Sætt komst því ekki á og vísast því
málinu til aðgerða dómstólanna.

Sauðárkrók 23/2 1914

Málsaðilar: ~~P~~ Pálmi E. Kristjánsson.

Sáttasemjarar: Björn Stefánsson Brynleifur Tobiasson.

Ár 1914 þriðjudaginn 24 febr. var sátta-
fundur Sauðárkrókssáttaumdæmis settur og
haldinn ~~af~~ á Sauðárkrók af 1. sáttasemjara
sr. B. Stefánssyni er tók með sjer sem annan
sáttasemjara í forföllum hreppstj. Guð-
mundssonar Brynleif kennara Tobiasson.

Fyrir var tekið:
Málið: ~~Jón Pá~~ Eggert Kristjánsson
gegn
Jóni Pálma Jónssyni



Málsaðiljar mættu sjálfir. Kærandi
lagði fram sáttakæru dags. 20. þ.m. og var
hún lesin upp í byrjun sáttafundar og var
svohljóðandi: „Að kveldi hins 17. þ.m. var jeg
„undirskrifaður Eggert Kristjánsson staddur
„í goodtemplarahúsinu hjer á staðnum ásamt
„nokkrum fleiri mönnum og komum til þess
„að æfa sjónleiki þá er templarar ætla að sýna
„hjer um sýslufundinn.
„Þegar við vorum nýl. byrjuð að æfa [illegible]
„herra myndasmiður Jón Pálmi Jónsson hjer á
„staðnum sig inn í leikhúsið óboðinn og lítur
„án leyfis leiktjöldunum og stillir sjer upp gagn-
„vart mjer sem einn þá var á leiksviðinu. Jeg taldi
„leyfislaust að æfa en beindi þeirri spurningu
„til greinds Jóns Pálma, hvort hann væri þangað
„kominn til þess að segja okkur til við æfinguna.
„Því neitaði hann. Sagði jeg þá [illegible] að
„jeg ekki vildi halda áfram æfingunni að hjer-
„um Jóni viðstöddum og bað hann auk
„heldur vinsamlega til þess að fara út, því mjer
„fannst það ekki þurfa að koma neinn og því neitaði
„hann aftur að fara út. Útaf þessu varð svo
„nokkurt orðakast milli okkar Jóns Pálma

mjer samt ekki taka því að láta minnast neins af því er hún sagði mjer til hnjóðs. Mjer þótti það alltaf mikil niðhöfn. Því skal geta þess að hún ljet það ótvírætt uppi að jeg væri bæði lyginn og lastmálgur.

Það mun vera föst regla hjá öllum þeim er æfingar sjónleika hafa með höndum að enginn óviðkomandi megi inná æfingar koma nema slíkt sje boðið eða leyft með samþykki allra leikenda og annara er aðstoða eða umsjá hafa með leiknum. Auk þess hafa hefur leiknefnd og leikendur algerl. ótakmarkað vald yfir templarahúsinu frá byrjun æfinga til þess tíma að sjónleikar eru afstaðnir, með þeirri einu undantekningu að lögskipaðir fundir sjeu haldnir í því. Hvað þetta snertir hafa templarar sem ekkert eru við sjónleiki riðnir ekki heldur rjett til að vera inná æfingunum, án þess að vera boðnir eða hafa fengið leyfi til þess. Í þetta skipti var fram á hvorugt farið. Það mun því teljast fullkomin ókurteisi sem hr. Jón Pálmi hefur gert sig sekan í.

Með því að jeg er riðinn í því að láta opt-



Jón Pálma sæta ábyrgð fyrir:

1. að hann hefur í E. óleyfi ráðist inná æfingar okkar templara og þannig gefið tilefni til misklíðar þeirra sem byrjuð er á milli okkar
2. að hann með skrifum dags. 19. þ. m. hefur að óþörfu skorað á mig til að mæta á sáttafundi hjá í staðnum, þá leyfi jeg mjer því hjer með að biðja hinn heiðraða sáttanefnd í Sauðárkróks sáttaumdæmi að kalla mig á samt hr. Jóni Pálma Jónssyni fyrir sig á sáttafund til þess að leita sátta með okkur og fá honum til að greiða 100 kr. — eitt hundr. krónur í sekt, svo og biðja fyrirgefningar á framkomu sinni. Einnig að borga allan kostnað er leiða kann af sáttaumleitun þessari. Komist sátt ekki á óska jeg að máli þessu verði vísað til aðgerða dómstólanna."

Sauðárkrók 20. feb. 1914

Eggert Kristjánsson

Sátta var leitað með málsaðiljum, en árangurslaust. Málinu því vísað til aðgerða dómstólanna.

D. u. s.

E. Kristjánsson Pálmi

Björn Stefánsson Brynleifur Tobiasson

Ár 1914 þriðjudaginn 16. mars var sáttafundur Sauðárkrókssáttaumdæmis settur og haldinn á Sauðárkrók af 1. sáttasemjara séra Birni Stefánssyni, sem tók með sjer sem annan sáttasemjara Ísleif kennara Gíslason í stað Björns hrstj. Jónssonar í Veðramóti:

Fyrir var tekið: málið: Stefán Björnsson

gegn

Sigurjóni Markússyni.

Fyrir hönd kæranda var mættur Jónas bóndi Sveinsson á Uppsölum í Blönduhlíð samkvæmt skriflegu umboði. Kærði var mættur sjálfur. Kærandi lagði fram Nr 1 sáttakæru dags. 27. febr. þ. á., nr 2 reikning til kærða Sigurjóns Markússonar á Sjávarborg með 72 kr og 90 aura skuldakröfu. Þá lagði kærði fram móti reikning til kæranda þar sem hann reiknar honum kr. 123.50 skuld. Í byrjun sáttafundar var kæran lesin upp svo hljóðandi:

„Þar eð herra bóndi Sigurjón Markússon
„á Sjávarborg hefur ekki ennþá þrátt fyrir
„ítrekaðar beiðnir mínar og stóra þörf, borgað
„mjer kr. 72,90 aura er jeg á hjá honum samkv.
„reikningi er jeg hefi sent honum, þá hlýt
„jeg mjer að snúa mjer til hinnar heiðruðu



„sáttanefndar í Sauðárkrókssáttaumdæmi
„og biðja hana að kalla hr. Sigurjón Mark-
„ússon ásamt mjer fyrir sig, til að koma sátt
„um á þenna, að hann borgi mjer reikning minn
„að fullu, enn fr. að hin heiðraða sáttanefnd
„sjái mjer fyrir hjer eptir töldum skaða og
„hagabótum frá herra Sigurjóni Markússyni

a.. fyrir 18 hesta heyfúlgu, er hross hans
„rifu í sundur og eyðilögðu í fyrravetur
„sem er eptir mínum reikningi kr. 50

b.. fyrir ógerðar jarða og húsabætur á Heiði sem
„Sigurjón átti að vinna af hendi samkvæmt
„loforði en gjörði eigi kr. 30

c.. Borgun til mín fyrir það sem Sigurjón
„hafði fleiri skepnur í högum en jeg

d.. fyrir það að Sigurjón í algjörðu heimildar
„leysi leigði allar Bergarmýrar frá síðustu
„fardögum og tók á móti öllum hagagjöld
„um bæði að sínum hluta og mínum án þess
„að hafa greitt mjer nokkuð af mínum parti.
„Þareð hagagjald aldrei hefir verið minna
„en 4 krónur öll þau ár sem jeg hefi átt Sjávar-
„borg eða kr. 200 í hlut og skepnutekt á síðasta
„sumri í góðu meðallagi, get jeg ekki gjört mig

„ánægður með minna en venjulega hefur
„verið ca. kr. 200. Ekki get jeg heldur þolað
„bótalaust, að Sigurjón skyldi leggja mig varn-
„arlausan minnar heimildar. Öll þessi ofan-
„greindu ágreiningsatriði, bið jeg hinn heið-
„raða sáttanefnd að jafna og sjá um að Sigur-
„jón borgi mjer að fullu það sem jeg hefi farið fram
„á. Komist ekki sætt á óska eg málinu vísað
„til dóms og laga

Sauðárkrók 27. febr. 1914
Stefán J. Björnsson

Sætta var leitað um kæruatriðin en árangurs-
laust. Málinu vísað því til aðgerða dómstólanna.

D. u. s.

Jónas Sveinsson
(eftir umboði)

Ól. Kristjánsson

Björn Stefánsson Jón Þ. Björnsson



Ár 1914 19. marz var sáttafundur
Sauðárkrókssáttaumdæmis settur og haldinn
á Sauðárkrók af sáttanefndarmönnunum
sr. Birni Stefánssyni og Jóni kaupstj. Guð-
mundssyni: Fyrir var tekið:

Málið: Stjórnarráðið
gegn
Sigfúsi Axfjörð

Fyrir hönd Stjórnarráðsins var mættur Pjet.
Kaupmaður Gíslason á Sauðárkrók samkv. um-
boði, en kærði mætti sjálfur óstefndur.

Svohljóðandi kæra var lesin upp: „Sigfús
„Axfjörð, bóndi á Heiði í Skarðshreppi hjer, sem
„sem var ábúandi kirkjujarðarinnar Kroppsstaða
„í Eyjafjarðarsýslu fardagaárin 1910–1911, 1911–
„1912 og 1912–1913, skuldar eru af eptirgjaldi jarðar
„þessarar fyrir það ár kr. 271,50, sem hann
„hefur ekki viljað greiða, en mjer hefur verið
„falið að innheimta fyrir hönd stjórnarráðsins.
„Í tilefni af þessu leyfi jeg mjer hjermeð að beiðast
„þess að hin háttvirta sáttanefnd í Sauðárkróks-
„sáttaumdæmi kalli nefndan Sigfús Axfjörð fyrir
„sig ásamt mjer til þess að reyna til að fá hann til
„að sættast á að greiða mjer fyrir hönd stjórnar-

„nefndur eptirstöðvar af skjóðri eptirgjaldi
„og leigum með 6% vöxtum frá þessum degi
„til borgunardagi svo og kostnað þann sem
„sáttaumleitun þessi hefir í för með sér.

Verði sáttum ekki á komið óska jeg mál-
inu vísað til aðgerða dómstólanna.

Virðingarfyllst
Sauðárkrók 16. mars 1914
Gísl. [illegible]

Leitað var um sættir en árangurslaust.
Málinu vísast því til aðgerða dómstólanna

D. u. s.

Sigfús E. Axfjörð ~~H. Gíslason~~
Björn Stefánsson J. Guðmundsson

Ár 1914 8. maí var sáttafundur Sauð-
árkrókssáttaumdæmis settur og haldinn ~~af~~
á Sauðárkrók af sáttanefndarmönnunum
síra Birni Stefánssyni og fyrv. hreppstjóra Guð-
mundssyni: Fyrir var tekið:

Málið: Sigurjón Markússon
gegn
Stefáni Björnssyni

Fyrir hönd kærða var mættur samkv. vott-
festu og skriflegu umboði Jón Þ. skólastjóri 
Björnsson á Sauðárkrók, en kærandi mætti
sjálfur:

Kæra var lesin upp [frá kæranda] ~~[illegible]~~, í níu lið-
um, sem allir innihalda kröfur [vegna] til skatta-
bóta. 9. liðurinn er reikningur til kærða
þar sem kærða er reiknuð skuld kr. 23,60
en alls er upphæð sú sem kærandi reiknar
kærða til skuldar kr. 146,60 aura.

Sáttanefndin tók hvern lið kærunnar
fyrir sig og leitaði sátta við ~~kærða~~ umboðs-
mann kærða, en árangurslaust.

Samkvæmt kröfu kæranda vísast því
málinu til dóms og laga.

D. u. s.

Björn Stefánsson J. Guðmundsson

Árið 1914. hinn 21. dag októbermán. var sáttafundur haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps af sáttanefndinni í Sauðárkrókssáttaumdæmi út af kæru frá Sigurjóni bónda Markússyni á Sjávarborg var þá tekið fyrir: ~~málið~~

Málið: Sigurjón Markússon

gegn

Sigfúsi Axfjörð bónda á Heiði:

Báðir hlutaðeigendur mættu á ákveðnum stað og stundu.

Mál þetta var risið út af því, að kærandinn taldi sig eiga kr. 80 hjá kærða af hrossverði frá f. á. og óskaði greiðslu á skuld þessari. Eptir nokkurt umtal komst á svo látandi

Sátt:

Kærði lofar að borga kærandanum



fyrir lok þessa mánaðar kr. 30. fyrir lok nóvembermán. þ. á. kr 20 og fyrir lok aprílmán. 1915 kr. 30. og að auki 4 kr. í vöxtu. Í málskostnað lofar kærði Sigfús Axfjörð bóndi á Heiði auk þess að borga kærandanum Sigurjóni Markússyni ~~frá~~ á Sjávarborg kr. 2.00.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rétt bókuð.

D. u. s.

S Markússon

Sigfús E. Axfjörð

Hálfdán Guðjónsson

Guðmundsson

Laugardaginn 14. júlímán. 1917 var ákveðinn sáttafundur í Sauðársáttaumdæmi í þinghúsi Sauðárkrókshrepps kl. 12 á hádegi samkvæmt kæru frá Guðmundi Oddssyni á Sauðárkrók, er stefnir Bjarna bókbindara Sigurðssyni sama staðar fyrir sáttanefnd. Auk 1. sáttamanns mætti kærði á tilteknum stað og tíma, en kærandinn ekki og enginn fyrir hans hönd. Kæran var ekki heldur lögð fram. Að hálfum klukkutíma liðnum lýsti kærði því yfir, að hann teldi ekki ástæðu fyrir sig að bíða lengur, gjekk burtu og óskaði að sáttanefnd bókaði þetta. Þessu var 2. sáttamaður, er mætti síðar einnig samþykkur.



Samkvæmt framanskrifuðu gat engin sáttatilraun farið fram.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsen    Guðmundsson

Árið 1917, hinn 29. dag októbermán. var sáttafundur haldinn í Sauðárkrókssáttaumdæmi af hlutaðeigandi sáttanefnd útaf kæru Þorvaldar Guðmundssonar sjúkrahúsráðsmanns á Sauðárkrók.

Var þá tekið fyrir:

Málið: Þorvaldur Guðmundsson gegn Guðmundi Oddssyni þurrabúðarmanni á Sauðárkrók.

Málið var af því risið, að kærandinn teldi sig eiga kr. 300.00 hjá kærða samkvæmt skuldabrjefi hans

og krafðist tafarlausrar greiðslu
á skuld þessari ásamt 6% vöxtum
frá borgunardegi.
Allir hlutaðeigendur mættu. Taka
stk. Kærandinn lagði fram kæruna
áritaða af stefnuvottum.
Mál þetta var rætt fram og aftur.
Eftir ítrekaða sáttatilraun gjörði
kærandinn kost á að gefa eftir þriðjung skuldarinnar. Komst þá á svo
löguð sátt:
Kærði, Guðmundur Oddsson, lofar að
greiða kærandanum, Þorvaldi Guðmundssyni, kr. 200 - tvö hundruð
krónur - í peningum á heimili
hans fyrir 10. dag nóvember-
mán. næst komandi, enn fremur
kr. 1.85 sem málskostnað.
Sátt þessi var lesin upp



og játuð rétt bókuð.
D. u. s.

Þorv. Guðmundsson Guðm. Oddsson

Hálfdán Guðjónsson J. Guðmundsson

Ár 1918, hinn 15. dag júlímánaðar
var sáttafundur haldinn í Sauðárkróks-
sáttaumdæmi af hlutaðeigandi sátta-
nefnd út af kæru Jóhanns Tómassonar
húsmanns á Sauðárkrók.-
Var þá tekið fyrir
Málið: Jóhann Tómasson
gegn
Guðmundi Oddssyni þurrabúðarmanni
á Sauðárkrók.
Málshöfðun þessi stafaði af því, að
kærandinn taldi kærða hafa riftað
við sig hrossakaupum, er þeir höfðu

gjört á síðast liðnum vetri svo og að hann
hefði valdið sjer meiðsli í sviftingunni, sem
þeir hefðu lent í út af ágreiningi um
hrossakaup þetta. – Krafðist hann þess, að hross-
kaupin stæðu óbreytt eins og hann [illegible]
þeirra í kæru sinni og að kærði greiddi sjer
auk þess meiðslisbætur með 10.00 krónum.

Hlutaðeigendur mættu á sáttafundin-
um og kærandinn lagði kæruna fram
áritaða af stefnuvottunum.

Eftir rækilegar sáttaumleitanir komst
á svo lagað

Sátt:

Kærði, Guðmundur Oddsson, lofar að greiða
kærandanum kr. 94.00 í peningum, kr. 50.00
nú samstundis og kr. 44.00 fyrir lok
þessa mánaðar. Auk þess greiðir kærði
kr. 6.00 í málskostnað. Þar með sje
tjeðum viðskiftum þeirra að fullu lokið.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

D. u. s.

Jóhann Tómasson  Guðm. Oddsson

J. Guðmundsson  Hálfdán Guðjónsson



Ár 1919, hinn 5. febrúar var sáttafundur
haldinn í Sauðárkrókssáttaumdæmi út af
kæru frá Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteins-
stöðum dags. 28. jan. 1919.

Var þá tekið fyrir:

Málið: Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum

gegn

Guðbrandi Valsberg þurrabúðarmanni
á Sauðárkróki.

Málshöfðun þessi reis af því, að Jóhann
Tómasson þurrabúðarmaður á Sauðárkróki
hafði með ótakmörkuðu umboði
falið kærandanum innheimtu á
555 kr. skuld hjá kærða. – Kærandinn
krafðist þess, að kærði greiddi skuld þessa
þegar í stað ásamt 6% vöxtum frá kom-
degi eða setti fullgilda tryggingu
fyrir greiðslu skuldarinnar.

Málsaðilar mættu báðir. Stefnan var
lögð fram árituð af stefnuvottunum.

Eptir að sáttanefndin hafði rækilega reynt að koma sáttum á, en án þess að það tækist, var málinu samkvæmt kröfu kæranda vísað til dómstólanna.

D. u. s. Gústav J. Vaksberg

Jón Jónsson

Hálfdán Guðjónsson Guðmundur

---

Ár 1919, hinn 1. dag marzmán. var sáttafundur haldinn í Sauðárkrókssáttaumdæmi út af kæru frá hreppsnefndaroddvita Jóni Þ. Björnssyni á Sauðárkróki dags. 21. f. m.

Var þá tekið fyrir málið:

Jón Þ. Björnsson hreppsnefndaroddviti f. h. sveitarsjóðs Sauðárkrókshrepps gegn Tómasi Jónssyni frá Hamri p. t. Sauðárkróki



Mál þetta var risið út af því, að kærði, sem heimilisfang átti í Sauðárkrókshreppi árið 1917/18, var veittur 200.00 kr. styrkur af sveitarsjóði Sauðárkrókshrepps veturinn 1917–18 til nauðsynlegustu heimilisþarfa. Skuld þessa hafði kærði neitað að endurgreiða sveitarsjóðnum. Krafðist kærandi þess, að kærði greiddi umrædda skuld – kr. 200 – ásamt 5% p. a. vöxtum frá kærudegi til greiðsludags.

Málspartar mættu báðir. Kærandinn lagði fram kæruna áritaða af stefnuvottum.

Sættir komust á í máli þessu á þá leið, að báðir málspartar gengust undir þessa

Sátt:

Kærði, Tómas Jónsson, skuldbindur sig til að greiða til hreppsnefndaroddvita Jóns Þ. Björnssonar í peningum fyrir 15. júlí næst komandi – 200 – tvö hundr

út krónur, og að auki kr. 3.00 sem máls-kostnað.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

D. u. s.

Jón Sh. Björnsson. Jónas Jónsson
(oddviti) (f. h. hreppsins)

Hálfdán Guðjónsson Guðmundsson

---

Ár 1919, hinn 11. dag aprílmán. var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkróksáttaumdæmi út af kæru frá hreppstjóra Jóni Jónssyni á Hafsteinsstöðum dags. 3. apríl 1919.

Var þá tekið fyrir

Málið Nr. 3. 1919:

Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum
gegn
Kr. P. Briem kaupmanni á Sauðárkróki.



Mál þetta er svo vaxið, að Hjörtur A. Fjeldsted kaupmaður í Reykjavík telur sig eiga til skuldar að telja hjá kærða, Kr. P. Briem, að upphæð kr. 278.55. Hafði hann falið Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum innheimtu skuldar þessarar.

Kærandinn ~~lagði fram~~ og kærði mættu báðir á ákveðnum stað og tíma. Lagði kærandinn fram kæruna áritaða af stefnuvottum.

Sáttanefndin reyndi að koma sátt um á; en það varð árangurslaust. Var málinu því, samkvæmt kröfu kæranda, vísað til dómstólanna.

D. u. s.

Jón Jónsson Kr. P. Briem
Guðmundsson Hálfdán Guðjónsson

Ár 1919, hinn 13. dag júnímán. var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkróks-sáttaumdæmi af báðum hinum löglegu sáttamönnum. Sáttafundur þessi stafaði af kæru Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum dagsett 2. júní 1919.

Var þá tekið fyrir:

Málið Nr. 4. 1919:

Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum
gegn
Kr. P. Briem kaupmanni á Sauðárkróki.

Kæran byggist á því, að kærandinn fyrir hönd Hjartar A. Fjeldsteds kaupmanns í Reykjavík, samkvæmt umboði dagsett 14. maí þ. á., krefst þess að kærði greiði sjer Kr. 207.91 auk 6% frá 28. júlí vexti og að auki málskostnað allan. Skuldakröfu þessa byggir kærandinn á því, að ekki hafi komið til skifta allar eignir dánarbús Guðmundar sál. Guðmundssonar á [illegible] við skifti 3. maí 1915. En við það skifti átti Björg dóttir Guðmundar, en núverandi kona Hjartar



A. Fjeldsteds kaupmanns: tilkall til erfða samkvæmt gjafabrjefi: að 1/4 af tvíhelmingnum.-

Kærandi og kærði mættu báðir stundvíslega. Kæran var lögð fram árituð af stefnuvottunum og lesin upp.

Rækileg sáttatilraun fór fram, en reyndist árangurslaus. Var máli þessu því samkvæmt kröfu kæranda vísað til dómstólanna.

Ár og dag sem í upphafi greinir.

Hálfdán Guðjónsson — 1. sáttamaður
Guðmundsson — sáttamaður

# Ár 1920.

Hinn 16. jan. 1920 var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkróksáttaumdæmi af báðum hinum lögskipuðu sáttamönnum. Fyrverandi 2. sáttamaður Jón Guðmundsson hreppstjóri hafði samkvæmt beiðni sinni verið leystur frá sáttasemjarastörfum. Í hans stað hafði Pálmi Pétursson kaupmaður á Sauðárkrók verið skipaður í sáttanefndina af hlutaðeigandi sýslumanni.

Sáttafundur þessi stafaði af kæru frá Kr. Gíslasyni kaupmanni á Sauðárkrók á hendur Sigurjóni Jónssyni Eyfirðing. húsmanni á Sauðárkrók, þar sem kærandinn krafði þess að kærði greiði sjer kaupstaðarskuld, sem með áföllnum vöxtum er við síðustu áramót að upphæð kr. 113,53 ásamt 6% vöxtum til borgunardags, og öllum kostnaði sem sáttaumleitun þessi hefur í för með sjer.

Málspartar mættu báðir á sáttafundinum, og lagði kærandi fram kröfuna ártaða af stefnuvottunum.

Eptir talsverða sáttaumleitanir komu á svo látandi

Sátt:

Kærði, Sigurjón Jónsson húsmaður á Sauðárkrók, skuldbindur sig til að greiða kæranda, Kr. Gíslasyni kaupmanni á Sauðárkrók kr. 113,53 fyrir 31. júlí næstkomandi.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókfærð.

D. u. s.

Sigurjón Jónsson p.p. Kr. Gíslason

Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson

Ár 1920, hinn 14. maí var sáttafundur settur og haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps af báðum hinum lögskipuðu sáttamönnunum. Stafaði sáttafundur þessi af kæru frá Birni Benidiktsyni húsmanni á Sauðárkrók, á hend-

Ólafi bónda Jónssyni á Kimbastöðum.
Björn hafði ráðið 12 ára son sinn í árs-
vist hjá Ólafi með 50 kr. meðgjöf frá vinnu-
hjúaskildaga 1919 til fardaga 1920 og skyldi
drengurinn njóta lögskipaðrar fræðslu. En
litlu eftir veturnætur 1919 fór drengurinn
úr vistinni og heim til föður síns og var
á hans vegum til vors. Krefst Björn
þess, að Ólafur greiði sjer fyrir vetrarum-
sjón piltsins kr. 250.

Báðir málspartar mættu á ákveðn-
um tíma. ~~Sátta~~ Kæran árituð af stefnu-
vottum var lögð fram og lesin upp.
Sáttatilraun rækileg fór fram, og
komst á svo löguð

Sátt:

Ólafur bóndi Jónsson á Kimbastöðum
lofar að greiða Birni Benónýssyni kr.
150 í innskrift við Kaupfjelag Skagfirð-
inga nú þegar og kr. 10.00 í öðrum viðskiftum
milli málspartanna. Kostnað við
sáttagjörðina: kr. 4.00 til stefnuvotta
og kr. 1.85 til sáttanefndar borga máls-
partar að helmingi hvor með kr. 2.93.
Sátta þessi var lesin upp og



játuð rjett bókuð.

Björn Benónýsson

Ólafur Jónsson

Hálfdan Guðjónsson. Pálmi Pétursson

Ár 1920, hinn 29. dag októbermán.
var sáttafundur settur og haldinn
af sáttanefnd Sauðárkrókshrepps í
þinghúsi hreppsins af báðum hin-
um skipuðu sáttanefndarmönnum.
Sáttafundur þessi stafaði af kæru
frá Kr. P. Briem kaupmanni á Sauð-
árkrók, sem hljóðar um skuldu-
kröfu að upphæð kr. 146.05 á hendur
Jóni Guðmundssyni verkamanni
á Sauðárkrók. Sáttakæran árituð
af sáttanefnd og stefnuvottum
var lögð fram. Málspartar mættu
báðir. Stefnan lesin upp.
Eftir að sáttaumleitun hafði
farið fram komst á svo-hljóð-

útgjörandi
Sátt:
Kærði, Jón Guðmundsson frá Stein-
holti verkamaður á Sauðárkrók,
skuldbindur sig til að greiða kær-
andanum hina umkröfðu skuld
ásamt málskostnaði þannig,
að hann greiði kr. 50.00 fyrir 1. jan.
nætstkomandi, kr. 50.00 fyrir 20. júlí
1921 og kr. 50,00 fyrir 10. okt. 1921.
Sátt þessi var upplesin og
játuð rjett bókuð.

Kr. P. Briem. Jón Guðmundsson

Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson



Hinn 17. dag desembermán. 1920 var
settur og haldinn sáttafundur í Sauð-
árkróks sáttaumdæmi af báðum hin-
um lögskipuðu sáttanefndarmönnum út af
kæru dags. 7. þ. m. gefinni út af Jóni Jóns-
syni hreppstjóra á Hofstaðaseli, sem
kveðst umboði frá H. A. Fjeldsted kaup-
manni í Reykjavík, sem samkvæmt
framlögðum reikningi telur sig eiga
til skuldar að telja að upphæð kr. 2906,83
hjá stefnda Kr. P. Briem kaupmanni
á Sauðárkrók.
Á sáttafundinum mætti kærand-
inn Jón Jónsson hreppstjóri og kærði Kr. P. Briem
kaupmaður. Var kæran lögð fram árituð af
stefnuvottum, reikningur frá H. A. Fjeldsted
um skuldina og umboð það, sem hann
hafði gefið Jóni hreppstjóra til þess að
sækja skuldamál þetta.
Sáttatilraun fór fram, en reyndist
árangurslaust. Var máli þessu því

samkvæmt kröfu kæranda vísað til dóm-
stólanna með áritun á stefnuna um
þetta árangurslausa sáttatilraun og árit-
un á fylgiskjöl hennar 2. að þau hefðu
verið lögð fram og sýnd kærða á sátta-
fundinum.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson  Pálmi Pétursson

## 1921.

(~~Langa~~) Miðvikudaginn 22. júní 1921.
var sáttafundur haldinn af hinum
lögskipuðu sáttamönnum Sauðárkróks-
hrepps. Var þá tekið fyrir málið Nr. 1. 1921.

Margrjet Ólafsdóttir
gegn
Guðmundi Oddssyni.

Mál þetta var vísað af kæru dags: 14. maí
1921, þar sem nefnd Margrjet krefst þess,
að Guðmundur Oddsson greiði sjer, auk máls-
kostnaðar og vaxta, kr. 45,57. sem eru eptir-
stöðvar af vinnulaunum hennar fr.



f. á. og samkvæmt skriflegu loforði 17. nóv.
f. á.
Sáttatilraun rækileg fór fram og komst
á svo hljóðandi

Sátt:

Hinn kærði: Guðmundur Oddsson á Sauðár-
krók, greiðir nú þegar kr. 10.00 og skuldbind-
ur sig til að greiða eptirstöðvarnar, sem sam-
komulag er um að teljist kr. 40.00, laugar-
daginn 2. júlí næstkomandi.
Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett
bókuð.

D. u. s.

Guðm Oddsson  Margrjet Ólafsdóttir
(handsalað)

Hálfdán Guðjónsson  Pálmi Pétursson

---

Ár 1921, mánudaginn 24. október var
sáttafundur settur og haldinn í þing-
húsi Sauðárkrókshrepps. Var þá tekið
fyrir Málið Nr. 2. 1921:

Steingrímur Arason Víðimýri
gegn
Eiríki Kristjánssyni á Sauðárkrók.

Málið er vísað út af kæru dagt.

17. okt. 1921, þar sem Steingrímur Arason krefst þess, að Eiríkur Kristjánsson greiði sjer milligjöf milli kosta að upphæð kr. 500.00, meðgjöf með hesti vetrartímann að upphæð kr. 50, vexti af ofannefndum upphæðum og málskostnað.

Kærandi mætti á sáttafundinum, og lagði fram kæruna ritaða af stefndum. ~~Kærandinn~~ Kærði gat ekki mætt sjálfur, þar eð hann var lagður í ferð til útlanda. Í hans stað mætti á sáttafundinum samkvæmt skriflegu umboði faðir kærandans Kristján Gíslason kaupmaður á Sauðárkrók.

Umboðsmaður ~~kærandans~~ kærða kom með þá uppástungu til sátta að mál þetta væri lagt í gjörð, þannig að hvor málsparta tilnefndi einn mann í gjörðina og hlutaðeigandi sýslumaður tilnefndi oddamann. Þessa uppástungu vildi kærandinn eigi sætta sig við. Kærandinn gjörði hinsvegar kost á því að slaka það til til sátta, að hann slepti að reikna vetrarfóður hestsins ~~[illegible]~~ en umboðsmaður kærða ekki taka.

Sáttatilraunir sáttanefndar gátu hlutaðeigendur ekki sætt sig við.



Samkvæmt kröfu kærandans var mál þetta vísað til aðgjörða dómstólanna, með áritun sáttanefndar á kæruna um þessa árangurslausu sáttatilraun og áritun á umboð það, er að framan er getið.

Hálfdán Guðjónsson [signature]

Ár 1921, mánudaginn 7. nóv. var sáttafundur haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps. Var tekið fyrir

Málið No 3. 1921:

Haraldur Andrjesson á Sauðárkrók

gegn

Daníel bónda Davíðssyni á Dalsá.

Kæran er sprottin af því, að kærandinn vann sem kaupamaður hjá kærða nokkurn hluta síðastliðins heyskapartíma, og var svo um samið, að kaupgjaldið yrði greitt í haustkauptíð þ. á. En það hefur kærði enn ekki gert. Krefst kærandi því fullrar greiðslu á kr. 260.00 þegar í stað og að auki 5% vaxta af skuldinni frá kærudegi til greiðsludags og málskostnaðar.

~~Kostnaðar~~

Málspartar mættu báðir. Kæran var lögð fram árituð af stefnuvottum. Sáttatilraun varð árangurslaus. Var málinu því samkvæmt kröfu kæranda vísað til dómstólanna með áritun á kæruna.

Hálfdán Guðjónsen   Pálmi Pétursson

Árið 1921, hinn 8. nóv. ~~[illegible]~~ var sáttafundur haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps af hinum lögskipuðu sáttamönnum hreppsins. Var tekið fyrir

Málið No 4 1921

Sigfús Jónsson pr. pr. Kaupfjelag Skagfirðinga

gegn

Marinusi Pálssyni á Sauðárkrók.

Kæran var sprottin af viðskiptum kærða við K.S. Taldi kærandi hann skulda fjelaginu kr. 722,94 og krafðist greiðslu á þeirri upphæð ásamt 7% vöxtum frá kærudegi til greiðsludagi og að auki málskostnaðar. Málspartar mættu báðir á tilteknum stað og tíma. Kæran var lögð fram, árituð af stefnuvottum og enn fremur reikningur, er sýndi skuldarupphæðina.



Sáttatilraun fór fram og komst á svo hljóðandi

Sátt:

Kærði, Marinus Pálsson á Sauðárkrók, lofar að greiða til Kaupfjelags Skagfirðinga kr. 122,94 fyrir 31. des. þ. á. Þær 600 kr. sem eptir eru, lofar hann að greiða á næstu þrem árum með 200 kr. afborgun á ári fyrir 25. sept ár hvert ásamt 7% vöxtum af skuldinni. Vextir skulu þó lækka í rjettu hlutfalli við það sem bankavextir hjer á landi kynnu að lækka á þessum árum. Sáttakostnað greiðir kærandi.
Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett, bókuð.

Sigfús Jónsson   Marinus Pálsson

Pálmi Pétursson   Hálfdán Guðjónsen

Sama ár og dag, hinn 8. nóv. 1921, sem greinir í síðustu sáttagjörð, var sáttafundur haldinn af hinum lögskipuðu sáttanefndarmönnum Sauðárkrókshrepps. Var þá tekið fyrir

Málið No. 5. 1921

Sigfús Jónsson pr. pr. Kaupfjelag Skagfirðinga
gegn
Þorvaldi Sveinssyni á Sauðárkrók
Í stefnu dags. 26. f. m. taldi kærandi kærða skulda K. S. kr. 469,14 í viðskiptum við kaupfjelagið. Krafðist hann greiðslu skuldarinnar ásamt 7% p. a. frá kærudegi til greiðsludagt og málskostnaðar að auki. Kærandinn lagði fram kæruna áritaða af stefnuvottum og reikning, er sýndi upphæð skuldarinnar.
Sáttatilraun fór fram og komst á svo hljóðandi ~~sátt~~
Sátt:
Kærði lofar að greiða fyrir 1. jan. næstkomandi kr. 69,14. Eftirstöðvar skuldarinnar lofar hann að greiða á næstu tveim árum með kr. 200 á ári auk 7% vaxta p. a. ~~Gjalddagi afborgunar og vaxta er~~ fyrir 1. okt. hvert ár.
Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.
D. u. s.
Þorvaldur Sveinsson Sigfús Jónsson
Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson

74

Ár 1921, hinn 29. nóv., var sáttafundur haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps. Var þá tekið fyrir:
## Málið № 6. 1921
Kr. Gíslason kaupmaður á Sauðárkrók
gegn
Vilh. Guðmundssyni í Tungu.
Mál þetta stafar af kæru dags. 20. þ. m. Krafðist kærandinn greiðslu á verslunarskuld kærða að upphæð kr. 949,12, auk 7% vaxta frá kærudegi, 100 kr. fyrir ómak á innheimtu og málskostnaðar.
Kærandinn mætti á ákveðnum stað og tíma, lagði fram kæruna áritaða af stefnuvottum og reikning, er sýndi skuldarupphæðina.
Kærði mætti alls ekki og enginn fyrir hans hönd og tilkynnti engin forföll. Sáttatilraun gat því ekki farið fram. — Var málinu því samkvæmt kröfu kæranda vísað til dómstólanna.
Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson

1922.

Þriðjudaginn 17. jan 1922 var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkróks sáttaumdæmi af hinum lögskipuðu sáttanefndarmönnum. —

Á sáttafundi þessum mættu hjónin Sigurður Pétursson á Sjávarborg og Elísabet Gísladóttir á Sauðárkrók, sem ákveðið hafa að slíta að lögum hjúskap sínum. — Sáttaumleitun fór fram samkvæmt 53. gr. laga № 39 frá 27. júní 1921 um stofnun og slit hjúskapar. Sáttatilraunin varð árangurslaus. Vísast máli þessu því til aðgjörða dómarans.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson. Pálmi Pétursson

Hinn 29. apríl 1922 var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkróks sáttaumdæmi af hinum lögskipuðu sáttanefndarmönnum og þar tekið fyrir:

Málið Nr. 2. 1922.

Mál þetta var tekið fyrir samkvæmt stefnu frá Gunnari bónda



Gíslasyni á Breiðstöðum, sem krafðist af forráðamönnum Hjörleifs Andréssonar og Haraldi Andréssyni, báðum til heimilis á Sauðárkrók, að þeir greiði sjer að fullu kr. 54.38, sem er eptirstöðvar af meðgjöf með 4 kindum, er kærandinn hefur fóðrað í vetur og telur, að hinir kærðu eigi sínar tvær ~~kindurnar~~ hvor.

Kærandinn lagði kæruna fram áritaða af ~~stefnuvottum~~. Hinir kærðu mættu báðir.

Sáttatilraun varð árangurslaus, þar eð kærandinn vildi ekki taka þeim tilboðum hinna kærðu, að Hjörleifur greiddi á sáttafundinum það, sem tilvantaði, til þess að meðgjöf með annari kind hans væri greidd að fullu og meðgjöfina með hinni kindinni um leið og kindurnar væru afhentar sjer á heimili sínu á næsta eldaskildaga, en Haraldur gjöri gerning til greiðslu á fóðrum þeirra 2ja kinda, er honum töldust.

~~Kæran var~~ Máli þessu var síðan samkvæmt kröfu kærandans ~~og~~ vísað til dómstólanna, og var það ritað á kæruna.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson

Ár 1922, hinn 6. dag júnímán.
var sáttafundur haldinn af sáttanefnd Sauðárkrókshrepps samkvæmt sáttakæru frá Nikódemusi Jónssyni á Sauðárkrók, dags. 31. maí 1922. Var kæran útaf viðskiptum kærandans við Guðmund Oddson á Sauðárkróki og af því risin, að kærandinn taldi kærða standa í vanskilum við sig með greiðslu á verði fasteignar (húsins Hjaltastaðir á Sauðárkróki), samkvæmt kaupsamningi dags. 10. júlí 1920.

2. sáttamaður var fjarverandi, í ferðalagi. Kvaddi 1. sáttamaður því stöðvarstjóra Pjetur Sighvats til þess að leita með sjer sátta í máli þessu.

Báðir málsaðilar mættu á tilteknum stað og stundu. Kærandinn lagði kæruna fram ásamt afriti af stefnuvottorði og kaupsamning þann, sem að framan greinir.

Sáttatilraun fór fram og komst að lokum á svo látandi

Sátt:

Kærði, Guðmundur Oddsson, skuld-



bindur sig til að greiða kærandanum, Nikódemusi Jónssyni kr. 300 – þrjú hundruð krónur – fyrir 15. okt. 1922 og útvega fyrir 30. þ. m. fyrir þeirri greiðslu þá tryggingu, sem kærandinn tekur gilda. Er húsið þá áðurtalin eign kærða samkvæmt kaupsamningum 10. júlí 1920 og telst andvirði þess – með þessari tilslökun – þá greitt að fullu. En útvegi kærði ekki þessa tryggingu, þá skuldbindur hann sig til að láta húseign þessa af hendi hindrunarlaust 30. júní 1922 til allrar ráðstöfunar og afnota fyrir kærandann sem áðurtalda eign hans.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rétt bókuð og því næst undirskrifuð af hlutaðeigendum

D. u. s.

Nikódemus Jónsson. Guðm. Oddsson

Hálfdán Guðjónsson Pjetur Sighvats.

Ár 1922, hinn 3. júlí var sáttafundur haldinn í Sauðárkrókssáttaumdæmi af hinum lögskipuðu sáttanefndarmönnum.
Var þá tekið fyrir

Málið nr. 4. 1922.

Mál þetta var sprottið af kröfu frá Jónasi Þorsteinssyni í Steinholti á hendur Guðmundi Oddssyni á Sauðárkróki, útaf skuldarskiptum þeirra, sem stöfuðu af því, að kærandinn hafði lánað kærða peninga fyrir allmörgum árum. Enn fremur hafði hann á síðasta vetri keypt af kærða hryssu fyrir 200 kr. og greitt honum þá kr. 60,00 og þar með talið skuldaskiptum þá lokið. En síðar vildi kærði ekki láta hryssuna af hendi. Krafst kærandinn því, að kærði annaðhvort afhendi sjer tjeða hryssu tregðulaust eða greiði sjer kr. 200.00 í peningum.
Eftir að rækaleg sáttaumleitun hafði farið fram, komst á svo látandi
Guðm. Oddsson Sátt:
Kærði lofar að greiða kærandanum, Jónasi Þorsteinssyni skuldina að upphæð kr. 200 þannig: að hann greiði honum í peningum kr. 100 fyrir lok októbermán. þ. á. og kr. 100 fyrir lok júlímán. 1923. Af síðari greiðslunni kr. 100 greiðist kr. 6 í ársvexti. Til tryggingar skilvísri greiðslu skuldarinnar veðsetur kærði kærandanum grá hryssu 7 vetra með mark heilrifað vinstra og biti framan. Standi kærði ekki í skilum, getur kærandinn eignast að hryssu þessari sem sinni eign. Hryssan er í umsjón og á ábyrgð kærða, þangað til skuldin er greidd eða gengið er að veðinu.
Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

Guðm. Oddsson
Jónas Þorsteinsson
Hálfdán Guðjónsson
Pálmi Pétursson

Mánudaginn 6. nóv. 1922 var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkrókssáttaumdæmi af hinum lögskipuðu sáttanefndarmönnum. Var þá tekið fyrir:

Málið nr. 5. 1922.

Mál þetta var vísað út af kæru frá Jóh. Gíslasyni kaupmanni á Sauðárkrók dags: 26. f. m. á hendur Sigurði Guðmundssyni á Eyrinni (Sauðárkrók). Krafðist kærandinn að kærði greiddi sjer skuld að upphæð kr. 22.75 ásamt 5% vöxtum frá kærudegi til greiðsludags og málskostnaði.

Kærandinn og kærði mættu báðir. Lagði kærandinn fram kæruna, áritaða af stefnuvottum og reikning yfir skuldina.

Eftir nokkurt umtal komst á þessi

<u>Sátt:</u>

Kærði lofar að greiða skuld þá, er um ræðir ásamt 5% vöxtum og málskostnaði að upphæð kr. 3.40 þannig: Fyrir lok janúarmán 1923 kr. 7.00, fyrir lok júlímánaðar 1923 kr. 7.00 og eftirstöðvarnar fyrir lok októbermán. 1923.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

Jóh. Gíslason? Sigurður Guðmundsson

Hálfdan Guðjónsson Pálmi Pétursson



Ár 1922. ~~hinn~~ fimmtudaginn hinn 14. des: var sáttafundur settur og haldinn í sáttanefnd Sauðárkrókshrepps af hinum lögskipuðu sáttanefndarmönnum. — Var þá tekið fyrir

Málið nr. 6 1922

Gísli Magnússon organisti á Sauðárkrók gegn Björgvin Bjarnasyni rafljósafræðing frá Ísafirði p. t. Sauðárkrók.

Kæra þessi er af því sprottin, að nefndur Björgvin Bjarnason hafði fest taki ~~til~~ raflýsingarþráða lagningar í hús kæranda án þess að fá leyfi hans til þess og meira að segja ekki tekið þar til greina, að kærandi bannaði þetta, er kærði hafði byrjað á verkinu. Krafðist kærandinn þess, að þessi tæki yrðu tekin burt af húsi sínu þá undir bætt að fullu eftir mati þar til kvaddra manna, að kærandinn greiði sjer málskostnað og gjaldi 10 kr. til sveitarsjóðs Sauðárkrókshrepps sem sekt.

Kærandinn mætti á ákveðnum

stað og tíma og lagði fram kærunda árituð af stefnuvottum. — Kærðu mátti eigi, því að hann var staddur norður við Eyjafjörð. En munnlegt umboð hafði hann veitt verzlunarstjóra Joh. G. Möller á Sauðárkrók til þess að mæta fyrir sína hönd, en þar að hann var sjúkur fól hann kaupmanni Haraldi Júlíussyni að st. að mæta fyrir sína hönd.

Eptir því sem atvik lágu fyrir gat ekki komizt á sætt og var málinu því samkvæmt kröfu kæranda vísað til dómarans og var samkvæmt því vísað á kæruna og hún síðan afhent kærandanum.

Hálfdán Guðjónsson [signature]



# 1923.

Fimmtudaginn 4. jan. 1923 var sáttafundur settur og haldinn af sáttanefnd Skarðshrepps í þinghúsi hreppsins á Sauðárkróki. Var þá tekið fyrir

## Málið No 1. 1923:

Sigurfinnur Bjarnason bóndi á Meyjarlandi gegn Birni Skúlasyni bónda á Breiðstöðum.

Mál þetta er risið út af 250 kr. skuld, sem kærandinn telur sig eiga hjá kærða og sem viðurkennd er af honum.

Málspartar mættu báðir. Kærandinn lagði kæruna fram áritaða af stefnuvottum.

Sáttatilraun fór fram. Leiddi hún til svo látandi

Sáttar:

Kærði, Björn Skúlason bóndi á Breiðstöðum, skuldbindur sig til að greiða kærandanum, Sigurfinni Bjarnasyni bónda á Meyjarlandi, umrædda skuld kr. 250.00 þannig, að hann greiði honum 100 kr. í peningum fyrir góulok í vetur og eptirstöðvarnar 150 kr. sömuleiðis í peningum fyrir lok júlímán. næstkomandi

andi. Þó er kærða heimilt að fresta
síðari greiðslunni, ef hvassamarkaðir
eru fastákveðnir í ágústmánuði næsta
á eftir, þangað til þeir markaðir eru
afstaðnir, en fyrir lok næstkomandi
ágústmán. skal skuldin í síðasta lagi
greidd að fullu. Kærandinn lofar að
falla frá vaxtakröfu, en kærði lofar
að greiða kostnaðinn við sáttagjörð þessa
með 6 sex-krónum í peningum og
skal þeirri greiðslu lokið um leið og fyrri
afborgunin fer fram.
Sátt þessi var upp lesin og játuð rétt
bókuð.

Sigurfinnur Bjarnason  Hálfdán Guðjónsson

Björn Skúlason

Pálmi Pétursson



Þriðjudaginn 13. febrúar 1923 var sátta-
fundur settur og haldinn í Sauðárkróki
sáttanefndarmanni af hinum lögskipuðu
sáttanefndarmönnum. Var þá tekið
fyrir Málið № 2. 1923:

Marinus Pálsson Sauðárkrók
gegn
Stefáni Stefánssyni Sauðárkrók.

Mál þetta stafar frá kæru dags.
7. febr. þ.á., þar sem kærandinn krefst
greiðslu á 100 kr. skuld, sem hann
á hjá kærða.
Kærandinn var kominn á leið suður
á land með gufuskipi og gat því ekki
mætt sjálfur, í hans stað mætti á
sáttafundinum samkvæmt vott-
festu umboði Pétur Sighvats stöðvar-
stjóri á Sauðárkróki. - Kærði mætti ekki
og enginn fyrir hans hönd og tilkynnti
lögleg forföll. - Umboðsmaður kær-
anda lagði fram kæruna, áritaða
af stefnuvottunum, og viðurkenningu
kærða fyrir skuldinni og umboð til
að mæta. - Sáttatilraun gat ekki

farið fram. – Samkvæmt kröfu umboðsmanns kæranda var því vikað á hin framlögðu skjöl og málinu því næst vísað til dómstólanna.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson    Pálmi Pétursson

——— " ——— " ——— " ———

Föstudaginn 23. febrúarmán. 1923 var sáttafundur settur og haldinn í Sauðársáttafundar ... lögskipuðu sáttanefndar ... Var þá tekið fyrir

Málið No 3. 1923:

Hálfdán Kristjánsson Sauðárkróki

gegn

Sigurgeir Daníelssyni hreppstjóra s.st.

Mál þetta stafar af kæru dags. 19. febr. 1923. Krefst kærandinn þess, að kærði greiði sjer nál. kr. 60, sem hann telur ógreitt af kaupi Kristjáns sonar síns frá síðast liðnu sumri, er hann var ráðinn háseti á mótorbátinum Hring.



Báðir málsaðilar mættu á ákveðnum stað og tíma. – Kærandinn lagði fram kæruna áritaða af stefnuvottum. Sáttatilraun fór fram, en reyndist árangurslaus. Var málinu því samkvæmt kröfu kæranda vísað til dóms og laga. Kæran var síðan afhent kæranda með áritan sáttanefndarmanna.

Hálfdán Guðjónsson.    Pálmi Pétursson

1924.

Föstudaginn 4. apríl 1924 var sáttafundur settur og haldinn í sáttaumdæmi Skarðshrepps á heimili [sic] sáttamanns. Var þá tekið fyrir málið

No 1. 1924:

Björn Björnsson á Veðramóti

gegn

Jóni Sigurðarsyni á Heiði.

Mál þetta stafar af kæru dags. 27. mars 1924. Krefst kærandinn þess, að

kærði greiði sjer kr. 142,08; er hann skuldi sjer frá fyrri viðskiptum þeirra ásamt 6% vöxtum frá sáttakærudegi og málskostnaði.

Á tilteknum stað og stundu mætti kærandinn ásamt sáttanefnd inni. Kærði mætti eigi. En í hans stað mætti Þorbjörn Björnsson bóndi á Heiði og tekur kærandinn það gilt.

Eptir talsverða sáttaumleitun komst á svo látandi

Sátt:

Þorbjörn bóndi Björnsson lofar að greiða fyrir hönd kærða, Þórðar Þórðarsonar, kr. 60 og að auki kr. 9.50 í málskostnað, sem greitt er samstundis. Um greiðsluna að öðru leyti hafa málsaðilar komið sjer saman.

Sátt þessi var lesin upp, játuð rjett bókuð.

D. u. s.

Þorbjörn Björnsson

Björn Björnsson

Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson



## № 2. 1924.

Mánudaginn 7. júlí 1924 mættu hjónin Gunnar Laxdal Pjetursson á Búki og María Jónsdóttir á Páfastöðum fyrir sóknarpresti sínum í tilefni af því að þau hafa ákveðið að slíta lögum hjúskap sínum, eptir að hafa verið skilin að borði og sæng í 5 ár.

Sáttaumleitun fór fram samkvæmt 53. gr. laga № 139 frá 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar. Sáttatilraunin varð árangurslaus. Vísast máli þessu því til aðgjörða dómarans.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson
sóknarprestur.

## № 3 1924

Föstudaginn 8. ág. 1924 var sáttafundur settur og haldinn í sáttaumdæmi Sauðárkrókshrepps samkvæmt kæru frá Steindóri Jónssyni trjesmið á Sauðárkrók, þar sem hann krefst greiðslu á 712 kr. skuld hjá lyfsala K. M. Lindgreen á Sauðárkróki.

Sáttanefndarmennirnir og báðir málsaðilar mættu sjálfir á tilteknum

stað og tíma.

Sáttanefndin fór fram og komst á svo látandi

Sátt:

K. M. Lindgreen lyfsali á Sauðárkrók lofar að greiða kæranda Steindóri Jónssyni, smiðameistara á Sauðárkróki kr. 712 – sjö hundruð og tólf krónur – og að auki kr. 4.50 í málskostnað. þetta greiðist fram í dag.

Þar með er öllum skuldaskiftum málsaðila lokið til þessa dags.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

D. u. s.

Steindór Jónsson
K. M. Lindgreen
Hálfdán Guðjónsson   Pálmi Pétursson

Mánudaginn 24. nóv. 1924 var sáttafundur haldinn í Skarðshrepps-sáttanefndarumdæmi. Þar eð annar sáttanefndarmaðurinn Pálmi kaupmaður Pétursson var sjálfur málsaðili, þá kvaddi 1. sáttamaður Sigurgeir hreppstjóra Daníelsson á Sauðárkróki til þess að leita um sættir með sjer.

Var þá tekið fyrir málið

No 4. 1924.

Pálmi kaupmaður Pétursson
gegn
Júlíusi Pálssyni vinnumanni á Heiði.

Mál þetta stafar af stefnu dags. 18. þ. m. þar sem kærandinn fer þess á leit að kærði greiði sjer eða semji um greiðslu á 911 kr. ~~víxilmarkaðsskuld~~ ásamt venjulegum vöxtum frá sáttakærudegi.

Málsaðilar mættu á ákveðnum stað og stundu: í þinghúsi hreppsins kl. 2 síðdegis. Stefnan var lögð fram, árituð af stefnuvottunum.

Í máli þessu komst á svo látandi

Sátt:

Kærði, Júlíus Pálsson, lofar að

greiða kærandanum Pálma kaupmanni Péturssyni, kr. 300 fyrir 10. október 1925. Næstu 3 ár lofar hann borga eftirstöðvar skuldarinnar með jöfnum afborgunum kr. 200 á ári fyrir 10. okt. ár hvert. Kærandinn sleppir 11 kr. af skuldinni og allri vaxtagreiðslu framvegis. Einnig lætur hann áfallinn málskostnað niður falla. Verði vanskil á greiðslu samkvæmt sátt þessari, er kæranda heimilt að veikja venjulega rétti

Sátt þessi var lesin upp og játuð rétt bókuð.

Kærandi lætur þess getið, að veð það, er hann hefur áður fengið fyrir skuld þessari í rauðum hesti og rauðri hryssu, sem báði eru 16 vetra gömul, standi óhaggað eptir sem áður unz skuldinni er lokið.

D. u. s.

Júlíus Pálsson — Pálmi Pétursson

Hálfdán Guðjónsson

Sigurgeir Daníelsson



## No 5. 1924.

Mánudaginn 22. desember 1924 mættu hjónin Gunnar Guðmundsson á Reykjum og Sigurlína Stefánsdóttir í Kolakoti, bæði í Sauðárkrókssókn fyrir undirrituðum sóknarpresti sínum í sambandi við það, að þau hafa ákveðið að slíta að lögum hjúskap sínum eftir að hafa verið skilin að borði og sæng síðan vorið 1923.

Sáttaumleitun fór fram samkvæmt 53. gr. laga No 39, frá 27. júní 1921 um stofnun og slit hjúskapar.

Sáttatilraunin varð árangurslaus. Vísast máli þessu því til aðgjörða dómsvalds samkvæmt ósk hlutaðeigenda.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson
sóknarprestur.

## 1926.

Mánudaginn 12. apríl var sáttafundur settur og haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps, af 1. sáttamanni og Sigurgeir hreppstjóra Daníelssyni, sem 1. sáttamaður hafði kallað til sáttafundarins í sjúkdómsforföllum 2. sáttamanns. Pálma Pjeturssonar kaupmanns.

Var þá tekið fyrir

Málið: No 1. 1926

Hjörleifur Sigfússon í Álftagerði

gegn

Sveini kaupmanni Gunnarssyni á Sauðárkróki.

Mál þetta var hafið með stefnu dags. 9. mars 1926, þar sem kærandinn Hjörleifur Sigfússon krefst þess að kærði, Sveinn kaupmaður Gunnarsson, afturkalli meiðandi ummæli, er hann



hafi haft um sig við þriðja mann og endurtekið við sig sjálfan 4. jan. þ. á. og greiði auk þess sekt og málskostnað.

Kærandinn og kærði mættu báðir á sáttafundinum. Lagði kærandinn fram kæruna, áritaða af stefnuvottunum.

Eftir að sáttaumleitun hafði farið fram, komst á svolátandi

Sátt:

Kærði lýsir því yfir, að hann telji sig hafa ofmælt ~~hin~~, er hann viðhafði hin átöldu ummæli og afturkallar þau. - Auk þess lofar hann að greiða kærandanum kr. 15.00 - fimmtán krónur - í málskostnað og önnur útgjöld við kæru þessa.

Sátt upp lesin og játuð rjett bókuð.

D. u. s.

Sveinn. Gunnarsson Hjörleifur Sigfússon

Hálfdán Guðjónsson Sigurgeir Daníelsson

1926

№ 2.

Þriðjudaginn 27. apríl 1926 mættu hjónin Pétur Andrjesson og Jóhanna Benónýsdóttir, bæði til heimilis á Sauðárkróki, fyrir undirrituðum sóknarpresti þeirra í sambandi við það að þau hafa ákveðið, að slíta að lögum hjúskap sínum eftir að hafa verið skilin að borði og sæng síðan vorið 1925.

Sáttaumleitun fór fram samkvæmt 53. gr. laga Nr 39. frá 27. júní 1921 um stofnun og slit hjúskapar.

Sáttatilraunin varð árangurslaus. Vísast málinu því til aðgjörða dómarans.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson.



№ 3. 1926.

Laugardaginn 16. október 1926 var ákveðinn sáttafundur í Sauðárkróks sáttaumdæmi kl. 2 síðdegis samkvæmt kæru frá Valdimar Guðmundssyni í Vallanesi, er Stefáni Kristjáni Hansen vegabótastjóra á Sauðárkróki út af ósamkomulagi um, flutning á sementi til brúargjörðar yfir Hjeraðsvötn. Sáttanefnd og kærði mættu á ákveðnum tíma, en kærandinn ekki og enginn fyrir hans hönd. Kæran var ekki heldur lögð fram.—

Eftir 1 klukkustund liðinni lýsti kærði því, að hann teldi ekki ástæðu fyrir sig til að bíða lengur, og ók burtu og áskildi, að þetta yrði bókað.

Samkvæmt framanskráðu gat engin sáttatilraun farið fram.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson [illegible]

## № 4. 1926.

Mánudaginn 24. október 1926 var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkróks sáttaumdæmi af sáttanefndarmönnum báðum. – Var þá tekið fyrir

Málið № 4. 1926

Hreppstj. Valdimar Guðmundsson bóndi í Vallanesi

gegn

Kristjáni Hansen verkstjóra á Sauðárkróki

Mál þetta var hafið með kæru dagsettri 8. okt. þ. á. og sátti í fyrstu að koma fyrir sáttanefndina 16. þ. m., en á það eyddist vegna þess, að kærandinn mætti eigi vegna forfalla, sem hann tilgreindi. Var því samkvæmt kröfu kæranda gefið út nýtt fyrirkall. – Mál þetta var vísað út af ágreiningi um borgun fyrir sementsflutning. Báðir málsaðilar mættu. Sáttatilraun fór fram, en reyndist árangurslaus. Þó skal þess getið, að kærði Kristján verkstjóri Hansen lýsti því yfir, að hann væri reiðubúinn að greiða kærandanum nú samdægurs kr. 216 –



tvö hundruð og sextán krónur, þ. e. tvær krónur fyrir hvern sementspoka sem hann hefði flutt. – Að öðru leyti væru málsaðilar ófáanlegir til að láta mál þetta niður falla, þar eð kærði neitar með öllu að greiða fulla kröfu kæranda um 300 kr. fyrir sementsflutning þenna.

Samkvæmt kröfu kærandans er vísað því máli þessu til dóms og laga.

Kæran var síðan afhent kæranda með áritun sáttanefndarmanna

Hálfdán Guðjónsson  Pálmi Pétursson

## № 5. 1926

Fimmtudaginn 25. nóvember 1926 var sáttafundur settur og haldinn af sáttamönnum Sauðárkrókshrepps í þinghúsi hreppsins kl. 3 síðdegis.

Var þá tekið fyrir

Málið № 5. 1926. dags. 15. nóv. 1926

Mál þetta var hafið með kæru frá Jóni Þorsteinssyni á Sauð–

árkróki, þar sem hann krefst 25 kr. greiðslu af lyfsala K. M. Lindgreen á Sauðárkróki. Telur kærandinn þetta eftirstöðvar af húsaleigu, sem sér beri frá kærða.

Báðir málsaðilar mættu á tilsettum stað og stundu. Kærandinn lagði fram kæruna áritaða af stefnuvottunum.

Sáttatilraun fór fram. Eftir nokkrar umræður bauðst kærður til að greiða kröfu kærandans að fullu ásamt málskostnaði eða samtals kr. 27.50. Var mál þetta þar með að fullu útkljáð.

Hálfdán Guðjónsson
1. sáttanefndarmaður

Pálmi Pétursson
K. M. Lindgren
Jón Þorsteinsson



1927.

Föstudaginn 22. apríl 1927 var sáttafundur settur og haldinn af sáttanefnd Sauðárkrókshrepps í þinghúsi hreppsins kl. 2½ síðdegis. ~~(út af kæru)~~ Var þá tekið fyrir:

Málið № 1 1927:

G. M. Björnsson í Tungu
gegn
Þorkeli Jónssyni á Sauðárkróki:

Mál þetta er hafið með sáttakæru dags. 11. apríl 1927, þar sem kærandinn krefst greiðslu á kr. 61, sem hann telur sig eiga hjá kærða, en hann vilji eigi gjalda.

Kærandinn mætti á tilteknum stað og tíma, og í stað kærða og í forföllum hans kona hans Málfríður Friðgeirsdóttir samkvæmt umboði. Kærandinn lagði kæruna fram, áritaða af stefnuvottunum.

Sáttaumleitun fór fram og komst að lokum á svo látandi:

Sátt:

„Kári lofar að greiða kærandanum á næsta vori 30 kr. virði með „Drangeyjarfugli" eða andvirði hans með peningum fyrir lok næstkomandi júnímánaðar. Er öllum skuldaskiftum kæranda og kærða til þessa dags þar með lokið."

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

Hálfdán Guðjónsson  Pálmi Pétursson

G. M. Björnsson  Málfríður Friðgeirsd.

---

Málið: No 2. 1927.

Hjónin Pjetur Andrjesson, nú til heimilis í Vík í Reynistaðarsókn og Jóhanna Benónýsdóttir til heimilis á Sauðárkróki mættu fyrir nefndum undirrituðum sóknarpresti sínum 27. apríl f. á. til þess að sáttaumleitun gæti farið fram áður en þau fengju fyrirfram skilnað að borði og sæng. Nú hafa þau



aftur mætt fyrir nefndum í dag til þess að ~~sáttaum~~leitun gæti farið fram á ný áður en þau fái fullan lögskilnað.

Sáttatilraun fór fram, en reyndist árangurslaus, þar eð hvort hjónanna um sig lýsti því eindregið yfir, að það væri ófrávíkjanlegur ásetningur sinn að fá fullan lögskilnað. Eftir ósk þeirra beggja vísast því máli þessu til aðgjörða dómarans.

Sauðárkróki 28. apríl 1927

Hálfdán Guðjónsson

Föstudaginn 29. apríl 1927 var
sáttafundur settur og haldinn
af sáttanefnd Sauðárkrókshrepps
í þinghúsi hreppsins og þar tek-
ið fyrir

Málið № 3. 1927.

Er það risið út af kæru frá Maríu
Stefánsdóttur og Ingibjörgu Ögmunds-
dóttur, báðum til heimilis á Sauð-
árkróki, dags. 22. apríl 1927, gegn Óskari
Stefánssyni, sem þær telja að hreint
hafi ill móðgandi og ærumeiðandi
ummæli um sig. Krefjast þær,
að hann afturkalli þau sem tilefn-
islaus, ~~bjóði~~ og greiði sekt og allan
málskostnað. ~~Sátt~~ Eftir á kærð [illegible]-
~~Sáttaumleitun fór fram~~
an. Ingibjörgu Ögmundsdóttir, sem kom-
in er búin til heimilis á Akureyri,
mætti faðir hennar Ögmundur Magn-
ússon söðlasmiður á Sauðárkróki sam-
kvæmt umboði, aðrir málsaðilar
mættu sjálfir á ~~á~~ tilteknum
stað og stund. Lögðu kærendur ~~fram~~ kæruna



fram áritaða af stefnuvottunum.
Sáttaumleitunin fór fram. Komst
að lokum á svo hljóðandi

Sátt:

Kærði, Óskar Stefánsson á Sauðárkróki
afturkallar sem tilefnislaus þau
ummæli, er standa í kærunni og
kærendurnir María Stefánsdóttir og
Ingibjörg Ögmundsdóttir telja æ-
rumeiðandi og móðgandi fyrir sig,
biður kærendurna fyrirgefningar á
á þeim og lofar að greiða 5 5 kr.
sekt í sveitarsjóð Sauðárkróks-
hrepps og 5 krónur sem málskostn-
að, er leiðir af málarekstri þessum.
Málskostnaðurinn greiðist nú þegar,
en sektargreiðslunni skal lokið
fyrir 30. september 1927."
Sátt þessi var lesin upp og af
hlutaðeigendum játuð rétt bókuð.

Ögmundur Magnússon
Eftir umboði María Stefánsdóttir.
Óskar Stefánsson
Hálfdán Guðjónsson
Pálmi Pétursson

Málið № 4. 1927.

Fimmtudaginn 19. maí 1927 mætti fyrir mjer undirrituðum sóknarpresti sínum, frú Þórunn Kristjánsdóttir Elfar til heimilis hjer í kauptúninu, til þess að fram mætti fara sáttatilraun sú, sem áskilin er sem skilyrði fyrir hjúskaparskilnaði. Kveðst hún hafa fast ráðið að sækja um leyfi til algerðs hjónaskilnaðar við eiginmann sinn, Benedikt Elfar, sem dvalið hefur á ýmsum stöðum erlendis árum saman og alls ekki komið hingað eða verið samvistum við hana síðast liðin rúm 3 ár. Kveðst hún nú ófáanleg til að endurnýja sambúðina við hann, enda hafi hann látið það í ljósi, að það væri vilji hans, að hjúskap þeirra væri slitið að lögum. –

Af áður greindum ástæðum gat sáttaumleitun ekki farið fram á venjulegan hátt, þar sem ekki náðist til annars málsaðilans:

Þar sem framangreind frú Þórunn hefur dvalið í foreldrahúsum sínum hjer á staðnum öll árin síðan hún gekk í hjónaband árið 1920, er mjer kunnugt um, að það, sem að framan greinir, er rjett hermt.

Enn fremur skal það tekið fram, að nefnd frú Þórunn hefur öll þau ár komið hjer fram með prúðmensku og siðgæði á allan hátt.

Þetta allt vottast í embættisnafni.

Hálfdán Guðjónsson

---

Málið № 5. 1927.

Fimmtudaginn 9. júní 1927 mættu hjónin Gunnar Guðmundsson á Veðramóti og Sigurlína Stefánsdóttir á Reykjum, bæði í Sauðárkrókssókn fyrir mjer undirrituðum sóknarpresti sínum til þess að fram gæti farið sáttaumleitun áður en þau fái fullnaðar lögskilnað. Hinn 22. des. 1924 höfðu hjón þessi

-mætt fyrir nýjar átur til undirbúnings formlegum skilnaði að borði og sæng.
Sáttaumleitun fór fram á ný, en reyndist árangurslaus, það er hvort hjónanna um sig lýsti því eindregið yfir, að það væri ófrávíkjanlegur ásetningur sinn að fá fullan lögskilnað. – Samkvæmt ósk þeirra beggja vísast því máli þessu til aðgjörða dómarans.
Sauðárkróki 9. júní 1927
Hálfdán Guðjónsson

Málið No 6.

Ár 1927 föstudaginn 29. júlí kl. 12 á hád. var sáttafundur haldinn í Sauðárkróks sáttaumdæmi af 2. sáttasemjara og í forföllum 1. sáttasemjara varasáttasemjarinn.
Var þá tekið fyrir
Málið No 6, 1927.



Guðvarður Magnússon bóndi á Hrajti gegn
Kristjáni Gíslasyni kaupm. á Sauðárkr.
Málið er hafið með kæru útgefinni 16. júlí 1927, þar sem kærandi krefst þess að kærði borgi sér skaðabætur 150 kr. fyrir samningsrof á kýrkaupum o. s. frv.
Báðir málsaðilar voru mættir á tilteknum stað og stundu.
Töluðu þeir allmikið um málið, og sýndist sitt hvorum eins og gengur.
Sáttatilraun fór fram og lyktaði með því að málspartar komu sér heimulega saman um málið, svo að því sé hér með lokið.
Því til staðfestu er undirskrift þeirra ásamt sáttasemjara.
D. u. s.
Pálmi Pétursson    Sigurgeir Daníelsson
Kr. Gíslason    Guðvarður Magnússon

Málið Nr. 7. 1927.

Ár 1927, hinn 26. dag októbermán. var sáttafundur haldinn í Sauðárkrókssáttaumdæmi af 1. sáttamanni og þá tekið fyrir málið

Nr. 7. 1927.

Mál þetta var hafið með sáttakæru gefinni út af Snæbirni Sigurgeirssyni bakara á Sauðárkróki, dags. 7. okt. 1927, gegn Magnúsi Halldórssyni s.st.

Kæran er reist af skuldaskiftum milli kærandans og Magnúsar Halldórssonar skósmiðs á Sauðárkróki. Telur kærandinn, að kærði hafi skuldað sjer við síðasta nýár kr. 174,84, og sýni engin skil þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sínar til innheimtu. Krefst hann því, að sáttanefndin taki málið til meðferðar, og leitist við að koma sáttum á. Takist það ekki, óskar hann að málinu verði vísað til dómstólanna.

Kærandinn mætti á ákveðnum stað og stundu og 1. sáttamaður,

93

2. sáttamaður gat ekki mætt vegna sjúkdómsforfalla. [Kærði mætti ekki og enginn fyrir hans hönd og tilkynnti hann engin forföll. Kærandinn lagði kæruskjal fram, áritaða af stefnuvottum og reikning til kærða, sem sýnir hvernig skuld þessi er til orðin.

Þar eð kærði mætti alls ekki og ekki heldur neinn hans vegna, gat sáttaumleitun ekki farið fram. Samkvæmt kröfu kærandans vísar sáttanefndin því máli þessu til dómarans með áskrift sinni á kæruna og reikninginn.

Hálfdán Guðjónsson
1. sáttamaður

Einni kl.stund eptir að sáttafundurinn var ákveðinn mætti kærði, sem verið hafði í ferðalagi.

Sáttaumleitun gat því farið fram og komst ~~því~~ að lokum á svohljóðandi

Sátt

Kærði skuldbindur sig til að greiða

kærandanum. Snæbirni bakara Sigurgeirssyni kr 60 – sextíu krónur – fyrir næstu áramót, kr. 55 – fimmtíu og fimm krónur – fyrir 20. sept. 1928 og sömu upphæð – kr. 55 – fyrir 20. sept. 1929.

En geti kærði, Magnús Halldórsson, eigi greitt fyrstu afborgun, samkvæmt framan skráðu, þá skuldbindur hann sig til að slá túnið á Hlíðarenda hjer í hreppi innan þeirrar girðingar, sem nú er um það næstu 4 sumur og sje þeim slætti lokið þá 12. til 14. sumarhelgar ár hvert, eftir samkomulagi, þar til skuldaskiftunum þeim, sem hjer ræðir um, er lokið að fullu, hvor þessara greiðslna sem á sjer stað.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

D. u. s.

Sigurgeirsson. Magnús Halldórsson

Hálfdán Guðjónsson



# Málið No 8. 1927.

~~Fillipt~~ Ár 1927, hinn 30. dag nóvembermán. ~~1927~~ var sáttafundur haldinn af sáttanefnd Sauðárkrókshrepps af 1. sáttamanni og í sjúkdómsforföllum 2. sáttamanns af Pétri Kristjánssyni sjúkrahúsráðsmanni sem 1. sáttamaður kvaddi til sáttafundarins með sjer. Var þá tekið fyrir

Málið No 8. 1927.

Ísl. Gíslason ~~gegn Guðmundi Jónssyni~~ ~~sem hafði~~ var með stefnu dagá 22. nóv. 1927 útgefinni af Ísl. Gíslasyni kaupmanni á Sauðárkróki, stefndur Guðmundi Jónssyni á Sauðárkróki út af verslunarviðskiftum, þar sem kærandinn telur, að kærði skuldi sjer kr. 65.90, er hann hafi allengi tregðast við að borga.

Kærandinn og kærði mættu báðir á tilteknum stað og stundu. Lagði kærandinn fram kæruna áritaða af stefnuvottunum.

Sáttatilraun fór fram. Komst að lokum á svo látandi ~~sátt~~

Sátt:

Kærði, Guðmundur Jónsson, lofar

að borga kærandanum kr. 28 – tuttugu og átta krónur þannig: að hann borgar 8 kr. nú þegar, 10 kr. fyrir lok júlímán. 1928 og 10 kr. fyrir lok októbermán. 1928. Er viðskiptunum þessum þar með lokið að öllu leyti.
Sátt þessi lesin upp og játuð rjett bókuð.

Jóh. Gíslason  Guðm. Jónsson

Hálfdán Guðjónsson  Arnljótur Kristjánsson



Ár 1928. No 1.
Þriðjudaginn 20. marz 1928 mætti fyrir mjer, undirrituðum sóknarpresti sínum konan Hallfríður Jónsdóttir til heimilis á Varmalandi í Reynistaðarsókn, til þess að fram mætti fara sáttatilraun sú, sem ákveðin er með lögum sem skilyrði fyrir hjónskaparslitum. Kvað hún það sjálfráðið af sjer og eiginmanni sínum, Þórarni Sigurðssyni, sem telur sjer heimili á Varmalandi, en hefur síðast liðin 2 ár dvalið á Sauðárkróki, að sækja um leyfi til algerðs hjónaskilnaðar vegna fjarlægðar hans geta hjón þessi ekki mætt bæði fyrir sama presti. – Sáttatilraun, sem hreyft var við konuna, reyndist árangurslaus. – Þetta vottast í embættisnafni. Máli þessu vísast því til hlutaðeigandi yfirvalds.
Það vottast enn fremur, að nefnd kona hefur kynnt sig að siðprýði og góðri hegðun, eptir því sem mjer ber frekast kunnugt.

Hálfdán Guðjónsson

Ár 1928 № 2.

Mánudaginn 21. maí 1928 var sáttafundur settur og haldinn af sáttanefnd Sauðárkróksbreppsins af sáttakæru frá kaupmanni Kr. Gíslasyni á Sauðárkróki. Var þá tekið fyrir

málið № 2:1928

Kr. Gíslason kaupmaður

gegn

Friðrik Árnasyni á Sauðárkróki.

Málið er sprottið af skuldakröfu kærandans á hendur kærða að upphæð samkvæmt gefnum reikningi er fram var lagður, kr. 256.30 ásamt 6% vöxtum frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags og sáttakostnaði. Málsaðilar mættu báðir á ákveðnum stað og tíma. En að eins fyrsti sáttamaður vegna sjúkdómsforfalla



2. sáttamanni. Málsaðilar töldu báðir gefnugitt, að fyrsti sáttamaður leitaði einn um sáttir.

Sáttakæran var framlögð ásamt af stefnuvottunum og reikningur yfir skuldina. Sáttatilraun fór fram. Komst að lokum á svo látandi

Sátt:

Kærði lofar að láta uppi umrædda skuld á þessu vori. Á gelda, svarta að lit og hvíta kollótta á tvílembuða, enn fremur að greiða á næsta hausti kr. 25. Fyrir 10. okt 1929 lofar hann að greiða kr. 125. Skal þessum skuldaskiptunum þar með lokið.

Upplesið og játað rétt bókað.

Kr. Gíslason   Friðrik Árnason

Hálfdán Guðjónsson

# Mál № 3 árið 1928.

Fimmtudaginn 19. júlí 1928 mætti fyrir mjer undirrituðum sóknarpresti síðan konan Sigurrós J. Sigurðardóttir til heimilis hjer í kaupstúninu til þess að fram mætti fara sáttatilraun sú, sem áskilin er sem skilyrði fyrir hjúskaparskilnaði. Kvaðst hún alráðin að krefjast algerðs hjónaskilnaðar við eiginmann sinn, Sigurbjörn Jónsson, sem nú dvelur á Siglufirði. Hafa þau hjón verið skilin að borði og sæng í meir en 3 ár. Þáverandi sóknarprestur þeirra hefir gefið vottorð um árangurslausa sáttatilraun milli þeirra á þeim tíma. Um þær mundir höfðu þau einnig undirskrifað samning um það, að 2 börn þeirra yrðu undir umsjá móður sinnar til 14 ára aldurs eða fram yfir fermingu þeirra, og að faðir þeirra gæfi með þeim til þess aldurs kr 125 með stúlkubarninu og 150 kr. með drengnum. Samningur þessi hafði einnig að geyma ákvæði



um fullan fjárskilnað þeirra á milli.

Þar sem nefndur Sigurbjörn Jónsson er í mikilli fjarlægð nú og áður greinir, svo að ekki náðist til hans, gat sáttatilraun þessi ekki farið fram á venjulegan hátt. En nefnd Sigurrós J. Sigurðardóttir kvaðst ófáanleg til þess að endurnýja samvistir við hann og krefst þess að hjúskap þeirra verði slitið að lögum, og að hlutaðeigandi yfirvöld hlutist til um, að Sigurbjörn Jónsson greiði til sín umsamið meðlag með börnum þeirra fyrir 2 síðustu ár, sem hann hefir vanrækt það, og framvegis árlega.

Framangreind Sigurrós hefir dvalið hjer í kaupstúninu 2 síðustu ár. Hefir hún unnið fyrir börnum sínum með ráðdeild og siðgæði á allan hátt, eptir því sem hjer er frekast kunnugt um.

Þetta allt vottast í embættisnafni.

Hálfdán Guðjónsson.

# Mál No 1. árið 1930.

Föstudaginn 19. des. 1930 var sáttafundur settur og haldinn af sáttanefnd Sauðárkróks í þinghúsi hreppsins út af kæru frá Kr. Gíslasyni kaupmanni á Sauðárkróki, sem krefst greiðslu verzlunarskuldar ~~að upphæð kr. 493.37 Friðgeirs Árnasonar á~~ Sauðárkróki.

Stefnandinn og stefndur mættu báðir á ákveðnum stað og tíma undir sáttanefndinni.-

Kærandinn lagði fram kæruna, dagst. 15. þ. m. áritaða af stefnuvottunum og reikning um skuldina.

Sáttaumleitun fór fram. Komst að lokum á svo látandi

Sátt:

Kærði, Friðgeir Árnason, lofar að greiða kærandanum Kristjáni Gíslasyni kaupmanni á Sauðárkróki umrædda skuld þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fyrir 20. júní | 1931 | kr | 100.00 |
| — lok ágústm. | 1931 | — | 100.00 |
| — 20. júní | 1932 | — | 100.00 |
| — lok ágústm. | 1932 | — | 100.00 |
| | | Samtals kr. | 400.00 |

Af skuld þessari greiði kærði 6% p.a. í vexti uns hún er að fullu greidd. Standi kærði í fullum skilum með þessa greiðslu, lofar kærandinn að gefa eftir af skuldinni það sem um fram er við kr. 400.- Ella falli skuldin öll í gjalddaga.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rétt bókuð.

Hálfdán Guðjónsson    Pálmi Pétursson
1. sáttanm.

Kr. Gíslason    Friðgeir Árnason

Mál No 1. árið 1931.

Laugardag 3. jan. 1931. var sáttafundur settur og haldinn í Skagahreppssátta umdæmi og þar tekið fyrir:

Málið No 1. árið 1931.

Mál þetta var hafið með sáttakæru dags. 27. Des. 1930 útgefinni af Ást. þorkelssyni á Geitaskarði fyrir Mörtel Kristins Magnússonar, Kaupmanns á Blönduósi, sem krafði greiðslu verzlunarskulda að upphæð kr. 52.34 frá Kristjáni Gudbrandssyni á Heiði í Gönguskörðum. Báðir málsaðilar mættu ásamt sáttanefndinni á ákveðnum tíma. Kærandinn lagði fram kæruna áritaða af stefnu vottum, svo og umboðsskjal frá skuldareigandanum og reikning um skuldina.

Sáttatilraun fór fram og komst á svo látandi

Sátt:

Kærði, Kristján Gudbrandsson á Heiði, lofar að greiða ~~til~~ kr. 30 – þrjátíu krónur – til umboðsmanns kærandans. Ástu þorkelssonar fyrir 15. apríl 1931. En þess um skuldarkröfum þar með lokið og mál þetta niður fallið, þegar greiðslunni er lokið.

Sátt þessi lesin upp og játuð rjett bókuð.

Kristján Gudbrandsson

Ást. þorkelsson

Hálfdán Gudjónsson Jóhann Stefánsson

99

## Málið No 2. 1931.

Miðvikudaginn 21. jan. 1931 var sáttafundur settur og haldinn í Sauðárkrókssáttaumdæmi af sáttanefndarmönnum sáttaumdæmisins.

Var þá tekið fyrir

Málið No 2. 1931:

Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálaflutningsm. í Reykjavík f.h. Tefle Motorverkstad

gegn

Sigurgeiri Daníelssyni á Sauðárkróki.

Mál þetta er hafið með sáttakæru dags. 1. nóv. 1930. Er þess þar krafist, að kærði greiði skuld kr. 536.85, ásamt 6% vöxtum frá 19. jan. 1930, sem talið er að sé eftirstöðvar af andvirði heyvinnuvélar, er kærði hafði keypt en taldi svo gallaða, að hann neitaði að borga hana fullu verði, og einnig fyrir þá sök, að vjel þessi hefði komið seinna en áætlað var til. Samkvæmt umboði frá kæranda mætti Valgard Blöndal póstafgreiðslumaður á Sauðárkróki á



sáttafundinum ásamt kærða á tilteknum stað og stundu. Lagði umboðsmaður fram sáttakæruna áritaða af stefnuvottunum.

Sáttatilraun fór fram og komst að lokum á svohljóðandi

**Sátt:**

Kærði Sigurgeir Daníelsson hreppstjóri og útgerðarmaður á Sauðárkróki greiðir umboðsmanni kæranda á sáttafundinum kr. 460 – fjögur hundruð og sextíu krónur. Er skuldakrafan þar með fullnægt og mál þetta niðurfallið að öllu.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

Sigurgeir Danielsson

Valgard Blöndal

Hálfdán Guðjónsson Jóhann Þorsson

## Málið No 3. árið 1931.

Hjónin Pétur Guðmundsson bílstjóri og Guðrún Sveinsdóttir, kennslukona, bæði til heimilis á Sauðárkróki, hafa ákveðið að skilja að borði og sæng. — Samkvæmt 53. gr. laga no. 39 frá 27. júní 1921 um stofnun og slit hjúskapar hafa þau í dag mætt fyrir mjer undirrituðum sóknarprestinum til þess að lögskipuð sáttaumleitun mætti fara fram.

Þar sem bæði hjónin lýstu því yfir, að það væri ófrávíkjanlegur ásetningur sinn, að fá hjúskapinum slitið að lögum, varð sáttatilraunin árangurslaus. — Samkvæmt ósk hlutaðeigenda ~~vísast~~ því máli þessu til hlutaðeigandi yfirvalds.

Sauðárkróki, 3. febrúar 1931

Hálfdán Guðjónsson
sóknarprestur.



(~~Málið No 4 árið 1931~~)

Málið № 4. árið 1931.

Mánudaginn 18. maí 1931 var sáttafundur settur og haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps af báðum sáttanefndarmönnunum hreppsins og þar tekið fyrir: Málið № 4 1931:

Jón Þ. Björnsson hreppsnefndaroddviti fyrir hönd sveitarsjóðanna í Sauðárkrókshreppi og Engihlíðarhreppi í Húnavatnssýslu

gegn

Kristjáni Guðbrandssyni á Heiði.

Mál þetta er hafið með kæru dags. 11. maí 1931, þar sem kærandinn krefst þess vegna sveitarsjóðs Sauðárkrókshrepps, að kærði, Kristján Guðbrandsson greiði fyrir sína hönd og vegna dánarbús tengdaföður síns, Jóns Jóhannessonar kr. 478.63, og auk þess krefst hann þess, samkvæmt umboði frá oddvita Engihlíðarhrepps, að kærði greiði skuld sína við þann hrepp að upphæð kr. 40.27 eða samtals kr. 518.90.

Kærandinn mætti á sáttafundinum á ákveðnum stað og tíma. Lagði fram kæruna áritaða af ~~sátt~~ stefnuvottum,



og umboð frá oddvita Engihlíðarhrepps. Kærði mætti ekki og enginn fyrir hans hönd. Hann hafði eigi heldur tilkynnt nein forföll. Sáttatilraun gat því eigi farið fram.

Þá er liðin var meir en 1 klukkustund frá því sáttafundur hófst, krafðist kærandinn þess, að málsskjölin væru árituð og málinu vísað til dómstólanna.

Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson

Málið №5. árið 1931.

Miðvikudaginn 2. sept. 1931 var sátta
fundur settur og haldinn á Sauðárkróki
af báðum sáttanefndarmönnum hrepps
ins og þar tekið fyrir: Málið №5. 1931.

Steindór Jónsson húsameistari á
Sauðárkróki
gegn
Haraldi Júlíussyni kaupmanni á Sauð
árkróki sem afgreiðslumanni „Bergenska
gufuskipafjelagsins".

Mál þetta var hafið með stefnu,
dags. 22. ágúst 1931, þar sem kærandinn
krefst þess, að nefnt gufuskipafjelag
~~krefst þess~~ greiði sjer í íslenzkum
krónum 350.80 kr. ~~ásamt~~ 6% ársvöxtum
frá 2. okt. 1930. Krafa þessi byggist
á því, að kærandinn telur sig vanta
~~af~~ ~~timbri~~ sem flutt var með D/s „Nova"
það sem nemur þessari upphæð, og hann
hafi greitt um leið og timbursending
þessi var afgreidd; en vöntunin komst
í ljós, er timbrið var kannað. — Nefnt
gufuskipafjelag hefur neitað að sinna



þessari kröfu.
Kærandinn mætti á sáttafundinum
og sömuleiðis kærði. — Kærandinn
lagði fram kæruna áritaða af stefnu-
vottunum.
Sáttatilraun fór fram, en reynd-
ist árangurslaus. Kærði taldi sig ekki
skipaðan afgreiðslumann, er fullt um-
boð gæti haft til þess að sættast á
mál þetta. Hinsvegar hjelt kærandinn
því fram, að hann hlyti að telja
kærða formlegan málsaðila, þar
sem hann væri nefndur afgreiðslu-
maður nefnds gufuskipafjelags í
bréfum, sem fjölluðu um þessa
kröfu og lögð voru fram á sátta
fundinum í afriti.
(~~Kærandinn krafðist þess, að~~) Þar sem
sátt ~~komst~~ þannig ekki á, þá
~~var málinu þess~~) vísast máli þessu
samkvæmt kröfu kæranda til
dómstólanna.

D. u. s.

Hálfdan Guðjónsson Páll Pétursson

# Málið № 6. árið 1931.

Föstudaginn 6. nóv. 1931 var sáttafundur settur og haldinn af sáttanefndarmönnum Sauðárkrókshrepps og þar tekið fyrir málið № 6. 1931

Bjarni Sigurðsson

gegn

Óskari Stefánssyni.

Mál þetta var hafið með stefnu dags. 31. okt. 1931 út af því að Bjarni Sigurðsson formaður á Sauðárkróki telur, að Óskar Stefánsson hafi haft um sig móðgandi og meiðandi ummæli, sem hann óskar að kærði afturkalli og greiði sektir fyrir ásamt málskostnaði, ella sje málinu vísað til dómstólanna. Málsaðilar mættu báðir á ákveðnum stað og tíma. Sáttaumleitun fór fram og leiddi til þess, að á komst svo látandi:

## Sátt:

Kærður Óskar Stefánsson játar, að hin átöldu ummæli hafi ekki verið mælt í þeim tilgangi, að þau væru móðgandi eða meiðandi fyrir kæranda, Bjarna Sigurðsson, og afturkallar þau sem markleysu að svo miklu leyti sem þannig mætti á þau líta. Kostnaðinn við sáttagjörð þessa lofar kærði að greiða með kr. 5.00 — fimm krónum. Er mál þetta þannig að öllu leyti útkljáð.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

Óskar Stefánsson Bjarni B. Sigurðsson

Hálfdán Guðjónsson Pálmi Pétursson

Málið № 7. árið 1931.

Laugardaginn 5. des. 1931 var sáttafundur haldinn af sáttanefnd Sauðárkrókshrepps út af kæru dags. 28. nóv. þ. á. Var þar tekið fyrir málið

№ 7. árið 1931:

Hr. Tómas Jónsson Elivogum

gegn

Sigurlaugu Pálsdóttur Sauðárkrók:

Er mál þetta sprottið af því, að kærandinn telur sig eiga inni hjá kærðu 200 kr. húsaleigu frá því árið 1926–27. Krefst hann þessarar upphæðar og að auki vaxta til kærudags og auk þess málskostnaðar.

Kærandi og kærða mættu báðir á tilteknum stað og tíma. Var kæran lögð fram árituð af stefnuvottunum.

Sáttatilraun fór fram. Komst að lokum á svo látandi

Sátt:

Kærða Sigurlaug Pálsdóttir lofar að greiða kærandanum nú þegar



kr. 75 – sjötíu og fimm krónur og er þessum viðskiftum þar með lokið að öllu.

Sátt þessi var lesin upp og játuð rjett bókuð.

Tómas Jónsson Sigurlaug Pálsdóttir

Hálfdán Guðjónsson

Pálmi Pétursson

Málið nr. 1. árið 1933.

Fimmtudaginn 10. ágúst 1933, var sátta fundur settur og haldinn af sáttanefndinni í Sauðárkróks hreppi, út af kæru dags. 3. ág. þ. á. – Var þá tekið fyrir málið

№ 1 árið 1933.

H. Valdimar Guðmundsson Vallanesi

gegn

lyfsala Ole Bang Sauðárkróki.

Mál þetta er risið út af því, að kærandinn seldi kærða reiðhest snemma á þessu ári og var sölu verð ákveðið kr 400. En er kaupandi kynntist hestinum, taldi hann hestinn ekki svara að öllu leyti til þess sem um hann hafði verið sagt, og vildi því annaðhvort fá verðið lækkað eða að kaupin gengju til baka. Krefst nú seljandinn þess að kaupandinn greiði ser kr 200, sem ógreiddar eru af upphaflegu greiddu verði ásamt 5% ársvöxtum frá 1. júlí þ. á. –

Sáttatilraunin fór fram; en reyndist árangurslaus.

Málinu vísað því samkvæmt kröfu kærandans til dómstólanna.

D. u. s.

Hálfdán Guðjónsson

Pálmi Pétursson

# Málið No. 1 1934.

Ár 1934 laugardaginn 15. des. kl. 1 síðdegis var sáttafundur Sauðárkróks settur og haldinn á skrifstofu sóknarprestsins (Hofi) Sauðárkróki af sáttanefndarmönnunum sr. Helga Konráðssyni og Pálma Péturssyni.

Fyrir var tekið málið
Kristján Gíslason kaupm.
Sauðárkróki

gegn

Jóhannesi Sveinbjörnssyni,
Bejisá Sauðárkróki.

Fyrir hönd kæranda mætti hr. bóksali Lárus Blöndal með fullmakt frá kæranda til að mæta á fundinum, en kærður var mættur sjálfur.

Umboðsmaður kæranda lagði fram kæru dags. 6. des. sl. með uppáskrift sáttanefndar og stefnuvotta. Merkt No. 1

1934. Sátta var leitað í málinu en árangurslaust og vísast því málinu til aðgjörða dómstólanna eftir kröfu kæranda.

D. u. s.

Helgi Konráðsson
Pálmi Pétursson

## Málið Nr. 1 1935.

Hjónin í Hálkoti á Reykjaströnd, Árni Þorvaldsson og Sigurbjörg Hálfdánardóttir, hafa í dag, þann 1. júní 1935, verið mætt á Sauðárkróki hjá sóknarpresti Reynistaðarklaustursprestakalls af þeirri ástæðu, að Sigurbjörg er staðráðin í að skilja við mann sinn. Undirritaður hefur leitast við eftir fremsta megni að koma sáttum á milli þeirra, en árangurslaust, enda þótt Árni haldi fast við það, að gefa skilnað ekki eftir.

Vísast því máli þessu til hlutaðeigandi yfirvalda.

Þetta staðfestist hér með

Helgi Konráðsson

## Málið Nr. 2, 1935.

Ár 1935, mánudaginn 22. júlí var sáttafundur Sauðárkróks settur og haldinn í þinghúsi Sauðárkrókshrepps af sáttanefndarmönnunum síra Helga Konráðssyni og Pálma Péturssyni.

Fyrir var tekið málið
Jón Björnsson, Heiði
gegn
Baldvin Jónssyni Sauðárkrók.

Málsaðilar mættu sjálfir. Kærandi
1. lagði fram sáttakæru dags. 15. júlí sl. með áritaðri fyrirkalli og stefnubirtingu. Svohljóðandi sátt komst á:
Baldvin Jónsson tekur aftur öll ósæmileg orð og ummæli, sem hann hafi haft um Björn Gíslason og Hildi Eiríksdóttur á Gili í sambandi við göngutúr þeirra að aflokinni samkomu á Sauðárkrók þann 10. júní sl., því að hann hafi ekki verið sjónarvottur að neinu slíku.

Jafnframt lofar Baldvin að greiða til Jóns Björnssonar Kleif. fyrir þann 10. okt. n.k. krónur 50.00 – fimmtíu krónur – og áfallinn málskostnað, sem er kr. 2.50 – tvær krónur og fimmtíu aurar –. Enn og þar með ummæli þau, sem stefnt er fyrir, dauð og ómerk og aðilar sáttir heilum sáttum. Sáttanefndarmenn gefa eftir þóknun sína.

l. u. s.

Helgi Konráðsson

Pálmi Pétursson

Baldvin Jónsson,

Jón Björnsson



Ísleifur Gíslason kaupm. á Sauðárkróki hefur verið staddur hjá mér undirrituðum í dag og tjáð mér, að hann og kona hans, Engilráð Valgerður Jónasdóttir, óski eftir að fá lagaskilnað. Þau hafa verið skilin að borði og sæng síðan 1922. Sáttatilraun segir hann enga þýðingu hafa, því að bæði óski að skilja.

Þetta vottast hérmeð.

Sóknarpresturinn í Reynistaðarklausturs-prestakalli

Sauðárkróki, 22. sept. 1925

Helgi Konráðsson

# Málið No. 3 1935.

Ár 1935 fimmtudaginn 21. nóv. var sáttafundur Sauðárkróks settur og haldinn á heimili sóknarprestsins af sáttanefndarmönnunum sr. Helga Konráðssyni og Pálma Péturssyni.

Fyrir var tekið málið
Guðmundur Þóraninsson
gegn
Pétri Þorgrímssyni.

1. Málsaðilar mættu sjálfir. Kærandi lagði fram sáttakæru dags. 12. nóv. sl. með áritaðri fyrirkalli og stefnubirtingu merkta no 1. svohljóðandi:

Sátt komst ekki á og vísast því málinu til aðgjörða dómstólanna.
D. u. s.

Helgi Konráðsson   Pálmi Pétursson

# Málið No. 4 1935

Ár 1935 laugardaginn 23. nóv. var sáttafundur Sauðárkróks settur og haldinn á heimili sóknarprestsins af sáttanefndarmönnunum sr. Helga Konráðssyni og Pálma Péturssyni.

Fyrir var tekið málið:
Páll J. Briem
gegn
Páli Ögmundssyni

Málsaðilar mættu sjálfir. Kærandi
1. lagði fram sáttakæru dags. 18. nóv. sl. með áritaðri fyrirkalli og stefnubirtingu merkta no 1. svohljóðandi:

Sátt komst ekki á og vísast því málinu til aðgjörða dómstólanna.
D. u. s.

Helgi Konráðsson
Pálmi Pétursson

Kristján Guðbrandsson Heiði
33 ára gamall hefir í dag verið staddur
hjá mér undirrituðum sóknarpresti
Reynistaðarklaustursprestakalls
og tjáð mér, að það sé einlæg
ósk sín að fá lögskilnað við konu
sína, Sigríði [illegible] sem nú til
heimilis á Þóreyjarnúpi.

Þetta vottast hérmeð.

Sauðárkróki, 5. marz 1936

Helgi Konráðsson



# Málið No 1 1936.

Ár 1936 föstudaginn 13. nóvember var sáttafundur Sauðárkrókshrepps settur og haldinn á heimili sóknarprestsins, sr. Helga Konráðssonar, er mætti sem fyrsti sáttanefndarmaður og var Eysteinn Bjarnason verzlunarstjóri, sem mætti ~~var~~ eftir ósk 1. sáttasemjara, þar sem enginn sáttasemjari hefur verið skipaður í stað Pálma sál. Péturssonar kaupmanns.

Fyrir var tekið:

Málið
Jósep Jósepsson
gegn
Malfreð Friðrikssyni og Sigmundi Þorkelssyni

Málsaðilar voru mættir sjálfir. Kærandi lagði fram sáttakæru dags. 30. okt. 1936 með uppáritaðri fyrirkalli og stefnubirtingu. Sóknfært- aði.

1/.

Eftir nokkrar umræður gjörðu aðilar með sér svohljóðandi Samning:

Sigmundur Þorkelsson, Ingveldarstöðum greiði nú þegar upp í skuld þessa, er stafar af kaupum á báti er þeir keyptu í félagi af stefnandanum Jósef Josefssyni, Kr. 10,00 og eftirstöðvarnar Kr. 60,00 - sex

tíu Krónur á mestu sex árum með jöfnum afborgunum án vaxta.
Gjalddagi er 1. nóvember ár hvert.
Málfreð Friðriksson greiði nú þegar í skuld þessari við stefnandann Jósef Jósefsson, og stafar skuldin af ofannefndum bátskaupum, Kr. 5,00 og Kr. 5.00 fyrir n.k. jól og eftirstöðvarnar Kr. 60.00 – sextíu Krónur – á mestu sex árum með jöfnum afborgunum án vaxta. Gjalddagi er 15. janúar ár hvert.

Þessu til staðfestu undirskrifa aðilarnir samning þennan nú á sáttafundinum, ásamt sáttanefndarmönnunum.

D.u.s.

Málfreð Friðriksson    Jósef Jósefsson

Sigmundus    Þorkelsson

Eysteinn Jónasson    Helgi Konráðsson

Við undirritaðir höfum verið skipaðir sáttamenn í Sauðárkrókshreppi skv. lögum nr. 85 23. júní 1936.

Lofum við að rækja starf okkar með samviskusemi og óhlutdrægni eftir því sem við bezt getum innt það af höndum. Sauðárkróki, 27. janúar 1937

Helgi Konráðsson Þorv. Guðmundsson

Jón Þ. Björnsson

# Málið no 1 1937

Ár 1937 miðvikudaginn 27. janúar héldu hinir nýkjörnu sáttamenn Sauðárkrókshrepps, sr. Helgi Konráðsson og Þorvaldur Guðmundsson hreppstjóri, sáttafund á heimili fyrnefnds sáttamanns. Hófst fundurinn kl. 1 síðdegis.

Fyrir var tekið.

Málið:

Gísli Jakobsson Sauðárkróki

gegn

Sigurlaugu Sigurðardóttur s.st.

Málsaðilar voru báðir mættir sjálfir. Stefnandi lagði fram sáttakæru dgs. 19. jan. 1937 með áritaðri fyrirkalli og stefnubirtingu.

I. Svohljóðandi.

Svohljóðandi sátt komst á:

Sigurlaug Sigurðardóttir greiðir Gísla Jakobssyni fyrir 14. maí n.k.



kr. 125,00 – hundrað tuttugu og fimm – krónur – án vaxta. Og eru þau þar með hætt að öllum viðskiftum frá ábeitartíma Gísla Jakobssonar í Keldudal.

Til staðfestu eiginhandarnöfn beggja aðila og sáttamanna.

Ú. u. s.

Sigurlaug Sigurdardóttir

Gísli Jakobsson

Þorv. Guðmundsson Helgi Konráðsson

# Málið no 2. 1937.

Ár 1937 fimmtudaginn 1. júlí héldu sáttamenn Sauðárkrókshrepps Sr. Helgi Konráðsson og Þorvaldur Guðmundsson hreppstjóri sáttafund í þinghúsi hreppsins. Fundurinn hófst kl. 13.

Fyrir var tekið:

Málið

Sigurgeir Danielsson Sauðárkróki

gegn

Hjörleifi Andréssyni sst.

Málsaðilar voru báðir mættir sjálfir. Stefnandi lagði fram sáttakæru dags. 24. júní sl. með áritun fyrirkalli og stefnubirtingu,
%. svohljóðandi.

Svohljóðandi sátt komst á:

Hjörleifur Andrésson lofar að greiða Sigurgeir Danielssyni kr. 200.00 - tvö hundruð krónur - á 4 árum, með kr. 50.00 á ári án vaxta. Má hann greiða upphæð þessa hvort



heldur sem er í peningum eða með vinnu. Er skuld Hjörleifs við Sigurgeir, sem nú er kr. 850,62 - átta hundruð og fimmtíu krónur 62/100 -, þar með að fullu greidd. En standi Hjörleifur ekki við þessa sáttagjörð, áskilur Sigurgeir sér rétt til að ganga að allri skuldinni kr. 850,62 að viðbættum vöxtum.

Til staðfestu sáttagjörðar þessarar eru eiginhandarnöfn beggja aðila og sáttamanna.

Les. s.

Sigurgeir Danielsson

Hjörleifur Andrésson

Þorvaldur Guðmundsson Helgi Konráðsson

# Málið No. 3. 1937

'Ár 1937 mánudaginn 27. sept. var sáttafundur Sauðárkróks haldinn í Alþýðuhúsinu á Sauðárkróki af sáttanefndarmönnunum sr. Helga Konráðssyni og Jóni Þ. Björnssyni varasáttanefndarmanni. Fundurinn hófst kl. 13.

Fyrir var tekið
Málið
Sigurgeir Daníelsson Sauðárkróki
gegn
Pétri Jónssyni verkstjóra sst.

Málsaðilar mættu sjálfir. Stefnandi lagði fram sáttakæru dags. 14. sept. sl. með áritaðri fyrirkalli og stefnubirtingu. Svohljóðandi ./.

Eftir nokkrar umræður komu aðilar sér saman um að fresta fundi til næsta sunnudags 3. okt. kl. 5 e. h. og verði fundurinn þá haldinn heima hjá sr. Helga Konráðssyni. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

d. u. s.

Pétur Jónsson   Helgi Konráðsson   Jón Þ. Björnsson
Sigurgeir Daníelsson



# Málið No. 4 1937.

'Ár 1937 mánudaginn 27. sept. kl. 14 var sáttafundur Sauðárkróks settur í þinghúsi hreppsins á Sauðárkróki af sáttanefndarmönnunum sr. Helga Konráðssyni og Jóni Þ. Björnssyni varasáttanefndarmanni.

Fyrir var tekið
Málið
Sigurgeir Daníelsson Sauðárkróki
gegn
Sigurði Stefánssyni sst.

Stefnandi mætti og lagði fram sáttakæru dags. 14. sept. sl. með áritaðri fyrirkalli og ./. stefnubirtingu. Svohljóðandi.

Stefndur Sigurður Stefánsson mætti hvorki sjálfur né lét mæta fyrir sig. Óskar sækjandi því málinu vísað til aðgjörða dómstólanna.

d. u. s.

Helgi Konráðsson   Jón Þ. Björnsson

# Málið No 5 1937.

Ár 1937 mánudaginn 27. sept kl. 16 var sáttafundur Sauðárkróks settur og haldinn í Alþýðuhúsinu á Sauðárkróki af sáttanefndarmönnunum sr Helga Konráðssyni og Jóni Þ. Björnssyni varasáttanefndarmanni. Fyrir var tekið

Málið

Sigurgeir Daníelsson Sauðárkróki

gegn

Birni Skúlasyni ext.

Málsaðilar mættu sjálfir. Stefnandi lagði fram sáttakæru dags. 14. sept. sl. með áritaðri birtingarvottorði og stefnubirtingu ½. Svohljóðandi.

Svohljóðandi sátt komst á:
Af skuld þeirri, sem stefndur Björn Skúlason stendur í við stefnanda, Sigurgeir Daníelsson, og er að upphæð kr. 288 11/100 tvö hundruð áttatíu og átta krónur og 11/100, undirgengst Sigurgeir Daníelsson að gefa eftir kr. 188,11 - eitt hundrað áttatíu og átta krónur 11/100 -, en kr. 100,00 - hundrað krónur - skuldbindur Björn Skúlason sig til að greiða þannig: Kr. 50,00 fyrir 10. október n. k. og Kr. 50,00 fyrir júlímánaðarlok 1938 og sé það vaxtalaust.
Og eru þeir kvittir, þegar Björn hefir innt greiðslur þessar af hendi.
Til staðfestu þessa eru rituð eiginhandarnöfn beggja aðila og sáttanefndarmanna.

D. u. s.

Sigurgeir Daníelsson
Björn Skúlason
Helgi Konráðsson Jón Þ. Björnsson

Framh. Málið No 3 1937

Ár 1937 sunnudaginn 3. okt. var framhaldsfundur haldinn í málinu

Sigurgeir Daníelsson
gegn
Pétri Jónssyni

af sáttanefndarmönnunum sr. Helga Konráðssyni og Jóni St. Björnssyni varasáttanefndarmanni. Stefnandi mætti sjálfur en fyrir hönd stefnda mætti Magnús Bjarnason og lagði fram skriflegt umboð, er stefnandi tók gilt, enda hefur stefndur gild forföll (vinnumissi).

Sátt komst ekki á og óskast málinu því vísað til aðgjörða dómstólanna samkv. kröfu stefnanda.

D. u. s.

Helgi Konráðsson Jón St. Björnsson

119

96 auðar síður

Þessi bók sem hefir að geyma 166 – eitthundrað sextíu og sex – tölusett blöð og sem er gegnumdregin og útbúin með innsigli amtsins, löggildist hérmeð til þess að vera sáttabók fyrir Sauðár-sáttaumdæmi í Skagafjarðarsýslu. –

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri, 26. apríl 1899.

E.

Páll Briem.

[illegible] Nr. 791.

ISLANDS NORDR OG AUSTR AMT